



Kjörfjölskyldur ættleiddra barna af erlendum uppruna á Íslandi: undirbúningur, fræðsla og stuðningur.

Snjólaug Elín Sigurðardóttir

Lokaverkefni til MA-prófs
Háskóli Íslands
Menntavísindasvið



HÁSKÓLI ÍSLANDS

**Kjörfjölskyldur ættleiddra barna af
erlendum uppruna á Íslandi:
undirbúningur, fræðsla og stuðningur.**

Snjólaug Elín Sigurðardóttir

Lokaverkefni til MA-prófs í uppeldis- og menntunarfræði

Leiðbeinandi: Hanna Ragnarsdóttir

Uppeldis- og menntunarfræðideild

Menntavísindasvið Háskóla Íslands

Október 2012

Kjörfjölskyldur ættleiddra barna af erlendum uppruna á Íslandi:
undirbúningur, fræðsla og stuðningur.

Ritgerð þessi er 30 eininga lokaverkefni til meistaraþrófs við uppeldis- og menntunarfræðideild, Menntavísindasviði Háskóla Íslands.

© 2012 Snjólaug Elín Sigurðardóttir

Ritgerðina má ekki afrita nema með leyfi höfundar.

Prentun: Háskólaprent

Reykjavík, 2012

„No child emerges from an orphanage unscathed.“
Dana E. Johnson, barnalæknir (2010)

Formáli

Rannsóknin sem hér verður sagt frá ber heitið „Kjörfjölskyldur ættleiddra barna af erlendum uppruna á Íslandi: undirbúningur, fræðsla og stuðningur“. Hún beinir sjónum að aðstæðum kjörfjölskyldna í okkar samfélagi og var unnin sem meistaraþrófsverkefni til fullnaðar MA-gráðu í uppeldis- og menntunarfræðum með áherslu á fræðslustarf og stjórnun, fyrst við Félagsvísindasvið Háskóla Íslands og svo við Menntavísindasvið Háskóla Íslands. Vægi verkefnisins er 30 ETCS einingar. Rannsóknin var unnin á árunum 2005-2012, í tveimur lotum 2005-2006 og 2009-2012.

Leiðbeinendur við rannsóknina voru Rannveig Traustadóttir og Hanna Ragnarsdóttir, en Rannveig Traustadóttir leiðbeindi mér í fyrri hlutanum og Hanna Ragnarsdóttir í þeim seinni. Ég vil nota tækifærið og þakka þeim báðum fyrir góðar og gagnlegar ábendingar við rannsóknarvinnuna og ritgerðarsmíðina. Sérfræðiráðgjöf við verkefnið veitti Baldur Kristjánsson.

Ég vil af alhug þakka þeim foreldrum sem þátt tóku í rannsókninni fyrir að veita ómetanlega innsýn í líf sitt og barnanna sinna. Einnig vil ég þakka þeim innlendu og erlendu sérfræðingum sem veittu verðmætar upplýsingar við gagnasöfnunina. Íslensk ættleiðing veitti einnig mikilvægan stuðning og sér í lagi vil ég þakka Guðrúnu Ó. Sveinsdóttur, fyrrverandi framkvæmdastjóra, fyrir hvatningu og kærkominn stuðning. Án stuðnings systra minna og elskulegrar móður sem og margra góðra vinkvenna og vina hefði þessi rannsókn ekki orðið að veruleika og vil ég þakka þeim öllum sem sýndu verkefninu áhuga og skilning fyrir dýrmæta hvatningu sér í lagi síðustu misserin þegar veikindi knúðu dyra hjá mér og töfðu mig við þessa vinnu.

Fjölskyldu minni færi ég þakkir fyrir endalausa þolinmæði. Börnunum mínum, Einari Tudorel-Nicu, Önnu Zhu og Ingibjörgu Xiang, vil ég þakka fyrir að veita mér innblástur og fyrir að þola fjarveru mína löngum stundum. Eiginmanni mínum, Ragnari Hrafnssyni, þakka ég fyrir að stappa í mig stálinu þegar á móti blés og fyrir að standa með mér í þessari oft á tíðum erfiðu fæðingu.

Seltjarnarnesi í ágúst 2012,
Snjólaug Elín Sigurðardóttir

Ágrip

Í þessari ritgerð er sagt frá rannsókn sem fjallar um kjörfjölskyldur ættleiðdra barna af erlendum uppruna á Íslandi. Tilgangur rannsóknarinnar var að afla þekkingar á reynslu og aðstæðum þessara fjölskyldna til að auka skilning á stöðu hópsins í íslensku samfélagi. Áhersla var lögð á að kanna reynslu kjörforeldra af því að ættleiða barn af erlendum uppruna og að skoða sambandið milli undirbúnings, fræðslu og stuðnings að ættleiðingu lokinni og líðan fjölskyldna. Stefnumótun íslenskra stjórnvalda varðandi ættleiðingar var skoðuð, sem og fyrirkomulag undirbúningsfræðslu fyrir verðandi kjörforeldra og eftirfylgd og stuðningur að ættleiðingu lokinni. Gagna var aflað með viðtölum við kjörforeldra og fagaðila. Fræðilegur grundvöllur var sóttur í rannsóknir og rit um kjörfjölskyldur, kjörforeldra og kjörbörn, undirbúningsfræðslu fyrir væntanlega kjörforeldra og þörf kjörfjölskyldna fyrir eftirfylgd, ráðgjöf og stuðningi, svo kallaða PAS-þörf. Helstu niðurstöður eru að kjörfjölskyldur á Íslandi hafa, líkt og kjörfjölskyldur í öðrum löndum, ákveðna sérstöðu meðal fjölskyldna og lýtur sérstaðan að tilurð fjölskyldnanna, reynslu og fortíð kjörforeldra og kjörbarna sem og hið mikilvæga en jafnframt krefjandi uppeldis- og umönnunarverkefni kjörforeldranna. Sérstaðan hefur í för með sér þörf fyrir sértæk úrræði af hálfu samfélagsins í formi sértækrar undirbúnings- og uppeldisfræðslu og stuðningsþjónustu. Undirbúningsfræðsla fyrir væntanlega kjörforeldra uppfyllir ekki fræðsluþörf allra foreldra og þörf er á áframhaldandi þróun og útfærslu hennar og annarrar fræðslu. Skipulögð eftirfylgd eftir ættleiðingu sambærileg þeirri eftirfylgd sem aðrir íbúar landsins hafa aðgang að eftir fæðingu barns er ekki til og annar stuðningur er ófullnægjandi í núverandi mynd og uppfyllir ekki væntingar og þarfir foreldranna sem þátt tóku í þessari rannsókn. Sumir þeirra lýstu því að erfitt væri að finna úrræði við hæfi fyrir börnin og að þeir hafi mætt skilningsleysi fagfólks á sérþörfum fjölskyldunnar sem tengdust ættleiðingarreynslunni. Sérhæfð fræðsla um kjörfjölskyldur er lítil í grunn- og símenntun þeirra faghópa sem sinna þeim í starfi, til dæmis leikskólakennara, grunnskólakennara og faghópa innan félags- og heilbrigðiskerfis. Rannsóknir sýna skýrt fram á mikilvægi aðgengilegra stuðningsúrræða fyrir velferð kjörfjölskyldna bæði í ættleiðingarferlinu sjálfu sem og eftir ættleiðingu. Lög og reglugerðir kveða á um að ríkið beri ábyrgð á að undirbúa væntanlega ættleiðendur á fullnægjandi hátt fyrir ættleiðingu og að styðja við

fjölskyldurnar að ættleiðingu lokinni með viðeigandi eftirfylgd og þjónustu. Hér virðast því vera um fjölskyldur að ræða sem fara á mis við þjónustu og stuðning sem samfélagið ber ábyrgð á að veita þeim.

Lykilhugtök: Ættleiðing, kjörfjölskylda, kjörforeldrar, kjörbarn, ættleidd börn, uppeldi ættleiddra barna, undirbúningur væntanlegra kjörforeldra, ættleiðingarfræðsla, eftirfylgd, ráðgjöf og stuðningur eftir ættleiðingu, þjónusta eftir ættleiðingu.

Abstract

Families of internationally adopted children in Iceland: adoption preparation, education and support.

This thesis describes a study about adoptive families of internationally adopted children in Iceland. The purpose of the study was to gather information about the experiences and circumstances of these families in order to understand the group's status in Icelandic society. The main focus was on investigating the adoption experience of adoptive parents and the relationship between preparedness before adoption, adoption education, post-adoption support and the well-being of these families. Various important aspects were investigated: Icelandic adoption legislation, the mandatory adoption preparation course for prospective adopters and available post-adoption support. Data was gathered through interviews with adoptive parents and professionals. The theoretical basis of the study was founded on research and writings about adoptive families, adoptive parents, adopted children, preparational education for prospective adopters and about adoptive families' need for follow-up, counseling and post-adoption support. The main findings were that adoptive families in Iceland have, like adoptive families in other countries, a uniqueness pertaining to the way the families are created, the past experiences of both the adoptive parents and the adopted child and the parent's important but challenging task of raising and caring for the adopted child. This uniqueness leads to a need for specific resources in the form of specific adoptive parental education and adoption support services. The current adoptive parent preparational education does not fulfill all parents' educational needs and there is a need for continued development and further customization of the current adoptive educational curriculum and other educational resources. There is no organized follow-up after adoption comparable with the health-service provided to other families in the country after child-birth. Other support service is unsatisfactory and did not satisfy the expectations and needs of those parents participating in this study. Some parents described difficulties in finding appropriate resources for their child and reported a lack of understanding among professionals regarding the family's specific needs pertaining to the adoption experience. Specialized adoption education is scarce in undergraduate- and continuing

education of professionals serving adoptive families, e.g. kindergarten teachers, elementary school teachers and professionals within social- and healthcare. Research clearly shows the importance of readily available resources of support for the well-being of adoptive families both through the adoption process as well as post-adoption. Legislation and regulation stipulate that the state is responsible for preparing prospective adopters in a satisfactory manner prior to adoption and to support the adoptive families after adoption with appropriate follow-up and post-adoption support-service. These families therefore, seem to be missing out on service and support that society is responsible for providing them.

Key words: Adoption, adoptive family, adoptive parents, adopted children, adoptive parenting, preparation for prospective adoptive parents, adoption education, follow-up, counseling, post-adoption support, post-adoption services (PAS).

Efnisyfirlit

Formáli	3
Ágrip	5
Abstract	7
Efnisyfirlit	9
Myndaskrá.....	12
1 Inngangur	13
1.1 Tilgangur, markmið og rannsóknarspurning.....	17
1.2 Lykilhugtök og orðanotkun	18
1.3 Uppbygging ritgerðar.....	21
2 Ættleiðingar á Íslandi.....	23
2.1 Opinber stefnumótun yfirvalda	24
2.1.1 Lög og reglugerðir um ættleiðingar.....	25
2.1.2 Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna	26
2.1.3 Haag-samningurinn	26
2.1.4 Íslensk löggjöf um ættleiðingar	27
2.1.5 Löggilt ættleiðingarfélag.....	28
2.2 Félagið Íslensk ættleiðing	29
2.3 Undirbúningsfræðsla fyrir kjörforeldra.....	29
2.3.1 Lögbundið undirbúningsnámskeið fyrir væntanlega kjörforeldra.....	30
2.4 Eftirfylgd og stuðningur eftir ættleiðingu.....	32
3 Fræðilegur grunnur rannsókna.....	35
3.1 Íslenskar rannsóknir.....	35
3.2 Erlendar rannsóknir og kenningar	37
3.2.1 Kjörforeldrar	39
3.2.2 Kjörbörn.....	43
3.2.3 Geðtengsl og tengslaröskun	48
3.2.4 Undirbúningur og fræðsla fyrir væntanlega kjörforeldra....	52
3.2.5 Aðlögun ættleiddra barna	54
3.2.6 Uppeldi og umönnun ættleiddra barna.....	57

3.2.7	Stuðningur og úrræði.....	60
3.2.8	PAS (e. post-adoption services) í öðrum löndum	63
3.2.9	Samantekt.....	67
4	Framkvæmd rannsóknar	69
4.1	Rannsóknarspurning og þátttakendur	69
4.2	Aðferð	70
4.3	Undirbúningur og framkvæmd	71
4.4	Takmarkanir rannsóknarinnar	72
5	Niðurstöður	73
5.1	Um kjörfjölskyldurnar	73
5.2	Upplifun af kjörforeldrahlutverkinu.....	74
5.3	Að vera kjörfjölskylda á Íslandi	77
5.4	Biðtíminn - ósýnilega meðgangan.....	78
5.5	Fyrstu fundir barnanna við nýja foreldra	80
5.6	Fyrstu mánuðirnir saman.....	84
5.7	Lífið heldur áfram.....	86
5.8	Undirbúningur fyrir væntanlega kjörforeldra	92
5.9	Þekking hjá fagaðilum um ættleiðingar og sérstöðu kjörfjölskyldna.....	94
5.10	Stuðningur.....	97
5.10.1	Eftirfylgd eftir heimkomu	103
5.10.2	Stuðningsþörf í uppvextinum	106
5.10.3	Ráðgjöf fyrir kjörfjölskyldur	108
5.10.4	Sérstök uppeldisráðgjöf og uppeldisnámskeið fyrir kjörforeldra.....	109
5.10.5	Miðstöð fyrir kjörfjölskyldur	111
6	Umræða.....	113
6.1	Um kjörfjölskyldurnar, foreldrana og börnin; biðina og ættleiðinguna.....	113
6.2	Undirbúningur undir ættleiðingu.....	116
6.3	Undirbúningsfræðsla	117
6.4	Uppeldi og umönnun ættleiddra barna	119

6.5 Fagþekking um ættleiðingartengd málefni á Íslandi	120
6.6 Stuðningur og ráðgjöf í ættleiðingarferlinu	122
6.7 Tillögur að úrbótum	127
7 Lokaorð.....	131
Heimildaskrá.....	133
Viðauki A - Forkönnun 2002.....	141
Viðauki B – Spurningalisti til foreldra í forkönnun 2002	145
Viðauki C – Meginþemu rannsóknarinnar Kjörfjölskyldur ættleiddra barna af erlendum uppruna: undirbúningur, fræðsla og stuðningur.	151
Viðauki D - Minnisblað í viðtölum við foreldra.....	153
Viðauki E - Spurningarammi í viðtölum við foreldra	155
Viðauki F - Spurningarammi í eftirfylgniviðtölum	157
Viðauki G - Spurningarammi í viðtölum við fræðslufulltrúa Íslenskrar ættleiðingar 2005 og 2010.	161
Viðauki H - Spurningar í viðtali við fulltrúa stjórnvalda í dómsmála- og mannréttindaráðuneytinu 1. september 2010.	163
Viðauki I - Fræðslurit sem Íslensk ættleiðing hefur unnið til útgáfu.	165
Viðauki J - Stefnuskjal Nordic Adoption Council (NAC) frá árinu 2001 um þjónustu og stuðning eftir ættleiðingu á Norðurlöndum (<i>Post-Adoption Service in the Nordic Countries</i>)	167

Myndaskrá

Mynd 1 Eðlileg tengslamyndun.	49
Mynd 2 Trufluð tengslamyndun.	49
Mynd 3 Úrræði til styrktar íslenskum kjörfjölskyldum.....	129

1 Inngangur

Á undanförnum áratugum hafa kringum 600 börn af erlendum uppruna verið ættleidd með millilandaættleiðingu til Íslands frá löndum í Asíu, Suður-Ameríku og Austur-Evrópu. Þrátt fyrir þennan fjölda hafa tiltölulega fáar íslenskar rannsóknir um stöðu ættleiddra barna og kjörfjölskyldna þeirra verið gerðar hér á landi. Rannsóknin sem hér er sagt frá varpar ljósi á aðstæður íslenskra kjörfjölskyldna í ljósi erlendra rannsókna á sviðinu. En hvers vegna þarf að rannsaka kjörfjölskyldur sérstaklega? Er eitthvað sem aðgreinir þær frá öðrum fjölskyldum?

Fjölskyldumynstur hefur breyst mikið síðustu áratugi og í dag eru fjölskyldurgerðir margvíslegar í stað þess sem áður var algengast. Í greinasafninu *Fjölskyldur við aldahvörf* fjallar Sigrún Júlíusdóttir um samtímafjölskylduna sem tilfinningaeiningu og að allar fjölskyldur eigi það sameiginlegt að uppfylla þörfina fyrir að tilheyra, sækja nálægð, hlýju og vernd. Hún skilgreinir hugtakið „fjölskylda“ á þessa leið:

„Fjölskylda er hópur einstaklinga sem eiga sameiginlegt heimili þar sem þeir deila tómsfundum, hvíld, tilfinningum, efnahag, ábyrgð og verkefnum. Meðlimirnir eru oftast fullorðnar manneskjur af báðum kynjum eða einstaklingur ásamt barni eða börnum (þeirra). Þau eru skuldbundin hvert öðru í siðferðilegri, gagnkvæmri hollustu.“ (bls. 140).

Fræðimenn hafa bent á að þó að kjörfjölskylda sé ein af fjölskyldugerðum samtímans og um margt eins og aðrar fjölskyldur í samfélaginu, þá búi hún jafnframt yfir einstakri sérstöðu sem hefur með tilurð hennar að gera sem og sérstakri reynslu og fortíð kjörforeldra og kjörbarna (Silverstein og Kaplan, 1988). Kjörfjölskyldur eru líkt og aðrar fjölskyldur ólíkar innbyrðis og margbreytilegur hópur, en fræðimenn hafa bent á að þær eigi þó ýmislegt sameiginlegt. Sjö sameiginlegir grundvallarþættir (*e. core issues*) sem einkenna lífsleið meðlima ættleiðingarþríhyrningsins (kynforeldra, kjörbarns og kjörforeldra) hafa verið skilgreindir og eru þeir eftirfarandi: missir, höfnun, sekt og skömm, sorg, sjálfsmýnd, nánd og vald, og stjórnun (Silverstein og Kaplan, 1988).

Erlendar rannsóknir benda til þess að kjörfjölskyldurnar séu gjarnan sterkar fjölskyldur og að kjörforeldrar séu úrræðagóðir foreldrar sem leggi mikla áherslu á að standa sig í foreldrahlutverkinu (Hamilton, Cheng og Powell, 2007; O'Brien og Zamostny, 2003). Bent er á að aðlögunin að nýju foreldrahlutverki geti verið mjög krefjandi fyrir kjörforeldra jafnt og aðra foreldra, en að hið mikla aukaálag sem fylgir því að verða kjörforeldri geti haft í för með sér aukna hættu á vanlíðan kjörforeldra (Foli, 2010; MacRae, 2006a; MacRae, 2006b; Payne, Fields, Meuchel, Jaffe og Jha, 2010; Senecky, Agassi, Inbar, Horesh, Diamond, Bergman og Apter, 2009). Fræðimenn benda á að kjörfjölskylda er fjölskylda þar sem meðlimir, foreldrar og börn, hafa gengið í gegnum erfiða reynslu áður en fjölskyldan varð til. Sú reynsla geti haft í för með sér sérstakar þarfir og áskoranir sem reyna á getu allra fjölskyldumeðlima til að takast á við. Kjörforeldrar hafa til dæmis oft glímt við áralöng ófrjósemisvandamál og kjörbörnin koma til foreldra sinna með erfiða lífsreyslu að baki, lífsreynslu sem hefur einkennst af endurteknum missi og áföllum sem mögulega hafi haft víðtæk áhrif á þroska þeirra og líðan (Brodzinsky og Huffman, 1988; McKay, Ross og Goldberg, 2010; McKay og Ross, 2010).

Staða og reynsla íslenskra kjörfjölskyldna var tiltölulega lítið rannsökuð þar til á fyrsta áratug þessarar aldar. Áhugi fyrir því að rannsaka hópinn hefur aukist og eru nú til við íslenska háskóla nokkrar nýjar áhugaverðar námsritgerðir í grunnnámi og einstaka rannsóknarritgerði á meistarastigi sem fjalla um ýmis efni tengdum þessum fjölskyldum. Af þeim íslensku rannsóknum sem til eru, er sú stærsta og viðamesta eigindleg langtímarannsókn Hönnu Ragnarsdóttur og Elsu Sigríðar Jónsdóttur sem hófst árið 2005. Markmið hennar er að greina hagi, aðbúnað og aðlögun ættleiddra barna og fjölskyldna þeirra á Íslandi og mun hún standa yfir fram á unglingsár barnanna (Elsa Sigríður Jónsdóttir og Hanna Ragnarsdóttir, 2010a og 2010b). Einnig má hér nefna megindelega rannsókn Jórunnar Elíðóttur frá 2009 þar sem hún meðal annars skoðaði tengsl við upprunalandið og leitaði svara við ýmsu varðandi heilsufar og líðan barnanna og upplifanir foreldra af þörfinni á ráðgjöf og fræðslu (Jórunn Elíðóttir, 2009).

Eldri erlendar rannsóknir gáfu almennt til kynna að ættleiddum einstaklingum vegnaði nokkuð vel í það heila en fræðimenn í dag lýsa ættleiddum börnum sem varnarlausum og í áhættuhópi hvað varðar margs konar erfiðleika meðal annars við aðlögun, tengslamyndun, málþroska, í námi og við þróun sjálfsmýndar og etnískrar sjálfsmýndar (*e. ethnic self-identification*). Þeir segja að kjörforeldrar þurfi að beita sérstökum styðjandi uppeldisaðferðum sem leggja meðal annars áherslu á að skapa öryggi, efla

tengsl og að byggja upp sterka sjálfsmynd barnsins (Cogen, 2008; Dalen 1999; Federici (e.d.); Gray 2002; Gray 2007; Johnson 2005; Johnson 2010; Purvis og Cross 2010; Purvis, Cross og Sunshine, 2007; Shooler og Atwood, 2008).

Góður undirbúningur kjörforeldranna undir hið vandasama og mikilvæga hlutverk sem bíður þeirra sem og víðtæk þekking á kjörbörnum og aðstæðum þeirra fyrir ættleiðingu eru nauðsynleg til þess að auka getu og hæfni þeirra til að takast á við öðruvísi uppeldishlutverk, styðja við barnið við innkomu í fjölskylduna og áfram í uppveixinum og stuðla að því að það nái að þroskast og dafna á sem bestan hátt (Atkinson og Gonet, 2007; Groza, 2004; Miller, 2005).

Fjölskyldurnar, foreldrar og börn, þurfa að hafa aðgang að faglegri aðstoð og stuðningi til úrlausnar á ýmis konar vanda sem getur komið upp. Bent hefur verið á að líkamleg og andleg heilsa kjörforeldra geti haft neikvæð áhrif á andlega líðan kjörbarna og að markviss undirbúnings- og stuðningsúrræði fyrir kjörforeldrana geti stuðlað að velferð og vellíðan allrar kjörfjölskylduheimildarinnar. Aðgengi að viðeigandi stuðningsþjónustu frá fagaðilum með sérþekkingu á sérstökum þörfum kjörfjölskyldna sé lykilatriði og að gripið sé inn í með snemmtækri íhlutun (*e. early intervention*) til þess að komast hjá enn meiri erfiðleikum síðar meir (Atkinson og Gonet, 2007; Johnson 2005; Johnson 2010; Purvis o.fl., 2007; Purvis og Cross, 2010; Purvis, Cross og Pennings, 2009).

En hvernig er svo upplifun íslenskra kjörforeldra af því að ættleiða barn? Hvernig eru þeir í stakk búnir til að bregðast við nýju foreldrahlutverki og hugsanlegum erfiðleikum sem geta komið upp eftir ættleiðingu? Hvernig er undirbúningi þeirra undir nýtt foreldrahlutverk háttað? Hvert leita þeir eftir aðstoð ef þeir þurfa á henni að halda? Hvernig mæta fagaðilar á Íslandi fjölskyldunum? Hafa fagaðilar hér á landi sérþekkingu og skilning á sérstökum þörfum kjörfjölskyldna? Hver er hin opinbera stefnumörkun íslenskra stjórnvalda í málefnum kjörfjölskyldna? Það voru spurningar sem þessar sem leiddu til þess að ráðist var í gerð þessarar rannsóknar.

Einn hvatinn að gerð rannsóknarinnar voru niðurstöður meginlegrar rannsóknar sem höfundur gerði árið 2002 (N=58, svarhlutfall 67%) og fékk sú rannsókn hlutverk forkönnunar, en tilgangur hennar var að kanna hvaða fræðslu kjörforeldrar höfðu fengið fyrir og eftir ættleiðingu og hvort væntingar og kröfur foreldranna væru í samræmi við fræðsluna. Niðurstöðurnar sýndu meðal annars að undirbúningsfræðsla fyrir væntanlega kjörforeldra væri af skornum skammti og að kjörforeldrar óskuðu ásamt öðru eftir ítarlegri fræðslu um kjörbörn og aðlögun þeirra

eftir heimkomu (sjá Viðauka A og B). Annar hvati að gerð rannsóknarinnar var sá að sem kjörmóðir hafði ég áhuga og löngun til að vita hvort reynsla annarra kjörforeldra væri lík minni eigin reynslu af því að ættleiða barn af erlendum uppruna en ég er móðir þriggja ættleiddra barna á aldrinum sex til fimmtán ára. Ég lauk leikskólakennaranámi frá Uppsala háskóla í Svíþjóð og hafði því góða undirstöðuþekkingu í uppeldi og þroska barna þegar ég varð sjálf kjörmóðir í fyrsta sinn árið 2000. Hinn faglegi grunnur leikskólakennaranámsins nýttist mér afar vel í uppeldinu en fljótlega varð mér ljóst að vegna takmarkaðrar undirbúningsfræðslu og skorts á stuðningi eftir ættleiðinguna yrði nauðsynlegt fyrir mig að afla mér meiri þekkingar á sviði þroska og uppeldis ættleiddra barna svo að mér tækist vel upp við að hjálpa börnunum mínum að ná fótfestu í lífinu. Þó að ég hafi í upphafi leitað þekkingar á þessu sviði af einskærri nauðsyn og í því skyni að efla mig sem kjörforeldri, þá fann ég fljótlega að ættleiðingartengd málefni áttu hug minn allan og æ síðan hef ég haft að markmiði að stuðla að fræðslu og upplýsandi umræðu um þau. Á árunum 2001-2011 tók ég þátt í nefndarstörfum á vettvangi Íslenskrar ættleiðingar, fyrst í ritnefnd tímarits Íslenskrar ættleiðingar *Ættleiðing* frá 2001-2007 og svo í PAS-nefnd á árunum 2006-2011 (formaður 2009-2011). PAS-nefnd var sett á laggirnar hjá Íslenskri ættleiðingu árið 2006 eftir aukna alþjóðlega umræðu um þörf kjörfjölskyldna fyrir stuðning og ráðgjöf í ættleiðingarferlinu og er PAS stytting á enska heitinu *post-adoption services*. Vegna tengsla minna við Íslenska ættleiðingu hef ég haft hlutverk stuðningsforeldris og veitt kjörforeldrum leiðsögn og handleiðslu gegnum árin. Til að efla fagþekkingu mína hef ég sótt flesta fræðslufundi og fyrirlestra um ættleiðingartengd efni sem haldnir hafa verið hér á landi undanfarinn áratug með innlendum og erlendum sérfræðingum auk þess að taka þátt í nokkrum ráðstefnum um ættleiðingar; heimsráðstefnu um ættleiðingarrannsóknir sem haldin var í Danmörku 2005, norrænar ráðstefnur um ættleiðingar í Reykjavík 2009 og í Stokkhólmi 2011, ráðstefnuna *The Connected Child* í North Carolina í Bandaríkjunum árið 2010 þar sem fjallað var um kjörfjölskyldur, ættleidd börn og nálgun þeirra. Löngun til að læra meira um það hvernig hægt er að styðja við barn með erfiða fortíð líkt og þá sem mörg ættleidd börn eiga að baki leiddi til þess að ég innritaðist árið 2010 í framhaldsnám við *Institute of Child Development* við Texas Christian University í Fort Worth, Texas, Bandaríkjunum og hlaut þar þjálfun í *TBRI® Professional Training Program* (*TBRI®* er stytting úr ensku fyrir *Trust Based Relational Intervention*), sjá nánar í kafla 3, bls. 59. Stofnunin *Institute of Child Development* og stjórnendur hennar, Karyn Purvis og David Cross, aðalhöfundar bókarinnar *The Connected Child*, eru í fararbroddi meðal þeirra fræðimanna sem

rannsaka og leita leiða til að mæta þörfum fjölskyldna barna með erfiðan bakgrunn (*e. at-risk children*) (Purvis o.fl, 2009; Purvis og Cross, 2010; Smith, 2010).

Gegnum árin hef ég kynnst mörgum kjörforeldrum og kjörbörnum og hlustað á frásagnir þeirra. Fjölbreytnin í kjörfjölskylduhópnum er mikil og hafa kynnin af hverjum og einum gefið mér góða og verðmæta innsýn í heim kjörfjölskyldna þar sem mörgum fjölskyldum gengur vel að feta sig áfram í lífinu, á meðan aðrar kljást við ýmsar áskoranir. Samfélag kjörfjölskyldna á Íslandi er lifandi samfélag innan samfélagsins en af ýmsum ástæðum hefur það ekki verið sérlega áberandi. Fjölskyldur sem ættleiða börn frá öðrum löndum auka á margbreytileikann í samfélaginu og það er mikilvægt að hið fjölmenningslega samfélag, sem er að þróast á Íslandi eins og víða annars staðar, einkennist af umburðarlyndi og virðingu. Rannveig Traustadóttir bendir á í grein sinni *Menningslegur margbreytileiki á Íslandi*, að rannsóknir sýni að umburðarlyndi, gagnkvæmur skilningur, virðing og aukin þekking á aðstæðum hvers annars séu lykilatriði ef takast á að skapa réttlát og friðsöm fjölmenningsfélög. Hún telur brýnt að fram fari rannsóknir sem séu til þess fallnar að afla þekkingar á stöðu fólks af minnihlutahópum hérlendis til að möguleiki gefist á að skilja stöðu hópanna svo að fagfólk sem mætir þeim öðlist meiri þekkingu á málefnum og sérstöðu þeirra og geti þannig sinnt þeim af skilningi og þekkingu (Rannveig Traustadóttir, 2001). Hin síðari ár hafa verið gerðar nýjar og stórar rannsóknir um fjölmenningsfélagið á Íslandi eins og sjá má í bókunum *Fjölmennig á Íslandi* (Hanna Ragnarsdóttir, Elsa Sigríður Jónsdóttir og Magnús Bernharðsson, 2007) og *Fjölmennig og skólustarf* (Hanna Ragnarsdóttir og Elsa Sigríður Jónsdóttir, 2010). Það er von mín að rannsóknin „Kjörfjölskyldur ættleiddra barna af erlendum uppruna á Íslandi: undirbúningur, fræðsla og stuðningur“ auki enn á þekkingu og skilning svo hægt verði að bæta stöðu og hag kjörfjölskyldna hér á landi.

1.1 Tilgangur, markmið og rannsóknarspurning

Rannsóknin var unnin með aðferðum eigindlegra rannsókna og fór vinnsla og gagnaöflun fram á árunum 2005-2012, aðallega í tveimur lotum 2005-2006 og 2009-2012. Tilgangur hennar var að afla þekkingar á kjörfjölskyldum og aðstæðum þeirra til að auka skilning á stöðu hópsins í íslensku samfélagi. Markmiðið var að skoða reynslu og upplifun foreldra af því að ættleiða barn frá útlöndum og var áhersla lögð á að skoða sambandið milli undirbúningsfræðslu, eftirfylgdar og stuðnings að ættleiðingu lokinni og líðan fjölskyldna.

Rannsóknarspurningin sem lá til grundvallar rannsókninni var:

Hver er reynslan af því að ættleiða barn af erlendum uppruna og hvernig er upplifun foreldra af undirbúningsfræðslu, eftirfylgd og stuðningi að ættleiðingu lokinni?

Til að svara rannsóknarspurningunni voru tekin viðtöl við tólf foreldra ættleiddra barna. Nokkur meginþemu voru skilgreind í upphafi rannsóknarinnar sem mynduðu svo ramma sem unnið var út frá og sem viðtalsspurningar (sjá Viðauka D, E og F) voru samdar eftir. Þemun fjölluðu meðal annars um kjörforeldra og kjörbörn og líðan þeirra, undirbúningsfræðslu, ættleiðinguna sjálfa, tímann eftir ættleiðingu, úrræði til að styðja við fjölskyldurnar að ættleiðingu lokinni og fagþekkingu á sviðinu (sjá Viðauka C). Til að fá sem gleggsta mynd af aðstæðunum var meðal annars skoðuð stefnumótun íslenskra stjórnvalda varðandi ættleiðingar fram til ársins 2012, skoðað fyrirkomulag og umfang undirbúningsfræðslu fyrir varðandi kjörforeldra og fyrirkomulag og umfang eftirfylgdar og stuðningsúrræða að ættleiðingu lokinni. Til að fá skýra mynd og sem nákvæmastar upplýsingar voru viðtöl tekin við ýmsa aðila: tvo fræðslufulltrúa hjá Íslenskri ættleiðingu (annar jafnframt formaður félagsins) árið 2005, fræðslufulltrúa og formann hjá Íslenskri ættleiðingu árið 2010, barnalækni 2008, skrifstofustjóra í Dóms- og mannréttindamálaráðuneytinu árið 2010, félagsráðgjafa hjá þjónustustofnun fyrir fjölskyldur árið 2011, barnageðlækni árið 2011, tvo félagsráðgjafa hjá MIA árið 2005, Myndigheten för Internationella Adoptionsfrågor í Stokkhólmi, miðstjórnarvaldið í Svíþjóð sem ber ábyrgð á framkvæmd ættleiðingarmála í landinu, og forstöðumann hjá Resurscenter för adopterade och deras familjer, einnig í Stokkhólmi árið 2011. Einnig var fylgst náið með umræðu í fjölmiðlum, dagblöðum, útvarpi og sjónvarpi sem og netmiðlum. Að auki var skoðað hvernig foreldraundirbúningi og eftirfylgd og stuðningi að ættleiðingu lokinni er háttað í nágrannalöndum okkar.

1.2 Lykilhugtök og orðanotkun

Þessi ritgerð fjallar um kjörfjölskyldur sem hafa frumættleitt börn með millilandaættleiðingu og nota ég aðallega hugtökin kjörbarn/ættleitt barn, kjörforeldrar og kjörfjölskylda í umfjöllun minni.

Sögnin **að ættleiða** þýðir „að taka e-n sér í sonar (dóttur) stað, gera e-n að kjörbarni sínu.“ (*Íslensk orðabók*, 2005).

Hugtakið **kjörbarn** er notað um það barn sem hefur verið ættleitt af **kjörforeldrum** sínum (*Íslensk orðabók*, 2005). Við ættleiðingu öðlast kjörbarn sömu réttarstöðu gagnvart kjörforeldrum, ættmennum þeirra og þeim sem eru í kjörsifjum við þá eins og væri það eigið barn kjörforeldra, nema lög mæli á annan veg. Frá sama tíma falla niður lagatengsl barnsins við kynforeldra þess, önnur ættmenni og þá sem eru í kjörsifjum við þá, nema lög kveði öðruvísi á (*Lög um ættleiðingar*, nr. 130/1999).

Í *Íslenskri orðabók* er ekki að finna hugtakið **kjörfjölskylda** sem er sú fjölskyldueining sem kjörforeldrar og kjörbarn mynda og sem verður til við ættleiðingu. Samkvæmt Árnastofnun eru engar öruggar heimildir til um hvaðan orðin kjörbarn, kjörforeldrar og kjörfjölskylda eru upprunnin. Orðin kjörbarn (í merkingunni „barn sem er ættleitt“) og kjörforeldrar (í merkingunni „hjón sem hafa ættleitt barn“) koma fyrir í textum frá fyrri hluta síðustu aldar. Örugg dæmi eru til dæmis að finna í *Íslenskri þjóðfélagsfræði* eftir Einar Arnórsson frá 1915. Svo virðist sem orðið kjörbörn hafi áður verið notað í merkingunni óskabörn, til dæmis: Við hjónin höfum eignast kjörbörnin; bæði eru þau efnileg.“ (Árnastofnun, tölvupóstur, 29. júlí 2011). Hugtökin koma einnig fram í rituðu máli í bókinni *Um ættleiðingu* eftir Símon Jóh. Ágústsson sem Bókaverzlun Sigfúsar Eymundssonar gaf út árið 1964, eða fyrir tæpri hálfri öld síðan.

Mikilvægt er að gera greinarmun á hugtökunum **kjörfjölskylda**, **stjúpfjölskylda** og **fósturfjölskylda**, en tvær síðastnefndu fjölskyldugerðirnar eru af öðrum toga en kjörfjölskyldur.

Samkvæmt íslenskum lögum er hægt að ættleiða barn með þremur mismunandi leiðum, gegnum **frumættleiðingu**, **stjúpættleiðingu** eða með **alþjóðlegri fjölskylduættleiðingu**. Í 1. kafla, 1. greinar í *Reglugerð um ættleiðingar* nr. 238/2005 stendur: „Með orðinu **frumættleiðing** er átt við ættleiðingu á barni sem ekki er barn eða kjörbarn maka umsækjanda, sambúðarmaka eða maka í staðfestri samvist.“ Hér er um ættleiðingu barns að ræða sem hefur engin líffræðileg tengsl við nýja foreldra. Við ættleiðingu er stofnað til nýrra fjölskyldutengsla og tengsl við upprunafjölskyldu barnsins rofna. Frumættleiðingar eru annars vegar ættleiðingar innanlands og hins vegar ættleiðingar milli landa (Hrefna Friðriksdóttir, 2011). Enn fremur kemur fram í reglugerðinni að: „Með orðinu **stjúpættleiðing** er átt við ættleiðingu á barni eða kjörbarni maka umsækjanda, sambúðarmaka eða maka í staðfestri samvist.“ Í stjúpættleiðingu er því kynbarn annars makans ættleitt af nýjum maka sem er ekki líffræðilega skylt barninu. Með

orðunum **alþjóðleg fjölskylduættleiðing** er átt við „ættleiðingu erlends ríkisborgara eða fyrrum erlends ríkisborgara, sem á fasta búsetu hér á landi, á tilteknu barni, sem er umsækjanda náskylt og sem er búsett í upprunalandi hans. Þetta á við hvort sem umsækjandi sækir einn um ættleiðingu eða með maka sínum.“ Í alþjóðlegri fjölskylduættleiðingu er kjörbarnið því náskylt þeim aðila sem ættleiðir það. Í þeim ritum um ættleiðingar sem til eru á íslensku kemur fram mismunandi hugtakanotkun þegar fjallað er um ættleiðingar barna frá útlöndum. Hugök sem oftast koma fyrir eru **millilandaættleiðing** og **alþjóðleg ættleiðing** (e. *intercountry adoption, international adoption*) og eru þau notuð nokkuð samhliða í rituðu máli um ættleiðingar á erlendum börnum.

Í umfjöllun um ættleiðingar er venja að nota hugtakið **ættleiðingarþríhyrningur/ættleiðingarþrenna** (e. *adoption triad*) sem táknar aðilana sem tengjast með ættleiðingu, þ.e. kynforeldrar barns, kjörbarn og kjörforeldrar: Kynforeldrar barnsins, oft ung einstæð móðir, sem vegna fátæktar, veikinda eða félagslegra aðstæðna geta ekki eða óska ekki eftir því að annast barnið; kjörbarnið, sem var yfirgefið af kynforeldrum sínum; kjörforeldrar, oft á tíðum félagslega vel stæð, sem þrá að eignast barn. Einnig má sjá hugtakið **ættleiðingarferhyrningur/ættleiðingarferna** (e. *adoption quadrangle*) í umfjöllun um ættleiðingar, en þá er ættleiðingarsérfræðingum (e. *adoption specialists*) bætt við sem fjórða aðila þessa sambands (Palacios og Brodzinsky, 2010).

Þegar fjallað er um þarfir sem snúa að **þjónustu og stuðningi** að ættleiðingu lokinni í þessari ritgerð er notað hugtakið **PAS-þörf/þarfir kjörfjölskyldna** (e. *post-adoption service needs of adoptive families*). Styttin **PAS** er notuð í umræðu á alþjóðavettvangi þegar fjallað er um þjónustu og stuðning við kjörfjölskyldur að ættleiðingu lokinni. Í skilgreiningu *Nordic Adoption Council (NAC)* segir í stuttu máli að PAS sé fjölþætt aðstoð, jafnt fagleg sem og félagsleg, til handa þeim sem hafa þörf fyrir stuðningi sem tengist ættleiðingunni. Markmiðið með PAS er að aðstoða fjölskyldur, börn og foreldra, við að aðlagast á sem bestan hátt að lokinni ættleiðingu. PAS nær jafnt til kjörbarna, kjörforeldra sem og störfjölskyldunnar. Aðstoð þessi getur verið veitt með margbreytilegum hætti, til dæmis í formi fræðslu og foreldrastarfs auk annarra þátta, eins og þjónustu ýmissa faghópa svo sem félagsráðgjafa, sálfræðinga, talmeinafræðinga, uppeldisfræðinga, fjölskylduráðgjafa sem á einn eða annan hátt geta stutt við bakið á meðlimum kjörfjölskyldna (sjá nánar í Viðauka J) (Nordic Adoption Council, 2001).

1.3 Uppbygging ritgerðar

Ritgerðin skiptist í sex kafla auk ágríps, formála og lokaorða. Fyrsti kafli er inngangur þar sem rök eru færð fyrir vali á verkefninu og tilgangi, markmiðum og rannsóknarspurningu lýst. Einnig er farið yfir lykilhugtök og hugtakanotkun í ritgerðinni.

Kafli tvö fjallar um ættleiðingar á Íslandi þar sem meðal annars er gerð grein fyrir stefnumótun yfirvalda í málefnum kjörfjölskyldna á Íslandi og skoðuð undirbúningsfræðsla og eftirfylgd og stuðningur fyrir verðandi kjörforeldra.

Í þriðja kafla er fjallað um kjörfjölskyldur, kjörforeldra og kjörbörn, um undirbúning og undirbúningsfræðslu væntanlegra kjörforeldra, um aðlögun og uppeldi ættleiddra barna og um þörf kjörfjölskyldna fyrir eftirfylgd, ráðgjöf og stuðningi að ættleiðingu lokinni eða PAS-þörf kjörfjölskyldna.

Í fjórða kafla er aðferðafræðilegri nálgun rannsóknarinnar lýst. Sagt er frá rannsóknaraðferðum og framkvæmd rannsóknarinnar, þátttakendum, gagnasöfnun og greiningu og úrvinnslu gagnanna.

Í kafla fimm eru kynntar helstu niðurstöður úr viðtölum við kjörforeldrana sem þátt tóku í rannsókninni og í kafla sex eru niðurstöðurnar teknar saman og ræddar. Í kafla sjö eru nokkur lokaorð og aftast eru heimildaskrá og viðaukar.

2 Ættleiðingar á Íslandi

Í þessum kafla verður stuttlega gert grein fyrir sögu ættleiðinga á Íslandi, opinberri stefnumótun stjórnvalda, félaginu Íslensk ættleiðing og undirbúningsfræðslu, eftirfylgd og stuðningi fyrir kjörfjölskyldur.

Ættleiðingar hér á landi á fyrri hluta síðustu aldar voru fyrst og fremst innanlandsættleiðingar og fór ættleiðingum á íslenskum börnum ört fjölgandi frá árinu 1940. Milli 1948 og 1962 voru alls 1128 einstaklingar ættleiddir á Íslandi og þar af voru 388 ættleiðingarleyfanna veitt milli 1959 og 1962 eða 97 að jafnaði árlega. Var helsta ástæðan fyrir ættleiðingu barns erfiðar félagslegar aðstæður einstæðra íslenskra mæðra (Símon Jóh. Ágústsson, 1964).

Heimildir um fyrstu millilandaættleiðingarnar eru fáar en fyrstu börnin sem voru ættleidd til Íslands komu frá Danmörku og Þýskalandi á fyrri hluta síðustu aldar. Allra fyrsta ættleiðingin á barni frá Danmörku var fyrir meira en 80 árum síðan og eru sumir þeirra einstaklinga sem ættleiddir voru frá Þýskalandi um fimmtugt eða eldri í dag. Opinberar tölur yfir fjölda millilandaættleiðinga eru ekki til frá þessum tíma og erfitt að áætla hversu margar þær voru, ef til vill kringum 20 talsins frá Þýskalandi, en væntanlega voru fleiri ættleiðingar frá nágrannalöndum sem voru ekki mikið ræddar opinberlega vegna þess að ættleiðingar voru á þessum tíma feimnismál fyrir marga. Fyrstu íslensku ættleiðingarlögin eru frá 1953 svo líklega hefur enginn haft yfirsýn yfir ættleiðingar hér á landi fyrir þann tíma. Fyrsti einstaklingurinn sem var ættleiddur með millilandaættleiðingu frá fjarlægri heimsálfu fæddist á Indlandi árið 1966. Nú eru einnig rúmlega 40 ár síðan ættleiðingar frá Suður-Kóreu hófust og er fyrsti einstaklingurinn sem var ættleiddur þaðan fæddur árið 1969 (Guðrún Ó. Sveinsdóttir, tölvupóstur, 3. júní 2011).

Upphaf ættleiðingarfélagsins Íslenskrar ættleiðingar má rekja allt til ársins 1978 þegar fjölskyldur sem ættleitt höfðu frá Suður-Kóreu stóðu fyrir stofnun félags um ættleiðingar sem hét Ísland-Kórea. Ísland-Kórea sameinaðist síðar öðru félagi Ísland-Guatemala en nafnið Íslensk ættleiðing var tekið upp árið 1981. Á fyrstu 20 starfsárunum 1978-1998 voru um 330 erlend börn ættleidd til Íslands fyrir milligöngu félagsins. Flest börn á þeim árum komu frá Kóreu, Indónesíu, Sri Lanka, Indlandi, Kólumbíu, Tyrklandi, Líbanon og Gvatemala (Ingibjörg Birgisdóttir, 2008).

Frá upphafi hafa um 600 börn af erlendum uppruna verið ættleiðd til Íslands frá löndum í Asíu, Suður-Ameríku og Austur-Evrópu. Hagstofa Íslands hefur tekið saman heildartölur um fjölda frumættleiðinga frá útlöndum til Íslands og á bilinu 1990 - 2007 voru þær alls 309 talsins. Fjöldi ættleiðinga á ári var breytilegur á þessu tímabili, 18 til 24 talsins á ári, flestar frá Indlandi (Hagstofa Íslands, 2008, 2). Ættleiðingum frá Indlandi hefur fækkað hin síðari ár, en eftir að samstarf hófst milli Íslands og Kína árið 2002 hafa flest börn komið þaðan. Nýrri tölur frá Hagstofu Íslands sýna að á milli árána 1990-2011 voru alls 373 börn frumættleiðd til Íslands með millilandaættleiðingu (Hagstofa Íslands, 2012).

Íslensk ættleiðing hefur lengst af verið eini aðilinn á Íslandi sem haft hefur löggildingu stjórnvalda til að annast milligöngu um ættleiðingar á börnum erlendis frá. Árið 2009 öðlaðist nýtt ættleiðingarfélag, Alþjóðleg ættleiðing, löggildingu íslenskra yfirvalda og hafði félagið samstarfssamninga við Tógó og Pólland. Ekkert barn kom til Íslands á vegum Alþjóðlegrar ættleiðingar, en árið 2010 sameinaðist Alþjóðleg ættleiðing Íslenskri ættleiðingu sem tók yfir samstarfssamningana við Tógó og Pólland. Samstarfslönd Íslands á sviði ættleiðinga voru árið 2011 alls 9 talsins, Kína, Kólumbía, Indland, Tékkland, Makedónía, Tæland, Nepal, Pólland og Tógó. Íslensk ættleiðing hefur einnig unnið að því að koma á samningum við fleiri lönd, Filippseyjar, Rússland og Suður-Afríku. Langflest þeirra barna sem frumættleiðd eru frá útlöndum eru á fyrsta og öðru aldursári og hefur aldur þeirra farið hækkandi síðustu árin. Í upphafi árs 2011 voru alls um 100 fjölskyldur á biðlista eftir að ættleiða barn hjá Íslenskri ættleiðingu (Morgunblaðið, 2011). Í september 2012 voru 46 fjölskyldur á biðlista eftir að ættleiða barn hjá félaginu og 37 fjölskyldur í undirbúningsferli undir að senda umsókn til útlanda (Íslensk ættleiðing, 2012).

2.1 Opnber stefnumótun yfirvalda

Hér verður gerð grein fyrir opinberri stefnumótun íslenskra stjórnvalda í ættleiðingum. Sagt verður frá alþjóðlegum samningum og sáttmálum sem íslensk stjórnvöld hafa undirritað sem og lögum og reglugerðum er varða millilandaættleiðingar og sem fjalla um hlutverk og skyldur yfirvalda hvað varðar undirbúning væntanlegra kjörforeldra og stuðning að ættleiðingu lokinni. Að lokum verður sagt frá hlutverki Íslenskrar ættleiðingar með tilliti til undirbúningsfræðslu og ráðgjafar og þjónustu eftir að ættleiðing hefur átt sér stað.

Ættleiðingar eru hluti af fjölskylduréttinum og heyra undir innanríkisráðuneytið á meðan á ættleiðingarferlinu stendur og þar til barnið fær réttarstöðu kjörbarns hér á landi. Að ættleiðingu lokinni hefur kjörbarnið og foreldrar þess sömu stöðu og aðrir íbúar landsins. Ættleiðingar sem málaflökkur heyrir því undir innanríkisráðuneytið í aðdraganda ættleiðingarinnar, en á sér engan sérstakan stað í stjórnáslunni að ættleiðingu lokinni heldur heyrir þá undir fleiri ráðuneyti, svo sem heilbrigðisráðuneyti, félagsmálaráðuneyti [nú velferðarráðuneytið – innsk.rannsakanda]. Sveitarfélög þar sem kjörfjölskyldurnar búa starfa á grundvelli laga um félagsþjónustu og meðal þess sem félagsþjónustan á að sinna eru kjörfjölskyldur (Kistrún Kristinsdóttir, munnleg heimild, 1. september 2010).

2.1.1 Lög og reglugerðir um ættleiðingar

Íslensk stjórnvöld hafa skilgreint stefnu sína í ættleiðingarmálum og er fjallað um þær í ættleiðingarlögum og reglugerðum um ættleiðingar. Auk íslenskra laga og reglugerða lýtur framkvæmdin þeim reglum sem aðild Íslands að tveimum alþjóðlegum samningum kveða á um, *Samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins* (Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna) frá 1989 og samningi um vernd barna og samvinnu varðandi ættleiðingar milli landa eða *Haag-samningurinn* frá 1993. Grunnhugsunin í báðum þessum samningum er sú að öll börn eigi að fá tækifæri til að alast upp innan fjölskyldu, við hamingju, ást og skilning svo að persónuleiki þeirra geti mótast á heilsteypant og jákvæðan hátt. Íslensk stjórnvöld hafa með aðild að þessum samningum skuldbundið sig til að starfa í þeim anda og samkvæmt þeim reglum sem þar koma fram. Þegar fjölskylda getur ekki af einhverjum ástæðum annast um barn sitt, getur ættleiðing verið lausn til þess að barnið eignist nýja fjölskyldu. Í þessum aðstæðum er barnið í mjög varnarlausri stöðu. Samkvæmt íslenskum lögum og alþjóðlegum sáttmálum á þess vegna að gæta þess að engir aðrir hagsmunir megi hafa forgang umfram hagsmuni barnsins þegar ákvörðun um ættleiðingu er tekin. Samfélagið ber ábyrgð á því að ef til ættleiðingar komi, skuli ávallt gæta þess að hún sé besta lausnin fyrir barnið. Í upprunalöndum barnanna kanna yfirvöld fyrst hvort barnið geti öðlast nýja fjölskyldu í heimalandinu. Ef enginn möguleiki finnst kanna yfirvöld hvort það er barninu fyrir bestu að verða ættleitt af fjölskyldu í öðru landi.

Framfaraspor í málaflöknum ættleiðingar var stigið árið 2011 þegar gefin var út skýrslan *Ættleiðingar á Íslandi: - í þágu hagsmuna barns* - (Hrefna Friðriksdóttir, 2011). Skýrslan var unnin fyrir dómsmála- og mannréttindaráðuneytið af Rannsóknarstofnun Ármanns Snævarr um

fjölskyldumálefni og er hún úttekt á ættleiðingum á Íslandi. Í skýrslunni koma fram ábendingar um þróun löggjafar og stjórnáslu á sviði ættleiðinga hér á landi. Í kjölfar útgáfu skýrslunnar skipaði innanríkisráðherra starfshóp til að fara yfir tillögurnar í henni og undirbúa breytingar á löggjöf og reglum varðandi ættleiðingar á Íslandi. Í ársbyrjun 2012 birtist áfangaskýrsla starfshóps í ættleiðingarmálum og kemur þar fram að áætlað er að drög að lagafrumvarpi liggja fyrir á árinu 2012 (Innanríkisráðuneytið, 2011; Innanríkisráðuneytið, 2012).

2.1.2 Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna

Í Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna má finna reglur um grundvallarmannréttindi barna og þar má einnig lesa um þær skyldur sem sáttmálinn leggur á aðildarríkin til að grípa til aðgerða til að tryggja velferð barna, meðal annars á sviði mennta-, heilbrigðis- og félagsmála. Í 6. grein sáttmálans kemur fram að aðildarríki eigi að viðurkenna rétt sérhvers barns til að lifa og til að þroskast. Aðildarríki eigi að hlúa að öllum börnum þannig að þau geti búið við bestu mögulegu skilyrðin í uppveksti sínum (Umboðsmaður barna, 2011).

2.1.3 Haag-samningurinn

Haag-samningurinn fjallar um samvinnu milli upprunaríkis og móttökuríkis og skilgreinir skilyrði sem eiga að vera fyrir hendi í móttökuríkinu til að tryggja bestu uppvaxtarskilyrði barnsins og til að tryggja að hagsmunir barnsins séu ávallt hafðir að leiðarljósi við millilandaættleiðingu. Árið 2008 var gefin út Gæðahandbók um framkvæmd Haag-samningsins, *The Implementation and Operation of the 1993 Hague Intercountry Adoption Convention: Guide to Good Practice. Guide no.1.*, þar sem fjallað er ítarlega um framkvæmd ákvæða samningsins (HCCH, 2008).

Í 7. kafla Gæðahandbókar Haag-samningsins er meðal annars fjallað um undirbúning væntanlegra kjörforeldra og þjónustu og stuðning að ættleiðingu lokinni. Þar kemur meðal annars fram að móttökuríki skuli sjá til þess að yfirvöld tryggi væntanlegum kjörforeldrum nauðsynlega ráðgjöf í aðdraganda ættleiðingarinnar í formi þjálfunar og undirbúningsfræðslu. Yfirvöld skuli veita þjálfun og fræðslu í því skyni að undirbúa væntanlega kjörforeldra undir þá ávinninga og jafnframt þær áskoranir sem geta fylgt því að ættleiða barn. Væntanlegir kjörforeldrar þurfi að skilja að fullu hið raunverulega ástand eða úr hvernig kringumstæðum sum ættleidd börn koma. Þrátt fyrir að vera komin inn í ástríkt umhverfi munu sum börn með erfiðan bakgrunn eða sögu áfalla að baki ekki aðlagast inn í nýja fjölskyldu vegna þess að þau hafa lært af fyrri reynslu að fullorðnum er ekki

treystandi. Væntanlegir kjörforeldrar gætu átt erfitt með að skilja af hverju barnið bregst ekki við hlýju og ástúð þeirra og gætu því þurft á stuðningi að halda þegar slíkt gerist. Stuðningur eftir ættleiðingu á einnig að vera foreldrum aðgengilegur við erfið tímamót í uppvesti barnsins.

Í 9. kafla Gæðahandbókarinnar er fjallað um þjónustu að ættleiðingu lokinni. Þar kemur fram að ættleiðing sé ekki stakur viðburður í lífi einstaklings heldur lífslangt ferli og að aðild að sáttmálanum setji skyldur á stjórnvöld að veita þjónustu að ættleiðingu lokinni og áfram í uppvesti kjörbarnsins. Eðli og umfang þjónustunnar er ekki tilgreind í Gæðahandbókinni en þar stendur að ríki eigi að gera allar viðeigandi ráðstafanir til að stuðla að því að hún sé veitt. Ennfremur er bent á mikilvægi tengsla milli undirbúningsfræðslu og þjónustu eftir ættleiðingu og að það beri að líta á þessa þætti sem samfellu. Þar segir einnig að í raun sé hægt að réttlæta nauðsynlega þjónustu og stuðning gegnum allt ættleiðingarferlið í ljósi þess að það má líta á kjörforeldra sem lykilaðila í barnavernd.

Í grein 584 er fjallað um mikilvægi ráðgjafar í öllu ættleiðingarferlinu fyrir alla aðila ættleiðingarþríhyrningsins; kjörbarns, kynforeldra og kjörforeldra, bæði í aðdraganda ættleiðingar og við aðlögun barns og foreldra eftir ættleiðingu. Lögð er áhersla á mikilvægi þess að fjölskyldur hafi aðgang að ráðgjöf fagfólks með sérþekkingu og sérmenntun á sviðinu. Bent er á að styrking þjónustuúrræða eftir ættleiðingu virki sem forvörn og geti komið í veg fyrir alvarlegri vandamálum barnsins í framtíðinni. Það leiði á endanum til sparnaðar fyrir samfélagið í heild.

2.1.4 Íslensk löggjöf um ættleiðingar

Í *Lögum um ættleiðingar* nr. 130/1999, VI kafla, er fjallað um ættleiðingar barna erlendis frá. Þar stendur að dómsmálaráðherra hafi yfirumsjón með framkvæmd Haag-samningsins frá 29. maí 1993 um vernd barna og samvinnu varðandi ættleiðingu milli landa og takist á hendur vegna íslenska ríkisins þau verkefni og skuldbindingar sem hvíla á svonefndu miðstjórnvaldi samkvæmt samningnum. Haag-samningurinn tryggir meðal annars að það sé ráðherra sem löggildir félög til að hafa milligöngu um ættleiðingar barna erlendis frá. Ráðherra setur einnig reglur um skilyrði fyrir löggildingu ættleiðingarfélaga, en löggilding er veitt til þriggja ára í senn og hefur ráðherra eftirlit með starfsemi þeirra. Ráðherra getur afturkallað löggildingu ef félag fullnægir ekki lengur skilyrðum fyrir henni. Þessar ráðstafanir eru til þess fallnar að tryggja velferð barns við ættleiðingu og þannig er stuðlað að

því að ættleiðingin fari fram í samræmi við lög beggja ríkja og alþjóðlegar skuldbindingar (Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 2007).

Með tilkomu *Reglugerðar um ættleiðingar* nr. 238/2005, var skylt að sækja undirbúningsnámskeið fyrir ættleiðingar barna af erlendum uppruna áður en forsamþykki var gefið út. Árið 2009 tóku gildi breytingar á reglugerðinni og nú er leyfilegt að gefa út forsamþykki áður en umsækjendur hafa sótt námskeið hafi námskeið ekki verið haldið frá því að umsókn um forsamþykki barst sýslumanni.

Þann 1. janúar 2007 tóku lög gildi þess efnis að kjörforeldrar eigi rétt á ættleiðingarstyrk með hverju barni sem þeir ættleiða (*Lög um ættleiðingarstyrki* nr. 152/2006). Ísland var lengi vel eina landið á Norðurlöndum sem ekki veitti fjármagn úr ríkissjóði til þessa hóps foreldra og var með þessari breytingu á lögum mikið jafnréttismál í höfn. Ættleiðingarstyrkurinn var í upphafi ársins 2007 eingreiðsla upp á kr. 480.000,- og hefur upphæðin verið endurskoðuð á tveggja ára fresti síðan og er nú kr. 568.682,- (*Reglugerð um breytingu á reglugerð* nr. 950/2007, um ættleiðingarstyrki).

2.1.5 Löggilt ættleiðingarfélag

Löggilt ættleiðingarfélag hefur margvíslegu hlutverki að gegna í ættleiðingarferlinu. Auk milligöngu í ættleiðingarmálum þá er í 5. grein *Reglugerðar um ættleiðingarfélög* nr. 453/2009 kveðið á um að löggilt ættleiðingarfélag beri ábyrgð á því að væntanlegir kjörforeldrar sæki námskeið til undirbúnings ættleiðingu á erlendu barni og í 20. grein stendur að löggilt ættleiðingarfélag eigi að halda námskeið um ættleiðingar erlendra barna fyrir þá sem óska eftir því að ættleiða barn frá öðru landi. Löggilt ættleiðingarfélag hefur einnig hlutverki að gegna eftir ættleiðingu, en í reglugerðinni er kveðið á um að félagið beri ábyrgð á því að sinna ráðgjafarþjónustu um ættleiðingar og veiti auk þess félagsmönnum sínum þjónustu eftir að ættleiðing hefur átt sér stað og er það í samræmi við 9. kafla Haag-samningsins, en í þeirri grein er fjallað um hlutverkið að „stuðla að þróun ráðgjafarþjónustu um ættleiðingar og því að veitt sé þjónusta að aflokinni ættleiðingu.“ Enn fremur kemur fram í 16. grein *Reglugerðar um ættleiðingarfélög* að „stjórnarmenn félags, starfsmenn og aðrir sem kunna að vinna í þágu félagsins, skulu hafa þekkingu á þeim málum er varða ættleiðingar á erlendum börnum.“ Eftirlit með starfsemi ættleiðingarfélags er sem fyrr segir í höndum innanríksiráðuneytis.

2.2 Félagið Íslensk ættleiðing

Félagið Íslensk ættleiðing (ÍÆ) hefur gegnt lykilhlutverki í ættleiðingum á Íslandi en félagið er eina löggilta ættleiðingarfélagið hér á landi sem hefur löggildingu stjórnvalda til að starfa við milligöngu um ættleiðingar á börnum erlendis frá. Á heimasíðu félagsins kemur fram að meginmarkmið þess séu:

- að aðstoða þá sem vilja ættleiða börn af erlendum uppruna og ávallt þannig að hagsmunir barnsins sitji í fyrirrúmi
- að stuðla að velferð kjörfjölskyldna
- að vinna að velferðarmálum barna erlendis

Starf ÍÆ tekur mið af Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna og Haag-samningnum og miðast jafnframt við siðareglur *EurAdopt* sem eru samtök ættleiðingarfélaga í Evrópu sem ÍÆ er aðili að. Félagið starfar einnig innan *NAC (Nordic Adoption Council)*. Nokkrar nefndir hafa verið starfandi á vegum félagsins í gegnum tíðina en allt nefndarstarf ÍÆ hefur ávallt verið unnið í sjálfboðavinnu af félagsmönnum; ritnefnd, skemmtinefnd, fjárflounarnefnd og PAS-nefnd (sjá nánar um PAS-nefnd í kafla 2.4. Eftirfylgd og stuðningur eftir ættleiðingu). Um árabíl hefur félagið, auk miðlunarhlutverki um ættleiðingar, sinnt öllu námskeiðahaldi fyrir væntanlega kjörforeldra sem og margvíslegu fræðslu- og félagsstarfi sem hefur meðal annars falist í miðlun upplýsinga gegnum vef- og fésbókarsíðum félagsins, útgáfustarfsemi með útgáfu tímaritsins *Ættleiðing* milli 1998 og 2008 og *Vefrits Íslenskrar ættleiðingar* frá árinu 2008, útgáfu fræðsluefnis (sjá Viðauka I), fyrirlestrarhaldi með innlendum og erlendum sérfræðingum, málþingum, reglulegum spjallkvöldum, árlegum útilegum, jólaskemmtunum og fjölskylduviðburðum yfir vetrartímenn.

2.3 Undirbúningsfræðsla fyrir kjörforeldra

Á Íslandi hefur Íslensk ættleiðing alla tíð haft umsjón með undirbúningsfræðslu væntanlegra kjörforeldra, en það er svipað fyrirkomulag og var til dæmis í Svíþjóð á árum áður þegar ættleiðingarfélög sáu um að halda utan um fræðslu fyrir væntanlega kjörforeldra þar í landi, en Svíar féllu frá því fyrirkomulagi þar sem talið var að þarna gætu orðið hagsmunaárekstrar (Marie Alm og Lovisa Samarrko, Myndigheten för internationella adoptionsfrågor (MIA), munnleg heimild, 16. september 2005).

Skipulagt fræðslustarf hjá Íslenskri ættleiðingu hófst árið 1997. Fræðslustarfið var framan af unnið í sjálfböðavinnu að mestu leyti og jókst umfang og inntak undirbúningsfræðslunnar hægt og bítandi. Á tímabilinu 1997-2002 var undirbúningsfræðsla væntanlegra foreldra í formi fjögurra klukkustunda undirbúningsnámskeiðs. Haustið 2002 var tekið upp nýtt þrískipt fræðsluskipulag þar sem boðið var upp á þrjú mismunandi námskeið í aðdraganda ættleiðingar. Hvert námskeið miðaðist við mismunandi stig ættleiðingarferilsins og voru kennslustundir alls 8 talsins. Árið 2005 var nýtt, endurbætt og lögbundið undirbúningsnámskeið fyrir verðandi kjörforeldra tekið í notkun hér í landi í samræmi við 20. grein *Reglugerðar um ættleiðingar* 238/2005. Frá byrjun var lögð áhersla á að umsækjendur sæktu námskeiðið snemma í ferlinu áður en endanleg ákvörðun um að sækja um vilyrði fyrir ættleiðingu á erlendu barni lægi fyrir. Fræðsluskipulag Íslenskrar ættleiðingar var þá sem fyrr þrískipt og í framhaldinu var reynt að halda því fyrirkomulagi (Guðrún Ó. Sveinsdóttir, munnleg heimild, 6. september 2009).

Fyrst er að nefna hið lögbundna skyldunámskeið *Undirbúningsnámskeið fyrir umsækjendur um ættleiðingu erlends barns* í umsjá fræðslufulltrúa ÍÆ. Það er alls 20 klukkustundir að lengd og ætlað ættleiðendum sem ættleiða í fyrsta sinn en ekki er boðið upp á námskeið fyrir þá sem eru að ættleiða í annað eða þriðja sinn. Í öðru lagi er boðið upp á fyrirlestur um umönnun ungra barna þar sem farið er yfir það sem lýtur að líkamlegu heilbrigði kjörbarna og í þriðja lagi skipuleggur félagið ferðafyrirlestur þegar nær dregur ættleiðingu. Á þeim fundi er farið yfir helstu atriði varðandi ættleiðingarferðina sjálfa. Sá fundur er í umsjá kjörforeldra sem áður hafa farið í ættleiðingarferð. Ekki er boðið upp á sérstakt námskeið eftir ættleiðingu (Hörður Svavarsson, munnleg heimild, 14. september 2010).

2.3.1 Lögbundið undirbúningsnámskeið fyrir væntanlega kjörforeldra

Undirbúningsnámskeiðið sem tekið var í notkun árið 2005 hefur verið notað að mestu leyti óbreytt frá upphafi. Námskeiðið er byggt upp að danski fyrirmynd með námsefni frá sálfræðingnum Lene Kamm, brautryðjanda á Norðurlöndum á sviði kjörforeldrafraeðslu. Lene Kamm kom hingað til lands til að liðsinna Íslenskri ættleiðingu í uppbyggingu og þróun fræðslunnar, velja námskeiðshaldara og þjálfar þá og hefur sama fræðsluefni eftir hana verið notað í þróun undirbúningsfræðslu fyrir kjörforeldra á flestum hinna Norðurlandanna, til dæmis í Noregi og í Svíþjóð. Námsefnið fjallar um millilandaættleiðingar almennt, kynforeldrana, kjörbarnið og bakgrunn

þess, væntanlega kjörforeldra, kjörfjölskyldur og að lokum framhald ættleiðingarferlisins. Fræðsluefnið er almennt og geta allir verðandi kjörforeldrar notað það burtséð frá aldri eða upprunalandi barns. Fyrirverandi fræðslufulltrúar Íslenskrar ættleiðingar, Ingibjörg Birgisdóttir og Ingibjörg Jónsdóttir, ásamt Guðrúnu Ó. Sveinsdóttur, fyrrum framkvæmdastjóri ÍÆ, þýddu og staðfærðu efnið (Ingibjörg Birgisdóttir og Ingibjörg Jónsdóttir, munnleg heimild, 21. nóvember 2005; Íslensk ættleiðing, 2005).

Á undirbúningsnámskeiðinu er lögð áhersla á að ræða við þátttakendur um það sem skilur kjörforeldra frá öðrum foreldrum, að þeir hugleiði og ræði um það sem þeir hafa gengið í gegnum áður hvað varðar barnleysi/ófrjósemi og hugleiði vel hvort þeir séu tilbúnir til þess að ættleiða barn. Bent er á að nýja barnið megi ekki verða uppbót, „varadekk á bílinn“, eitthvað sem kemur í staðinn fyrir barnið sem kom ekki eða „óskabarnið“. Mælt er með því að væntanlegir kjörforeldrar vinni með eigin sorg vegna barnleysisins áður en þeir ættleiða. Hjá Íslenskrri ættleiðingu hefur verið lögð áhersla á að fólk klári tilraunir með glasa- og tæknimeðferð áður en byrjað er í ættleiðingafæri. Þátttakendur eru hvattir til að spyrja mikið og áhersla lögð á að það sé engin spurning röng og að það séu engin rétt eða röng svör, heldur að það mikilvægasta sé að ræða saman um þessi mál og velta þeim fyrir sér á heiðarlegan hátt. Á þessum vettvangi eru þátttakendur að tala um mjög viðkvæma og persónulega hluti en allt sem fram fer er í fyllstum trúnaði. Matslisti hefur verið lagður fyrir að námskeiðum loknum og virðist almenn ánægja vera meðal þátttakenda (Hörður Svavarsson, munnleg heimild, 14. september 2010; Ingibjörg Birgisdóttir og Ingibjörg Jónsdóttir, munnleg heimild, 21. nóvember 2005). Í skýrslunni *Reglur um inntak, skipulag og gjaldtöku vegna undirbúningsnámskeiða fyrir þá sem óska eftir að ættleiða erlent barn*, sem unnin var fyrir dómsmála- og mannréttindaráðuneytið og birt árið 2010, kemur fram að námsefnið sem ÍÆ notar á undirbúningsnámskeiðinu hafi hentað vel og sannað gildi sitt. Mælt er með því að halda sams konar undirbúningsnámskeið áfram en að æskilegt sé að aðskilja námskeiðahaldið frá þeirri hagsmunagæslu sem löggilt ættleiðingarfélag hefur með höndum og færa ábyrgð á námskeiðahaldinu yfir til ráðuneytisins (Hrefna Friðriksdóttir, 2010). Þetta er sams konar þróun og sjá mátti í Svíþjóð á sínum tíma þegar undirbúningsfræðslan var færð frá ættleiðingarfélögum vegna mögulegra hagsmunaárekstra.

2.4 Eftirfylgd og stuðningur eftir ættleiðingu

Við myndun kjörfjölskyldu og eftir að ættleitt barn hefur komið inn í hana bera stjórnvöld ábyrgð á því að fjölskyldan fái viðeigandi heilbrigðis- og félagsþjónustu líkt og aðrir landsmenn. Þegar ættleitt barn kemur fyrst til Íslands ber kjörforeldrum að færa það til ítarlegrar heilbrigðis skoðunar á Barnaspítala Hringins. Það er Gestur Pálsson barnalæknir sem annast skoðunina en hann hefur skoðað öll ættleidd börn sem komið hafa til Íslands frá árinu 1981. Ítarleg skoðun á heilsufari barnsins er framkvæmd þar sem eftirfarandi þættir eru athugaðir: þyngd, lengd, ummál höfuðs, húð, hár, hjarta, lungu, lifur, milta, eitla og ytri kynfæri. Almennt næringarástand er einnig metið auk þess sem framkvæmd er blóðrannsókn til að athuga blóðleysi og beinkröm. Einnig er blóðið skimað með tilliti til lifrabólgu, alnæmi, efnaskiptasjúkdóma ofl. Berklapróf er gert og röntgenmynd tekin af lungum sem og tekið þvagsýni og saursýni. Ef ekkert óeðlilegt kemur í ljós í heilbrigðis skoðuninni og ef engin sérstök vandamál eru til staðar, er barninu vísað í ungbarnaeftirlit á viðkomandi heilsugæslustöð. Gestur Pálsson hefur bent öllum kjörforeldrum á þann möguleika að hringja á Barnaspítalann ef þörf er á (Gestur Pálsson, munnleg heimild, 6. september 2008; Landlæknisembættið, 2010).

Heilsugæslustöðvar hafa á sinni könnu að sinna öllu ungbarnaeftirlit á Íslandi með því markmiði að styðja við heilsu og þroska barna frá fæðingu til 6 ára aldurs. Þegar barn fæðist inn í fjölskyldu sinna hjúkrunarfræðingar eftirfylgd fyrst eftir heimkomu. Þegar nýtt ættleitt barn kemur inn í kjörfjölskyldu er hins vegar engin sérstök eða sérsniðin eftirfylgd af hálfu heilsugæslustöðva í líkingu þess sem gerist þegar barn fæðist þar sem hjúkrunarfræðingur fylgir fjölskyldunni eftir fyrsta tímann, heldur einskorðast þjónustan við almenna heilbrigðisþjónustu, svo sem vigtun og bólusetningar og þjónustu eftir þörfum.

Sveitarfélög í landinu hafa almennt félagsþjónustu með höndum, en hvað varðar félagsþjónustu til kjörfjölskyldna hér á landi þá hefur ekki verið um neina skipulagða stuðnings- og ráðgjafarþjónustu að ræða þar.

Samkvæmt *Reglugerð um ættleiðingarfélög* nr. 453/2009 ber Íslensk ættleiðing hins vegar ábyrgð á því að sinna ráðgjafarþjónustu um ættleiðingar og veita félagsmönnum sínum þjónustu eftir að ættleiðing hefur átt sér stað. Samkvæmt upplýsingum frá Íslenskri ættleiðingu hefur fyrirkomulag stuðnings og eftirfylgdar af hálfu ÍÆ verið þannig að framkvæmdastjóri setur sig í samband við fjölskyldur á meðan þær eru erlendis, hringir í fjölskylduna viku eftir heimkomu og svo mánuði síðar.

Aftur er haft samband að sex mánuðum liðnum þegar kemur að fyrstu eftirfylgniskýrslunni sem unnin er af félagsráðgjafa. Einnig er öllum nýjum fjölskyldum boðið á fjölskyldumorgna hálfsmánaðarlega og eru foreldrar þá spurðir hvort þeir hafi þörf fyrir eitthvað sérstakt, þ.e. einhverja fræðslu eða eitthvað innlegg (Kristinn Ingvarsson, tölvupóstur, 10. mars 2011).

PAS-nefnd var sett á laggirnar hjá Íslenskri ættleiðingu árið 2006 og starfaði hún í umboði stjórnar ÍÆ til ársins 2011. Frá upphafi var lögð áhersla á mikilvægi góðs undirbúnings fyrir ættleiðingu sem og ráðgjöf og stuðning að ættleiðingu lokinni. Í nefndinni sátu lengst af 5-6 aðilar úr röðum félagsmanna ÍÆ og fram til ársins 2009 einnig framkvæmdastjóri félagsins. Nefndar meðlimir höfðu, auk nefndarstarfa, hlutverk stuðningsforeldra hjá félaginu en þeir voru ávallt kjörforeldrar með viðtæka reynslu af ættleiðingum og margvíslegan faglegan bakgrunn sem nýttist í starfinu. Metnaður nefndarinnar lá í að skilgreina, þróa og efla starf Íslenskrar ættleiðingar og finna leiðir til að styðja með faglegum hætti við bakið á kjörfjölskyldum enda var markmið nefndarinnar í samræmi við eitt af þremur meginmarkmiðum félagsins sem er að stuðla að velferð kjörfjölskyldna. Helstu verkefni nefndarinnar voru margvísleg, meðal annars að skipuleggja málþing fyrir félagsmenn að minnsta kosti annað hvert ár, að standa fyrir mánaðarlegum spjallkvöldum fyrir félagsmenn um ýmis málefni er varða kjörfjölskylduna, að standa fyrir fyrirlestrum um ættleiðingartengd málefni með innlendum og erlendum sérfræðingum 1-2 sinnum á ári, stuðla að komu erlendra fyrirlesara og skipuleggja heimsóknir þeirra til Íslands í samvinnu við stjórn ÍÆ og starfsmenn skrifstofunnar, taka þátt í umönnunarnámskeiðum fyrir foreldra, miðlun upplýsinga, fræðsluefnis og fleiru á lokuðu eða opnu svæði á heimasíðu ÍÆ, hafa umsjón með þýðingum og útgáfu fræðsluefnis um ættleiðingartengd efni, taka þátt í þróun úrræðna fyrir kjörfjölskyldur í samvinnu við fagaðila og stofnanir og veita stuðning og ráðgjöf (Íslensk ættleiðing, 2011a; Íslensk ættleiðing, 2011b).

PAS-nefndin hafði frumkvæði að því að stuðla að greiðara aðgengi kjörforeldra að þeim fagaðilum með sérþekkingu um málefni kjörfjölskyldna sem eru til staðar á Íslandi og í því skyni var tekinn saman listi yfir fagaðila og hann birtur á heimasíðu ÍÆ. Nefndin lagði einnig áherslu á nauðsyn þess að hefja þróun ráðgjafarþjónustu fyrir kjörforeldra að ættleiðingu lokinni. Í því skyni var sett á fót ráðgjafarþjónusta félagsráðgjafa hjá félaginu árið 2007, þjónusta sem féll niður síðar sama ár en tekin aftur upp fjórum árum síðar 2011. Árið 2009 hófst ráðgjafarþjónusta talmeinafræðings sem féll niður árið 2010. Hún var tekin aftur upp um skamma hríð árið 2011 en féll aftur niður. Árið 2011 skipulögðu meðlimir PAS-nefndar nýtt samstarf við fagaðila Æfingastöðvarinnar við Háaleitisbraut. Um var að ræða úrræði fyrir

kjörfjölskyldur á fyrsta ári eftir heimkomu þar sem sérfræðiteymi Æfingastöðvarinnar sinnti eftirfylgd að ættleiðingu lokinni með tilliti til hreyfifærni barnsins og skynreiðu. Í teyminu eru iðjuþjálfari og sjúkraþjálfari sem hafa reynslu að því að vinna með ættleidd börn. Þeir hlutu handleiðslu tveggja meðlima PAS-nefndarinnar í útfærslu þjónustunnar. PAS-nefndin lagði einnig áherslu á mikilvægi þess að hugað væri vandlega að þekkingu allra þeirra aðila sem vinna með málefni kjörbarna á stöðu og hagsmunum þessara barna. Í því skyni var samið bréf til heilbrigðisstarfsmanna um land allt um sérþarfir ættleiddra barna sem þurfa á aðgerðum að halda.

3 Fræðilegur grunnur rannsókna

Í þessum hluta ritgerðarinnar er fræðileg umfjöllun um efnið. Reynt verður að varpa ljósi á hvernig rannsóknir greina frá sérstöðu kjörfjölskyldna, kjörforeldra og kjörbarna. Fyrst er kafli um helstu íslenskar rannsóknir á ættleiðingarsviðinu sem tengjast efni þessarar ritgerðar og þar næst er sagt frá þróun erlendra rannsókna. Þar á eftir er dregin saman þekking um kjörfjölskyldur úr erlendum heimildum og rannsóknum. Þar sem fáar íslenskar rannsóknir eru til enn sem komið er, var fyrst og fremst stuðst við erlendar rannsóknir og rit sem fjalla um kjörfjölskyldur, kjörforeldra og kjörbörn, um undirbúning og undirbúningsfræðslu fyrir væntanlega kjörforeldra, um aðlögun og uppeldi ættleiddra barna, og um þörf kjörfjölskyldna fyrir eftirfylgd, ráðgjöf og stuðningi að ættleiðingu lokinni, svo-kallaða PAS-þörf kjörfjölskyldna.

3.1 Íslenskar rannsóknir

Rannsóknir á stöðu kjörbarna og fjölskyldna þeirra voru lítið sem ekkert gerðar hér á landi fram að seinni hluta fyrsta áratugar þessarar aldar. Gestur Pálsson barnalæknir er sá eini sem hefur gert athuganir og tekið saman upplýsingar um heilsufar ættleiddra barna við komuna til Íslands, en hann hefur safnað gögnum síðustu 25 árin og er þar um að ræða einstakt safn upplýsinga sem hefur vakið verðskuldaða athygli erlendis (Ingibjörg Birgisdóttir, 2008). Síðustu ár hefur áhugi aukist verulega fyrir því að rannsaka hópinn og eru nú til við íslenska háskóla nokkrar áhugaverðar námsritgerðir í grunnnámi og einstaka rannsóknarritgerð á meistarastigi sem fjalla um ættleiðingartengd málefni frá ýmsum hliðum. Tvær rannsóknir hafa auk þess verið gerðar af dósentum við Háskóla Íslands og Háskólann á Akureyri sem gefa von um fleiri rannsóknir á sviðinu í framtíðinni. Þessar rannsóknir gefa mikilvægar upplýsingar um íslenskar kjörfjölskyldur. Hér á eftir verður gefið stutt yfirlit yfir helstu ritgerðir og rannsóknir sem vitnað er til í þessari ritgerð.

Megindlega rannsóknin *Hvernig farnast ættleiddum börnum á Íslandi?* sem var B.A.-verkefni í sálfræði, kannaði heilsu og líðan ættleiddra barna á Íslandi og var hún á vegum Barna- og unglíngageðdeildar Landspítalans í samvinnu við Háskóla Íslands og Íslenska ættleiðingu. Markmið hennar var

að auka skilning á almennri líðan ættleiddra barna á Íslandi og aðstæðum þeirra (Björg Sigríður Hermannsdóttir og Linda Björk Oddsdóttir, 2006). Stjórnendur rannsóknarinnar voru Málfríður Lorange, taugasálfræðingur og Dagbjörg Sigurðardóttir, barnageðlæknir. Grein um rannsóknina birtist í Læknablaðinu 1/2012 (Málfríður Lorange, Kristín Kristmundsdóttir, Guðmundur Skarphéðinsson, Björg Sigríður Hermannsdóttir, Linda Björk Oddsdóttir og Dagbjörg B. Sigurðardóttir, 2012). Til stendur að fylgja þessari rannsókn eftir (Dagbjörg Sigurðardóttir, munnleg heimild, 23. febrúar 2011).

„Það væri gott að vera ekki alltaf sérfræðingurinn.“ Eigindleg rannsókn á þjónustu við ættleidd börn af erlendum uppruna í ung- og smábarnavernd. Upplifun foreldra, var eigindleg rannsókn til B.Sc.-gráðu í hjúkrunarfræði frá Háskólanum á Akureyri sem kannaði hvort foreldrar ættleiddra barna af erlendum uppruna upplifðu að þeir höfðu fengið viðeigandi þjónustu og ráðleggingar með börn sín í ung- og smábarnavernd (Ásgerður Magnúsdóttir og Þuríður Katrín Vilmundardóttir, 2008).

Árið 2005 hófst fyrsta rannsóknin á Íslandi á þessu sviði sem ekki er framkvæmd af nemendum háskólanna. Baldur Kristjánsson og Hanna Ragnarsdóttir, dósentar við Menntavísindasvið Háskóla Íslands hófu rannsóknina. Baldur hefur dregið sig í hlé, og Hanna Ragnarsdóttir stjórnar nú rannsókninni ásamt Elsu Sigríði Jónsdóttur fyrrverandi lektor við sama skóla. Rannsóknin sem er langtímarannsókn mun standa yfir fram á unglingsár kjörbarnanna í fjölskyldunum sem taka þátt. Markmið rannsóknarinnar er að greina hagi, aðbúnað og aðlögun ættleiddra barna og fjölskyldna þeirra á Íslandi. Lykilþátttakendur rannsóknarinnar eru kjörforeldrar og börn þeirra ættleidd frá Indlandi og Kína á árunum 2002 og 2004. Rannsóknin stendur enn yfir (Elsa Sigríður Jónsdóttir og Hanna Ragnarsdóttir, 2010a; Elsa Sigríður Jónsdóttir og Hanna Ragnarsdóttir, 2010b).

Rannsókn Jórunnar Elíðóttur dósents við Háskólann á Akureyri, *Börn ættleidd frá Kína og foreldrar þeirra – þegar heim er komið og daglegt líf tekur við*, var meginindleg og gerð árið 2009. Markmið rannsóknarinnar var að auka þekkingu og skilning á málefnum er varða ættleidd börn frá Kína og foreldra þeirra. Í rannsókninni voru meðal annars skoðuð tengsl við upprunalandið og leitað svara við ýmsu varðandi heilsufar og líðan barnanna og upplifanir foreldra á þörfinni fyrir ráðgjöf og fræðslu (Jórunn Elíðóttir, 2009).

Rannsóknir eins og þær sem nefndar hafa verið hér að framan auka skilning á aðstæðum kjörfjölskyldna í íslensku samfélagi og varpa ljósi á þær

frá ýmsum hliðum, frá aðlögun og heilsufari kjörbarna til upplifana kjörforeldra. Elstu einstaklingarnir sem voru ættleiddir til Íslands eru núna orðnir fullorðnir einstaklingar á fimmtugsaldri. Ekki hefur verið fylgst sérstaklega með þeim né athugað hvernig þeim hefur vegnað, en að kanna reynslu og líðan uppkominna einstaklinga sem voru ættleiddir til Íslands í æsku er mjög áhugavert og verðugt framtíðarrannsóknarverkefni á nýju og vaxandi fræðasviði á Íslandi.

3.2 Erlendar rannsóknir og kenningar

Erlendar rannsóknir um ættleiðingar (*e. adoption studies/adoption research*) hófust í byrjun 7. áratugar síðustu aldar hjá þeim þjóðum sem fyrstar voru til að ættleiða börn frá öðrum löndum, þ.e. í Bandaríkjunum og í Svíþjóð. Flestar rannsóknir frá 1970-1999 voru gerðar hjá nágrannaþjóðum okkar, í Svíþjóð, Danmörku, Finnlandi og Noregi. Auk þess voru gerðar rannsóknir á ættleiðingum í Bandaríkjunum, Kanada, Bretlandi, Þýskalandi, Hollandi og Ástralíu (Dalen, 1999). Frá upphafi ættleiðingarrannsókna má greina þrjár stefnur/áherslur (*e. trends*) sem snúa fyrst og fremst að sálfræðilegu, vitrænu og líkamlegu varnarleysi ættleiddra barna og aðlögun þeirra inn í nýja fjölskyldu. Fyrsta alda rannsókna lagði áherslu á að rannsaka áhættur samfara ættleiðingunni sjálfri og aðlögun eftir ættleiðingu; þar næst komu fram áherslur í rannsóknum á hæfileika barna til að jafna sig á ný eftir mótlæti og erfiðleika snemma á lífsleiðinni og að síðustu hafa nú komið fram áherslur í ættleiðingarrannsóknum sem snúa að líffræðilegum, sálfélagslegum og aðstæðubundnum áhrifavöldum á aðlögun ættleiddra barna. Þessar nýjustu áherslur í ættleiðingarrannsóknum hafa að markmiði það að undirstrika taugalífeðlisfræðilega þætti (*e. neurobiological factors*), þroskalega þætti (*e. developmental factors*) og þætti tengda samskiptum/tengslum (*e. relational factors*) sem koma við sögu í reynslunni af ættleiðingu. Palacios og Brodzinsky gera grein fyrir því að nýjar áherslur í ættleiðingarrannsóknum eigi rætur að rekja til frumkvöðla eins og Kirk en hann var fyrsti fræðimaðurinn sem gerði grein fyrir mikilvægi þess að gera greinarmun á milli reynslu kjörfjölskyldna og annarra fjölskyldna. Kirk lagði áherslu á að viðurkenning á því að munur væri á því að vera kynforeldri og kjörforeldri væri nauðsynleg svo hægt yrði að takast á við annars konar uppeldi og aukaáskoranir í uppeldi ættleiddra barna og fjölskyldulífinu öllu. Kirk útskýrði meðal annars hugtakið *role handicap in adoptive parents*, eða vöntun á kjörforeldrafyrirmyndum, í ritinu *Shared Fate. A theory of adoption and mental health* árið 1964 og lagði áherslu á að kjörforeldra vanti oft á tíðum fyrirmyndir í nánasta umhverfi sínu og að þeir noti tvær

ólíkar aðferðir til að takast á við efasemdir sínar og tilfinningar, annars vegar með því að afneita að það sé munur á milli kjörforeldra og kynforeldra og hins vegar að viðurkenna að munurinn sé til staðar. Samkvæmt Kirk eru kjörforeldrar sem viðurkenna að munur sé á kjörfjölskyldum og öðrum fjölskyldum samúðarfullri og opnari gagnvart ættleiddum börnum sínum með tilliti til ættleiðingartengdra þátta og að sú nálgun stuðli að heilbrigðara sambandi milli kjörforeldris og kjörbarns og betra fjölskyldulífs (Brodzinsky og Huffman, 1988; Palacios og Brodzinsky, 2010).

Eldri rannsóknir gáfu almennt til kynna að ættleiddum einstaklingum vegnaði nokkuð vel í það heila og lýðfræðilegar kannanir sýndu fram á að meirihluti ættleiddra barna og unglínga vegnaði vel í nýjum fjölskyldum og löndum, eða um 75%. Þær bentu hins vegar einnig til þess að um 25-30% kjörbarna glíma við ýmsa erfiðleika í uppvextinum svo sem í málprosa, námi, og við þróun sjálfsmýndar og etnískrar sjálfsmýndar (*e. ethnic self-identification*) (Dalen, 1999). Rannsókn Hjern, Lindblad og Vinnerljung (2002) í Svíþjóð á uppkomnum ættleiddum einstaklingum leiddi í ljós að á unglingsárunum og fyrstu fullorðinsárunum voru einstaklingar sem voru ættleiddir í æsku til Svíþjóðar í meiri hættu á því að eiga í aðlögunarerfiðleikum (*e. maladjustment*) en þeir sem fæddir voru í Svíþjóð og sem bjuggu hjá kynforeldrum sínum. Þeir voru þrisvar til fimm sinnum líklegri til þess að fremja eða gera tilraun til sjálfsvígs, verða lagðir inn til meðferðar vegna geðrænna erfiðleika eða að misnota áfengi eða eiturylf. Langflestir þeirra sem tóku þátt í rannsókninni vegnaði hins vegar vel, eða um 84% drengja og 92% stúlkna (Hjern, Lindblad og Vinnerljung, 2002). Önnur rannsókn frá Svíþjóð sýndi að tíunda hver ættleidd kona erlendis frá í Svíþjóð hafði reynt að fremja sjálfsmorð (Claesson, Hofverberg, Hübinette, Hübinette og Jarnlo, 2002).

Alþjóðlegur áhugi á málefnum kjörfjölskyldna hefur farið vaxandi á undanförunum árum og rannsóknir um kjörfjölskyldur hafa aukist gríðarlega hin síðustu ár. Í dag er almennt viðurkennt að kjörfjölskyldur, bæði kjörforeldrar og börn, kljást við margs konar áskoranir sem tengjast ættleiðingarreynslunni og að mikilvægt sé bæði fyrir foreldra og fyrir fagfólk að viðurkenna að svo sé. Víða í Evrópu, Bandaríkjunum og Ástralíu er nú unnið að viðamiklum rannsóknum um ættleiðingar. Nágrannar okkar á Norðurlöndum hafa verið framtakssamir í rannsóknum á sviðinu og hefur til dæmis umfangsmiklu rannsóknarverkefni nú verið hrint í framkvæmd í Finnlandi sem áhugavert er að fylgjast með. Sanna Mäkipää kynnti rannsóknarverkefnið á Ráðstefnu *Nordic Adoption Council* sem haldin var í Reykjavík árið 2009. Verkefninu sem nefnist FINADO, er ætlað að rannsaka líkamlegt og andlegt heilsufar allra erlendra kjörbarna í Finnlandi frá

upphafi ættleiðinga þar í landi í kringum 1970 en yfir 3300 börn hafa verið ættleidd til Finnlands frá öðrum löndum frá þeim tíma. Markmið FINADO rannsóknarinnar eru meðal annars að varpa ljósi á aðstæðurnar sem kjörbörnin bjuggu við fyrir ættleiðingu, skoða þátt líkamlegra og andlegra áhrifavalda í aðlögun kjörbarna inn í kjörfjölskyldur og kanna hver þörfin er á heilbrigðis- og félagsþjónustu í tengslum við ofangreind atriði. Rannsóknin er þverfagleg og koma fulltrúar margra fagstétta að henni (Sanna Mäkipää, munnleg heimild, 5. september 2009).

Á Íslandi hefur ekki verið framkvæmd rannsókn af sambærilegri stærðargráðu og FINADO rannsóknin, en slík rannsókn væri mjög þarft verkefni til að varpa heildarljósi á reynslu allra íslenskra kjörfjölskyldna. Milli 1990-2011 voru 373 börn frumættleidd til Íslands með millilandaættleiðingu (Hagstofa Íslands, 2012) og eru þau flest í dag innan við 18 ára aldur. Standist tölur eins og til dæmis Dalen bendir á, að 25-30% allra ættleiddra barna kljást við erfiðleika svo sem í málproska, námi, og við þróun sjálfsmyndar og etnískrar sjálfsmyndar, þá gætu yfir 100 ættleidd börn undir 18 ára aldri á Íslandi átt í þess konar erfiðleikum (Dalen, 1999).

3.2.1 Kjörforeldrar

Fjallað hefur verið ítarlega um hið langa og margþætta ferli við að verða kynforeldri, allt frá getnaði, meðgöngu, barnsfæðingu og til uppvaxtartímans. Að verða foreldri hefur þýðingu bæði fyrir einstaklinginn og fyrir samfélagið í heild (White og Woollett, 1993). Fátt veldur meiri breytingum á lífi og aðstæðum einstaklingsins en að verða foreldri og bera ábyrgð á lífi lítils barns. Flestir foreldrar eiga það sameiginlegt að búa yfir löngun til að eignast barn og hlúa að því, að fá tækifæri til að elska og verða elskaður, að finna tilgang í lífinu. Kjörforeldrar eru engin undantekning þar á en að verða kjörforeldri og að ala upp ættleitt barn er einstök reynsla sem um margt er frábrugðin reynslu annarra foreldra.

Rannsóknir um aðlögun kjörforeldra að nýju hlutverki eru fáar í samanburði við fjöldann allan af rannsóknnum um aðlögun kynforeldra, en mikill og margvíslegur fjöldi rannsókna á því sviði hefur stuðlað að því að hinum ýmsu þörfum kynforeldra er mætt og sem dæmi má nefna þörfum fyrir geðheilbrigðisþjónustu eftir fæðingu. Mikilvægt er að benda á að kjörforeldrar geta einnig upplifað erfiðleika í tengslum við aðlögun að nýju hlutverki og geta auk þess átt á hættu að mæta sértækum hindrunum, tilfinningum og breytingum. Þeir hafa líka þörf fyrir að þörfum þeirra sé mætt af fagfólki sem hefur þekkingu á sérstökum aðstæðum kjörforeldra og fjölskyldna þeirra. Fræðimenn benda á að kjörforeldrar ganga í gegnum

lengra og flóknara ferli til að verða foreldra en flestir aðrir og að það geti haft í för með sér töluvert aukið álag (McKay o.fl., 2010; McKay og Ross, 2010). Bent er á að ættleiðingin sjálf er endapunkturinn á löngu og ströngu ferli sem í flestum tilfellum hefur varað í mörg ár og að biðtíminn fram að komu barnsins inn í fjölskylduna er öðruvísi eða eins og ósýnileg og löng meðganga. Meðganga án maga sem gefur til kynna að barn sé á leiðinni, en sem á margt sameiginlegt með meðgöngu kynbarna og einkennist af löngun, ólgu, gleði og eftirvæntingu (Sætersdal og Dalen, 1999).

Rannsóknir benda til þess að kjörforeldrar verða, líkt og aðrir foreldrar, að aðlagast því aukna persónulega og mannlega álagi sem fylgir því að verða foreldrar, en að auki geta þeir átt á hættu ýmis konar viðbótarálagi. Brodzinsky og Huffman (1988) fjalla um þetta aukna álag sem getur verið til staðar og McKay, Ross og Goldberg (2010) taka saman rannsóknir sem sýna viðbótarálagið sem búast má við hjá kjörforeldrum. Samkvæmt því sem þessir fræðimenn benda á, getur viðbótarálag á kjörforeldra meðal annars verið:

- vegna ófrjósemisvanda (sem ef til vill hefur haft í för með sér ótal krefjandi læknisfræðileg inngrip)
- vegna óuppgerðrar sorgar yfir barnleysinu
- vegna mats yfirvalda á foreldrahæfni
- vegna óvissunnar sem fylgir því að bíða eftir barni til ættleiðingar (um að það komi raunverulega barn að endingu)
- vegna upplifunar af ættleiðingunni sjálfri (sem getur verið erfið vegna sterkra viðbragða barnsins og einnig vegna viðbragða foreldranna sjálfra)
- vegna ótta við að mæta fordómum tengdum ættleiðingum í nærumhverfinu og í samfélaginu í heild
- vegna áskorana tengdum heilsufari barnsins og þroska þess
- vegna aldurs (vegna þess að kjörforeldrar eignast oft sitt fyrsta barn mun síðar á ævinni en kynforeldrar)
- vegna skorts á fyrirmyndum í nánasta umhverfi sem sýna þeim hvernig er að vera kjörforeldri og hvernig best er að ala upp ættleitt barn
- vegna þess að það eru auknar líkur á því að þeir ali upp barn með hegðunar- og tilfinningaerfiðleika

Áskoranir eins og þær sem að framan eru taldar upp geta aukið líkurnar á aukinni andlegri vanlíðan hjá kjörforeldrum (Brodzinsky og Huffman, 1988; McKay o.fl., 2010).

Geðheilsu kjörfeðra hefur lítill gaumur verið gefinn hingað til, en geðheilsa kjörmæðra hefur verið rannsökuð og líkt og aðrar mæður geta þær þjáðst af þunglyndi eftir að barn kemur inn í fjölskylduna. Þunglyndi eftir ættleiðingu kallast ættleiðingarþunglyndi (e. *PAD - post adoption depression*). Í rannsókn Payne o.fl. (2010) á ættleiðingarþunglyndi meðal kjörmæðra, fundust marktæk tengsl milli þunglyndis og streitu vegna ytri þátta ($p=0.0011$) annars vegar og þunglyndis og aðlögunarerfiðleika eftir ættleiðingu ($p=0.042$) hins vegar. Veruleg þunglyndiseinkenni voru tiltölulega algeng fyrsta árið eftir ættleiðingu og tengdust fyrst og fremst streitu vegna utanaðkomandi streituvalda (e. *environmental stress*). Í rannsókninni greindu þátttakendur frá þunglyndiseinkennum í 28% tilvika fyrstu fjórar vikurnar eftir ættleiðingu, í 25,6% tilvika greindu þátttakendur frá þunglyndiseinkennum 5-12 vikur eftir ættleiðingu og í 12,8% tilvika upplifðu þeir einkenni vegna þunglyndis 13-52 vikum eftir ættleiðingu. Ekki fundust marktæk tengsl milli þunglyndis fyrir ættleiðingu og þunglyndis eftir ættleiðingu í þessari rannsókn og bent var á einn takmarkandi þátt til skýringar sem var sá að hugsanlega væru mæður ólíklegri til að segja frá fyrri geðrænum erfiðleikum vegna ótta við að spilla fyrir möguleikum sínum til að fá leyfi yfirvalda til að ættleiða (Payne o.fl., 2010).

Senecky og fleiri rannsökuðu einnig tíðni ættleiðingarþunglyndis meðal kjörmæðra og komust að því að það, líkt og hjá kynmæðrum, væru tengsl milli þunglyndis fyrir komu barnsins inn í fjölskylduna og þunglyndis eftir komu þess. Tíðni þunglyndis fyrir ættleiðingu meðal kjörmæðranna í rannsókninni var 25,6% (samanborið við 26% fyrir fæðingu hjá samanburðarhópi) og 15,4 % eftir ættleiðingu (10-20% eftir fæðingu hjá samanburðarhópi). Rannsakendur benda á þýðingu þessara niðurstaðna við þróun úrræða vegna undirbúnings og stuðnings fyrir kjörforeldra í aðdraganda ættleiðingar og eftir (Senecky o.fl., 2009).

MacRae fjallar um ástæður depurðar hjá kjörforeldrum og tengir þær við upplifunina af því að verða kjörforeldri. Hún bendir á að depurð hjá kjörforeldrum geti stafað af brostnum væntingum þeirra til foreldrahlutverksins, til barnsins og til nærumhverfisins. Væntingar þeirra um fullkomna hamingju eftir að barnið kemur á heimilið standist ekki þar sem uppeldi ættleiddra barna er krefjandi og þar sem það getur tekið tíma fyrir kjörforeldrana og barnið að stilla saman strengina. Væntingar til nýja barnsins standist ekki, þeir gleymi að barnið hefur erfiða fortíð að baki og

gefi sér ekki nægan tíma til að aðlagast og tengjast. Að lokum standist væntingar þeirra um stuðning úr nærumhverfinu ekki þegar þeir mæta skilningsleysi í stað samúðar þegar þeir segja frá áhyggjum sínum. Fjölskylda og vinir hafi jafnvel óraunhæfar væntingar til kjörforeldranna þar sem þeir skilji ekki áskoranir sem kjörforeldrarnir standa frammi fyrir. Þegar kjörforeldrar kljást við brostnar væntingar eins og þær sem að framan eru taldar upp og hafa jafnframt undirliggjandi ótta við að aðrir dragi í efa foreldrahæfni þeirra (sem aftur geti leitt til þess að barnið verði tekið af þeim), þá leiti þeir síður eftir stuðningi frá fagaðilum og fjölskyldu (McRae, 2006a; McRae, 2006b).

Í rannsókn Karen J. Foli sögðu kjörforeldrar frá sams konar óuppfylltum eða óraunhæfum væntingum. Foli bendir á að hið endanlega markmið rannsókna á þessu sviði eigi að vera að styrkja kjörfjölskyldur. Hún hefur sett fram líkan í því skyni að auka skilning á fyrirbærinu svo hægt verði að mæta þörfum kjörforeldra og minnka þunglyndi og depurð meðal þeirra og um leið tryggja gott umhverfi fyrir börn sem þegar hafa upplifað missi og miklar breytingar (Foli, 2010).

Þó að rannsóknir sýni að kjörforeldrar séu undir töluverðu álagi, lýsa þær þeim og fjölskyldum þeirra einnig í jákvæðu ljósi. O'Brien og Zamostny (2003) benda á að kjörfjölskyldur séu sterkar (*e. resilient*) fjölskyldur og að þrátt fyrir oft á tíðum erfiðan aðdraganda ættleiðinga, þá leiði þær á endanum oft til jákvæðrar niðurstöðu fyrir alla fjölskyldumeðlimi. Þeir telja að margir kjörforeldrar búi yfir úrræðum sem og persónueiginleikum sem auka á foreldrahæfni þeirra og sem hafa verndandi áhrif gegn neikvæðum útkomum (*e. negative outcomes*). Þeir benda til dæmis á að kjörforeldrar séu oft á tíðum eldri en aðrir nýjir foreldrar og að þeir séu fjárhagslega sjálfstæðari. Þeir foreldrar sem saman hafa glímt við ófrjósemi og velt spurningum fyrir sér um mikilvægi þess að verða foreldrar, séu mögulega í sterku parsambandi sem einkennist af samheldni og samvinnu í uppeldinu. Þar að auki telja þeir að margir kjörforeldrar meti það mikils að fá tækifæri til að vera foreldri eftir að hafa komist yfir margar hindranir (þar með talið hina löngu bið) til að draumur þeirra verði að veruleika (O'Brien og Zamostny, 2003). Rannsóknarniðurstöður Hamilton, Cheng og Powell, sýna að kjörforeldrar séu áhugasamir um foreldrahlutverkið, að þeir rækti foreldrahlutverk sitt betur og eyði meiri tíma og fjármuni í börnin sín heldur en kynforeldrar. Rannsakendur telja að þetta sé að hluta til vegna hærri tekna, meiri menntunar og hærri aldurs kjörforeldra. Þeir telja einnig að helsta ástæðan fyrir þessu sé tilraun kjörforeldra til að bæta upp vöntun líffræðilegra tengsla þeirra við barnið og aukaálagsins á barnið vegna ættleiðingarinnar sem þeir vilja bæta því upp (Hamilton o.fl., 2007).

Af framansögðu má sjá að kjörforeldrar hafa flestir sömu væntingar til foreldrahlutverksins og kynforeldrar og að fyrir utan meðgönguna sjálfa, þá upplifi þeir sams konar álag við að aðlagast nýju foreldrahlutverki. Viðbótarálag á kjörforeldra sem tengist aðdraganda ákvörðunarinnar um að ættleiða, ættleiðingarferlinu sjálfu og lífinu eftir ættleiðingu er hins vegar töluvert. Hvernig sem gengur, vel eða illa, sýna rannsóknir fram á mikilvægi stuðnings fyrir kjörforeldra bæði í aðdraganda ættleiðingar og eftir ættleiðingu. Rannsóknir eiga enn eftir að skilgreina og greina nákvæmlega hvaða sértæku erfiðleikar það eru sem kjörforeldrar glíma við og þurfa mestrar úrlausnar og stuðnings við. Atkinson og Gonet vísa í Walsh o.fl. sem benda á að það sé brýnt verkefni rannsakenda að skilgreina þessa þætti þar sem líkamleg og andleg heilsa kjörforeldra geti haft neikvæð áhrif á sálfræðilega líðan kjörbarna. Þeir benda á að markviss undirbúnings- og stuðningsúrræði fyrir foreldra geti hámarkað heilsu og vellíðan allrar kjörfjölskylduheimildarinnar (Atkinson og Gonet, 2007).

3.2.2 Kjörbörn

Aðstæður í uppvexti barna hafa grundvallaráhrif á þroska þeirra og geta verið mótandi fyrir lífstíð og fyrir langflest börn í okkar samfélagi er fjölskylda sjálfsgöð. Fjölskylda, sem skapar örugga umgjörð til að alast upp í og sem er varanlegasta og stöðugasta sambandið í uppvextinum. Innan fjölskyldunnar verður barn fyrir sinni fyrstu félagsmótun, það öðlast vitsmunalega færni, lærir hvernig á að eiga samskipti við aðrar manneskjur og að takast á við vonbrigði og missi. Í samskiptum við foreldra og systkini lærir barn að skilja sjálft sig og aðra, lærir um einkenni sín og langanir sem einstaklingur og hvernig það getur haft áhrif á aðra í umhverfinu. Barn lærir um aðrar manneskjur og hvernig má túlka hegðun þeirra og það lærir um sjálft sig, hvers konar manneskja það er og hvernig aðrir bregðast við því (White og Woollett, 1993).

Ættleidd börn sem koma til foreldra sinna með millilandaættleiðingu eiga mörg hver uppruna sinn í fjarlægum löndum, oft í öðrum heimshluta, og eru flest af öðrum kynþætti en foreldrarnir. Í upprunalandinu voru þau yfirgefin af kynforeldrum sínum og langflest þeirra lifðu í lengri eða skemmri tíma við erfið skilyrði áður en þau komu til kjörforeldra sinna, oftast á stofnunum fyrir munaðarlaus börn (*e. orphanages*) eða á fósturheimilum (*e. foster families*). Stofnanir fyrir munaðarlaus börn eru mjög mismunandi að gæðum en flestar eru undirmannaðar og yfirfullar af börnum og umhverfið sem börnin lifa í styður hvorki við líkamlegan né andlegan þroska þeirra á viðunandi hátt. Þar geta börnin orðið fyrir neikvæðri lífsreynslu og sú lífsreynsla getur haft alvarlega djúpstæð og langvarandi áhrif á

grundvallarvirkni (*e. functions*) og ferla (*e. processes*), svo sem tengslamyndunarferla, líffræðilega ferla (til dæmis taugafræðilega virkni og úrvinnslu skynboða), getu til sjálfstjórnunar, tilfinningastjórnunar og hegðunarstjórnunar og á sjálfsskynjun (Federici, (e.d.); Johnson, 2010; Dagbjörg Sigurðardóttir og Málfríður Lorange, 2006).

Hvort sem börn eru ættleidd við fæðingu eða síðar á lífsleiðinni þá hafa þau öll upplifað áföll af einhverju tagi þegar þau koma til kjörforeldra sinna. Áfall (*e. trauma*) er streituvaldandi atvik sem er langvarandi, yfirþyrmandi eða ófyrirsjáanlegt (Post, 2006). Skilgreind hafa verið þrenns konar áföll; stakt áfall (*e. single-event trauma/acute trauma*) til dæmis bílslys, skurðaðgerðir eða dauðsföll, viðvarandi áfall (*e. chronic trauma*) þar sem aðstæður sem einstaklingur lifir við einkennast af viðvarandi streitu og áföllum og margþætt áföll (*e. complex trauma*) til dæmis viðvarandi eða síendurtekna upplifanir eins og misnotkun, vanræksla, átök og skortur. Þótt einstakt áfall geti haft mikil áhrif á barn, þá eru það margþættu áföllin sem eru viðvarandi og síendurtekin sem talin eru alvarlegust. Stofnananavistun er ein tegund þessara áfalla og er viðvarandi vanræksla nú talin ein alvarlegasta tegund áfalls sem barn getur orðið fyrir (Gray, 2007; Ziegler, 2002). Þó áður hafi verið þekkt áhrif misnotkunar, vanrækslu og heimilsofbeldis á þroska barna, þá eru heildaráhrif áfalla á ættleidd börn ekki ennþá fullkomlega þekkt þó rannsóknir sýni án nokkurs vafa fram á að áhrifin séu mun víðtækari en áður var vitað. Rannsóknir benda til þess að jafnvel fóstur í móðurkviði skynji höfnun. Höfnunartilfinningar og tilfinningin um að vera yfirgefinn geymist djúpt í frumum líkama ungs barns vegna vangetu heila þess til að vinna úr upplýsingunum. Handan nokkurrar vitsmunalegrar meðvitundar geymist reynslan djúpt í líkamanum og leiði reglulega til kvíðatilfinninga og depurðar hjá barninu síðar á lífsleiðinni. Þessi reynsla af því að vera hafnað og yfirgefið í upphafi lífsins sé fyrsta alvarlega áfall allra ættleiddra barna og frá þessum tímapunkti bætast hugsanlega önnur áföll við í lífi þeirra sem trufla þroska og draga úr streitupoli svo sem fyrirburafæðing, óstöðugir umönnunaraðilar, misnotkun, vanræksla, langvarandi sársauki, langvarandi spítaladvöl og fleira. Mikilvægt sé að skilja að þó barn sé fjarlæggt úr umhverfinu sem olli áfallinu, þá hverfi áfallið ekki úr minni barnsins. Einnig er vitað að streita er aðalorsakavaldur þess að ómeðvitaðar minningar um áföll séu leystar úr læðingi (Post, 2006).

Höfnun og aðskilnaður frá kynforeldrum er djúpstæðasta áfall sem nokkur manneskja verður fyrir og hefur hvert og eitt ættleitt barn orðið fyrir því áfalli. Það hefur auk þess að öllum líkindum orðið fyrir fleiri áföllum áður en það kemur heim til nýrra kjörforeldra sinna. Áhættuþættir í lífi þeirra

geta verið margbreytilegir og alvarlegir og hafa ef til vill haft mikil áhrif á eðlilegan þroska og vöxt þeirra. Flest ættleidd börn hafa þurft að þola einhverja af þeim áhættuþáttum sem taldir eru upp hér á eftir, flest þeirra hafa þolað margþætt áföll.

- Áföll í móðurkviði: næringarskortur á fósturskeiði, vanlíðan og streita móður á meðgöngu (rannsóknir sýna að streita móður (há gildi streitu-hormónsins cortisol) á meðgöngu hafi áhrif á heilabroska barnsins í móðurkviði), eitrunaráhrif af völdum áfengis- og/eða eiturlyfjaneyslu móður á meðgöngu, skortur á mæðravernd fyrir móðurina á meðgöngu.
- Áföll í fæðingu: fyrirburafæðing og lág fæðingarþyngd, súrefnisskortur í fæðingu sem getur valdið heilablæðingum.
- Áföll strax eftir fæðingu: djúpstæður missir og tengslarof við kynmóður, e.t.v. dvöl á vökudeild þar sem þarf að framkvæma sársaukafull læknisfræðileg inngrip á barninu.
- Áföll á fyrstu mánuðum og árum lífsins: langvarandi stofnana- og/eða fósturheimilavist, skortur á tækifærum til eðlilegrar tengslamyndunar og til að njóta verndar, vanræksla af ýmsu tagi, næringarskortur, líkamleg og andleg vanörvun, ófullnægjandi skynörvun (e. *sensory deprivation*), ófullnægjandi málörvun, þungmálmaeitrun, ófullkomin læknishjálp (ógreindir og/eða ómeðhöndlaðir sjúkdómar) og síðast en ekki síst alvarlegur síndurtekinn missir. Fyrsti alvarlegi missir allra ættleiddra barna er missir kynforeldra en auk hans verður oftast um síndurtekinn missi að ræða fyrir barnið þegar umönnunaraðilar á stofnuninni koma og fara án fyrirvara. Annar djúpstæður og afdrifaríkur missir fyrir öll ættleidd börn er missirinn sem það verður fyrir við ættleiðinguna sjálfa, en við það að verða ættleitt missir barnið ekki einungis allt hið kunnuglega í lífinu, heldur missir það einnig tækifærið til að alast upp í sinni eigin menningu með öðrum sem hafa sama útlit og þau, öll tengsl við upprunann rofna, menninguna, tunguna og möguleikann til að alast upp í umhverfi þar sem þau eru hluti af meirihlutanum.

(Dagbjörg Sigurðardóttir og Málfríður Lorange 2006; Federici, (e.d.); Purvis o.fl., 2007; Schooler og Atwood, 2008).

Barnageðlæknirinn Dagbjörg Sigurðardóttir og taugasálfræðingurinn Málfríður Lorange frá Barna- og unglingsgeðdeild Landspítala-háskólasjúkrahúss fjölluðu um ættleidd börn í fyrirlestri sínum *Langvinnir erfiðleikar ættleiddra barna* á Læknadögum árið 2006. Fram kom í erindi

þeirra að stofnanaheilkenni (e. *PIS – Post-Institutional-Syndrome*) geti verið falinn vandi hjá ættleiddum börnum. Þær bentu á að aðstæðurnar sem börnin koma oftast úr geti haft víðtæk áhrif á þroska þeirra og nefndu í því sambandi áhrif á líkamsþroska, vitsmunapróska, taugaproska, taugasálfræðilegan og geðrænan þroska (e. *neuropsychiatry*) (afbrigðilegt MRI, SPECT). Afbrigðilegur taugaproski getur komið fram í geðrænum erfiðleikum eins og pseudo/quasi einhverfu (e. *institutional autism*), áfallastreituröskun (PTSD), seinkun í taugaproska sem leiði til erfiðleika í málþroska og skynúrvinnslu, til dæmis of háan sársaukaþröskuld (e. *pain agnosia*), lyndisraskanir til dæmis þunglyndi, geðsveiflur, kvíðaraskanir, geðofsa og pseudo ofvirkni/hegðunarröskun. Þær bentu á að væntingar kjörforeldra væru um að eignast heilbrigt barn en að líkurnar á því að barn sem hefur dvalið á stofnun fyrir ættleiðingu sé alheilbrigt og með eðlilega tengslamyndun séu afar litlar (Dagbjörg Sigurðardóttir og Málfríður Lorange, 2006).

Líkamlegt og andlegt heilsufar ættleiddra barna eftir vistun á stofnunum fyrir munaðarlaus börn og/eða fósturheimilum er sérsvið bandaríska barnalæknisins Dana E. Johnson hjá Háskólanum í Minnesóta í Bandaríkjunum. Hann hefur stjórnað fjölda rannsókna á sviðinu undanfarinn áratug og bendir á að við komuna til nýrra foreldra séu mörg ættleidd börn vannærð og undir meðalþyngd, en mörg þeirra fái einungis undir 50% allra nauðsynlegra næringarefna úr kalóríusnauðri fæðunni. Pelagjöf sé ekki eins og við eigum að venjast þegar umönnunaraðili heldur á barninu á meðan það nærast, heldur tíðkist víða að skorða pelann í rúminu við munn barnsins og skilja hann þar eftir. Barnið verði síðan að reyna að drekka úr honum eftir bestu getu en ef pelinn dettur eða ef barnið á af einhverjum orsökum erfitt með að sjúga til dæmis vegna klofins góms, tunguhafts eða cp, þá fái barnið ekki nægilega næringu því enginn komi til hjálpar ef erfiðlega gengur. Flest barnanna séu smærri en jafnaldrar þeirra. Hreyfiproskinn sé seinkaður, mörg þeirra sitji til dæmis ekki fyrr en við 8-9 mánaða aldur í stað 6 mánaða aldurs og þau byrji að ganga seinna, jafnvel ekki fyrr en við 18 mánaða aldur. Johnson undirstrikar að flest börn nái sér á strik líkamlega á undraverðan hátt innan árs eftir heimkomu ef foreldrar hafa raunhæfar væntingar til barnsins og eru meðvitaðir um mikilvægi þess að börnin fái örvun og góða næringu strax (Johnson, 2010).

Áhrif skorts og vanrækslu snemma á lífsleiðinni á þroska barna var umræðuefni Johnson á *Námsstefnu um tengslaröskun* sem haldin var hér á landi árið 2005. Þar kom fram að helstu einkenni barna sem hafa eytt fyrstu mánuðum eða árum ævinnar á stofnunum og/eða fósturheimilum í upprunalandinu séu til staðar, auk líkamlegra þroskaseinkana og erfiðleika í

skynúrvinnslu og streitustjórnun, ýmsar vitsmunalegar, hegðunarlegar og tilfinningalegar þroskaseinkanir, en vitsmunalega geti þau verið á eftir í þroska og greindarvísitala lækkar í hlutfalli við tímann sem þau dveljast á stofnuninni (fyrir hverja þrjá mánuði á stofnun dregst barn einn mánuð aftur úr í líkamlegum og andlegum þroska). Erfiðleikarnir séu einstaklingsbundnir þar sem áhrifa áhættuþáttanna sem nefndir voru hér að framan gæta í mismiklum mæli eftir reynslu og persónugerð hvers og eins, en sem dæmi um algengustu erfiðleikana má nefna tengslaerfiðleika, en geðtengslavandamál er eitt alvarlegasta vandamál ættleiddra barna. Sum þeirra geti auk þessa átt við sértæka námsörðugleika að stríða sem verða sýnileg fyrst þegar barnið byrjar í skóla. Því lengur sem barn dvelji á stofnun þeim mun líklegra sé að það muni glíma við tilfinninga- og hegðunartengd vandamál síðar á lífsleiðinni, til dæmis kvíða og þunglyndi. Johnson benti á að þroskaseinkanir séu ekki alltaf sýnilegar fyrr en eftir að barnið er komið heim til kjörforeldranna og að stundum leiði tíminn í ljós þroskafrávik sem þarfnist sérstakrar úrlausnar, snemmbær kynþroski geti til dæmis komið í ljós hjá börnum sem hafa orðið fyrir vannæringu í móðurkviði og hefst kynþroskinn þá um ári fyrr en hjá öðrum, en líkamlegur bráðþroski geti verið erfiður fyrir barnið sé hann til staðar áður en komið er upp á unglingsárin.

Johnson bendir á að ættleidd börn þurfi mörg hver á miklum stuðningi að halda frá nýjum foreldrum sínum og úr umhverfinu til þess að jafna sig á erfiðri byrjun í lífinu. Stundum sé stuðningsþörf til staðar í langan tíma eftir heimkomu, sérstaklega ef um tengslaerfiðleika sé að ræða. Kjörforeldrar og aðrir verði að hafa raunhæfar væntingar og nauðsynlegt sé að stilla kröfum til barnsins í hóf. Mikilvægt sé að gæta þess að hafa ekki lífaldurinn sem viðmið við mat á getu barnsins. Johnson lagði sérlega mikla áherslu á snemmtæka íhlutun þegar kemur að þjónustu við ættleidd börn og benti á að viðhorfið „að bíða og sjá til hvort þau aðlagist ekki með tímanum“, eigi alls ekki við um þessi börn, þar sem rannsóknir sýni að tíðni vandamála í uppvexti ættleiddra barna lækki með snemmtækri íhlutun. Bent hefur verið á að því alvarlegri og margþættari áföll sem ættleitt barn hefur upplifað, því meiri hætta er á alvarlegum og langvarandi geðrænum vandamálum eins og hegðunar- og tilfinningavandamálum. Hann brýndi fyrir foreldrum og fagaðilum að taka þessi mál alvarlega og að bregðast við þeim strax frá byrjun því vandamálin verði meiri með tímanum ef ekkert er að gert („Kids don't grow out of it, they grow into it.“) (Johnson, 2005).

Rannsókn á andlegri líðan og hegðun barna sem ættleidd eru erlendis frá hefur verið gerð hér á Íslandi. Niðurstöður hennar sýna að börn sem voru ættleidd eftir 18 mánaða aldur og þau sem dvöldu á stofnun lengur en

fyrstu 18 mánuði lífsins sýndu einkenni athyglisbrests með ofvirkni og hegðunar- og tilfinningavanda í meira mæli en almennt gerist. Þau börn sem talin voru hafa orðið fyrir alvarlegri tilfinningalegri vanrækslu skoruðu marktækt hærra á hegðunar og tilfinningamatslistum en þekktist í almennu þýði. Samskonar tilhneiging kom einnig fram á skori á einhverfumatslista. Börn sem voru ættleidd fyrir 12 mánaða aldur skoruðu sambærilega við almennt þýði á öllum matslistum. Spurningalistar notaðir í rannsókninni voru: Spurningalisti þróaður af Dana E. Johnson hjá Háskólanum í Minnesóta í Bandaríkjunum, Spurningalisti um styrk og vanda (SDQ), Ofvirknikvarðiinn (ADHD-RS-IV), Einhverfumatslistinn (ASSQ) og Spurningalisti um atferli barna (CBCL) (Málfríður Lorange o.fl., 2012).

3.2.3 Geðtengsl og tengslaröskun

Mikilvægi geðtengsla í mannlegu eðli hafa verið viðfangsefni þroskasálfræðinnar og það er ekki hægt að fjalla um ættleidd börn án þess að fjalla einnig um geðtengsl/tilfinningatengsl, tengslamyndun (*e. attachment*) og tengslaröskun (*e. attachment disorder/reactive attachment disorder*) þar sem geðtengslaerfiðleikar eru algengir meðal ættleiddra barna, sérstaklega fyrst eftir að þau koma til nýrra foreldra. Eins og fram kom hér að framan búa oftast innra með ættleiddum börnum erfiðar og djúpstæðar minningar um margs konar áföll sem þau upplifðu áður en þau komu til kjörforeldra sinna. Þau hafa mörg hver rofin geðtengsl að baki eða hafa jafnvel aldrei haft möguleika á því að eiga í nánnum og varanlegum tilfinningatengslum við aðra. Þau hafa flest ítrekað á sinni stuttu ævi upplifað alvarlegan aðskilnað og missi áður þau komu til kjörforeldra sinna, þar á meðal aðskilnaðinn við kynmóður og -föður, við fjöldann allan af umönnunaraðilum á munaðarleysingjastofnuninni og/eða fósturheimilinu auk aðskilnaðarins við hið þekktu og kunnuglega umhverfi sem þau bjuggu í fyrir ættleiðingu. Endurtekin tengslaröf hafa mikil áhrif á tilfinningaþroska, félagsþroska og á þróun hæfileika einstaklingsins til að mynda geðtengsl við aðrar manneskjur.

Geðtengsl eru skilgreind sem tilfinningalegt samband sem myndast venjulega milli foreldris og barns og sem leiðir til þess að barnið upplifir sig öruggt og nær í framhaldinu að þróa heilbrigð tilfinningatengsl við aðra. Jákvæð geðtengsl skipta sköpum við mótun persónuleikans. Tengslakenning Bowlby byggir á því að þörfin fyrir að tengjast annarri manneskju (*e. proximity seeking to an attachment figure*) sé, líkt og þörfin fyrir næringu, ein af frumþörfum manneskjunnar til að lifa af og að hún sé jafnframt kjarninn í tilveru hverrar manneskju. Geðtengsl/tilfinningatengsl eru grunnstoðirnar í þroska persónuleikans og skipta miklu máli við mótun

hans. Þau verða til á fyrstu mánuðum lífsins við hið gagnvirka samspil á milli barns og umönnunaraðila. Í samspilinu verða til eins konar innri sniðmát (*e. internal working models*) hjá barninu fyrir öll framtíða samskipti þess við umheiminn. Hvernig sniðmátin verða, ákvarðast af gæðum samspilsins milli barnsins og umönnunaraðilans. Tengslasniðmát sem verða til í frumbersku hafa þýðingu síðar á ævinni í nánum tilfinningasamböndum, fyrir mótun sjálfsmýndar, hæfileikann til tilfinningastjórnunar, félagslegra samskipta, til að sýna öðrum samúð og í þróun hugrænna hæfileika. Þau liggja til grundvallar í öllum tilfinningasamböndum einstaklings á fullorðinsárum sem og í foreldrahlutverkinu (Bowlby, 1982).

Heilbrigður heilaproski grundvallast á öruggum og jákvæðum geðtengslum (*e. secure attachment*) en þau myndast við það að foreldrar mæta þörfum barns síendurtekið. Barnið lærir við það að því sé óhætt að treysta fólki og að heimurinn sé öruggur staður og öðlast við það traust og tilvistarlegt öryggi (Mynd 1). Ef barnið hins vegar lætur í ljós þörf og grætur, en enginn svarar kallinu, eða ef umönnunin er óregluleg og ótraust eða umönnunaraðilarnir margir ólíkir einstaklingar, þá þróar barnið með sér tengslamyndur sem einkennist af ótta og kvíða vegna þess að það treystir ekki umheiminum (Mynd 2). Barnið treystir ekki fullorðnum og það lærir að það verður að taka málin í eigin hendur og hugsa um sig sjálft til að lifa af. Í stað trausts, þróast vantraust til heimsins og reiði sem beinist inn á við. Barnið upplifir sig ekki sem einstakling sem hægt er að elska eða sem verðskuldar yfirhöfuð að vera elskaður. Ef barn nær ekki að mynda örugg og jákvæð geðtengsl eða verður fyrir tíðum tengslaröfum getur þróast innra með því ástand sem nefnist tengslaröskun (*e. attachment disorder/reactive attachment disorder*) (Gray, 2002; Scholfield og Beek, 2006).



Mynd 1 Eðlileg tengslamyndun.



Mynd 2 Trufluð tengslamyndun.

Tengslaröskun er ein alvarlegasta afleiðing þess að lifa í umhverfi í frumbersku þar sem ekki gefast næg tækifæri til að mynda örugg og jákvæð geðtengsl. Aðstæður í frumbersku barns sem einkennast af áföllum (*e. trauma*), vanrækslu (*e. neglect*) og ofbeldi (*e. abuse*) af ýmsu tagi geta ýtt undir þróun tengslaröskunar. Sumar þessara aðstæðna er hægt að fyrirbyggja, aðrar ekki. Aðstæður sem geta ýtt undir þróun tengslaröskunar hjá barni geta verið eftirfarandi; vistun á stofnun fyrir munaðarlaus börn (*e. orphanage care*); vanræksla (*e. neglect*); tíð tengslarof við umönnunaraðila (*e. multiple disruptions in care giving*); áföll (*e. trauma*), til dæmis eitrunaráhrif í móðurkviði af völdum neyslu eiturylfja eða áfengis móður á meðgöngu; ofbeldi (*e. abuse*), til dæmis líkamlegt, andlegt og kynferðislegt; ættleiðing eftir að barn hefur tengst öðrum umönnunaraðila; spítaladvöl (*e. hospitalization*) barns eða foreldris, þar sem barnið er skilið frá umönnunaraðila; spítaladvöl þar sem barnið upplifir ómeðhöndlaðan sársauka; umönnun sem einkennist af skertri næmni á þörfum barnsins; alvarlegt þunglyndi, til dæmis ættleiðingarþunglyndi (*e. post-adoption depression*), geðklofa eða geðhvarfasýki umönnunaraðila; líf með foreldrum sem sjálfir eiga í tengslaerfiðleikum, en það getur leitt til vanrækslu eða ofbeldis, eða óviðeigandi svörum sem leiðir til ótryggra og ófyrirsjáanlegra samskipta; erfðafræðilegir þættir og langvarandi þroskahamlanir (Federici, (e.d.); Gray, 2002; Gray, 2007; Purvis o.fl., 2007).

Birtingarmyndir tengslaerfiðleika geta verið margvíslegar og stundum er talað um að einkennin líkist hegðun ofvirkra eða einhverfra barna. Ainsworth byggði á tengslakenningu Bowlby og skilgreindi þrjár tegundir tengslahegðunar hjá börnum, traust geðtengsl (*e. securely attached – pattern B*), kvíðafull og flóttaleg tengsl (*e. anxiously attached and avoidant – pattern A*), kvíðafull og mótþróafull tengsl (*e. anxiously attached and resistant – pattern C*). Börn með kvíðafull og flóttaleg tengsl gera gjarnan lítinn greinarmun á aðalumönnunaraðilum og öðrum í umhverfinu og geta jafnvel sýnt ókunnugum meiri áhuga en þeim. Börn með kvíðafull og mótþróafull tengsl sveiflast milli þess að leita eftir nánd við umönnunaraðila og að ýta frá sér/streitast á móti nánd og samskiptum. Sum þeirra eru verulega reiðari en önnur börn; sum óvirkari/passívari (Bowlby, 1982). Hegðun barns með kvíðafullt (*e. anxious attachment*) og/eða flóttalegt (*e. avoidant attachment*) tengslahegðunarmynstur getur einkennst af eftirfarandi:

Kvíðafull tengsl	Flóttaleg tengsl
<ul style="list-style-type: none"> • slakt augnsamband eða forðast það alveg • forðast eða mislíkar að láta halda á sér, stífnar við að vera í fanginu • grætur eða reiðist ef haldið er á því án samþykkis • vill frekar snúa andliti frá foreldri • forðast huggun • stjórn samt • á erfitt með breytingar og öll umskipti (enda athöfn og hefja nýja), t.d. að hætta í leik til að fara að borða, hætta að lesa bók • fær mikil og langvarandi reiðiköst • svefntruflanir, martraðir og/eða „night terrors“ • vill ekki sofa sjálf, hræðsla við að sofna eitt • viðkvæmt fyrir aðskilnaði • viðkvæmt fyrir höfnun • ofvirkni • snemmbært sjálfstæði • gerir mikið úr útliti sínu • forðast að ræða um erfiðar tilfinningar • kroppar í hrúður og sár 	<ul style="list-style-type: none"> • vill frekar vera í leikgrind eða rimlarúmi en í fangi • of mikið sjálfstæði í leik, gerir engar kröfur, of þægt barn, leikur gjarnan eitt • flatneskjuleg, líflaus svipbrigði / grætur sjaldan • forðast eða mislíkar að láta halda á sér, stífnar við að vera í fanginu • vill frekar snúa andliti frá foreldri • svarar ekki faðmlagi (verður lint eða stífnar upp þegar haldið er á því) • forðast huggun eða umhyggju • slakt augnasamband eða forðast það alveg • brosir ekki tilbaka, sýnir lítil tilþrif til að herma eftir • leitar í fang annarra frekar en foreldra / sýnir ókunnugum ástúð

(Shofield og Beek, 2006; Weidman, 2006).

Greiningarviðmið bandarísku geðlæknasamtakanna, American Psychiatric Association (APA), eru notuð hér á landi við greiningu á geðröskunum og þar með talin tengslaröskun. Viðmiðin eru nú í endurskoðun hjá samtökunum og árið 2013 verða birt ný og endurskoðuð

viðmið í handbókinni *Diagnostic and Statistical manual of Mental Disorders (DSM-5)*. Í tillögu að endurskoðuðum greiningarviðmiðum vegna tengslaröskunar má sjá ný og víðari viðmið (American Psychiatric Association, 2012). Vonir margra standa til þess að með nýju viðmiðunum verði betur hægt að veita ættleiddum börnum sem koma frá stofnunum og/eða fósturheimilum í upprunalöndunum sínum, viðeigandi þjónustu og viðurkenningu á vanda sem vitað hefur verið um en sem erfitt hefur verið að meðhöndla með viðeigandi hætti.

3.2.4 Undirbúningur og fræðsla fyrir væntanlega kjörforeldra

Þegar kemur að undirbúningi kjörforeldra undir hið vandasama og mikilvæga hlutverk sem bíður þeirra benda Atkinson og Gonet á að undirbúningur fyrir ættleiðingu og víðtæk þekking á kjörbörnum og aðstæðum þeirra fyrir ættleiðingu sé nauðsynleg til að auka getu og hæfni foreldra til að annast kjörbarnið sem best (Atkinson og Gonet, 2007). Paulsen og Merighi rannsökuðu tengsl milli góðs undirbúnings fyrir ættleiðingu, þátttöku í menningartengdum viðburðum tengdum upprunalandi barnanna og ánægju í foreldrahlutverkinu. Niðurstöður þeirra gáfu til kynna að jákvæð tengsl séu milli góðs undirbúnings kjörforeldra og ánægju í foreldrahlutverki og að neikvæð tengsl væru milli undirbúnings og heilsufarstengdar, sálfræðilegar og þroskatengdar áskoranir. Jafnframt fundu þau jákvæða fylgni milli þátttöku fjölskyldna í menningartengdum viðburðum og undirbúnings fyrir ættleiðingu (Paulsen og Merighi, 2009).

Ættleiðing er ferli í mörgum stigum og undirbúningur undir ættleiðingu margþættur fyrir væntanlega kjörforeldra. Groza bendir á að ítarlegur undirbúningur undirstrikar að ættleiðing sé ævilangt ferli, hann sé í senn ferli og niðurstaða (*e. process and outcome*) og að erfitt geti reynst að bæta upp ófullnægjandi undirbúning síðar meir. Undirbúningurinn hefjist með upplýsingaöflun sem á sér stað í úttektarferlinu sem jafnframt eigi að aðstoða væntanlega foreldra við að skilja það sem er einstakt við að mynda fjölskyldu eða bæta við fjölskyldu með ættleiðingu. Áhersla sé lögð á mikilvægi þess að væntanlegir kjörforeldrar fái viðeigandi undirbúningsfræðslu snemma í ættleiðingarferlinu til þess að þeir hafi nægan tíma til að velta fyrir sér ákvörðuninni um að ættleiða barn og að langur aðdragandi að ættleiðingu sé mun æskilegri kostur en stuttur aðdragandi. Reglubundin fræðsla fyrir kjörforeldra eftir ættleiðingu sé einnig nauðsynlegur liður í að styrkja kjörfjölskyldur. Árangursríkar ættleiðingar velti síður á barninu en eiginleikum hjá kjörforeldrunum sem stuðla að því að gera barninu kleift að sameinast fjölskyldunni án óbærilegrar fjölskyldustreitu eða langvarandi krísuástands. Leggja þurfi

áherslu á jákvæðar hliðar þess að ættleiða barn en að jafnframt sé mikilvægt að væntanlegir foreldrar séu fræddir um þær áskoranir sem einnig geta verið til staðar. Kjörforeldrar þurfi að vera sveigjanlegir svo þeim takist vel upp í foreldrahlutverkinu og þeir þurfi að gera sér góða grein fyrir því að ættleiðing á erlendu barni feli í sér ákveðna áhættu. Til þess að væntanlegir kjörforeldrar náí að meðtaka þær upplýsingar að fullu þarf að kynna þær fyrir væntanlegum kjörforeldrum að minnsta kosti þrisvar sinnum á undirbúningstímanum (Groza, 2004).

Leiðbeinandi yfirlit yfir þá efnispætti sem þykja nauðsynlegir í kjörforeldraundirbúningi og undirbúningsfræðslu fyrir væntanlega kjörforeldra má finna í skýrslu frá Evan B. Donaldson Adoption Institute sem ber heitið *Adoptive Parent Preparation Project Phase 1: Meeting the Mental Health and Developmental Needs of Adopted Children. Policy & Practice Perspective*. Í undirbúningi og fræðslu væntanlegra kjörforeldra er æskilegt að leggja áherslu á að veita upplýsingar um eftirfarandi efni:

- Geðheilsuvanda sem tengist ættleiðingarreynslunni: að foreldrar þekki og skilji bæði kosti og áskoranir samfara ættleiðingu á erlendu barni.
- Eðlilegar hliðar uppeldis í lífi kjörfjölskyldna: að kjörforeldrar séu undirbúnir og fái fræðslu um hina einstöku uppeldislegu áskoranir í kjörfjölskyldum.
- Þroski ættleiddra: að kjörforeldrar skilji eðlilegan þroska einstaklinga og hvernig hann hefur áhrif á aðlögun eftir ættleiðingu.
- Að tala við börn um ættleiðingu: að kjörforeldrar fái leiðbeiningar um ólíkar leiðir til að tala um ættleiðingu við barnið.
- Missir, sorg og ættleiðing: að kjörforeldrar þekki þátt missis og sorgar í ættleiðingu.
- Sjálfsmynd og ættleiðing: að kjörforeldrar skilji sambandið milli ættleiðingar og eðlilegrar myndunar sjálfsmyndar barns.
- Upprunaleit og ættleiðing: að kjörforeldrar skilji þýðingu og mikilvægi leitar að uppruna í ættleiðingu.
- Þjónusta og stuðningur og ættleiðing: að kjörforeldrar viti hvaða viðeigandi þjónusta og stuðningur standi þeim til boða.
- Líkamlegar þroskaseinkanir og aðrar þroskaseinkanir hjá ættleiddum börnum.
- Áhrif áfalla á meðgöngu og eftir fæðingu.
- Áhrif stofnanadvalar á aðlögun barnsins.

- Uppeldi barna sem hafa verið vanrækt, hafa orðið fyrir líkamlegu, kynferðislegu, andlegu ofbeldi.
- Uppeldi barna með tengslaerfiðleika.
- Að höndla aðstæður á heimili og í skóla fyrir börn með annað tungumál en íslensku sem fyrsta tungumál.
- Að höndla hegðunarerfiðleika.
- Að styðja sorg barna vegna kynfjölskyldu og mikilvægra aðila úr fortíðinni.
- Að viðhalda opin samskipti þegar bakgrunnsupplýsingar skortir.
- Að viðhalda samskipti barna við kynfjölskyldu og aðra mikilvægra aðila úr fortíðinni.
- Áhrif kynþáttar, þjóðernis og menningu á barn og fjölskyldu.
- Að þroska og viðhalda raunhæfum væntingum varðandi hegðun og virkni barna og varðandi eigin getu til að hjálpa börnum að yfirstíga erfiðleika.
- Þekkja leiðir til að komast hjá því að ættleiðing mistakist.
- Þekking um og notkun sérhæfðrar þjónustu og stuðnings, þar með talinn stuðningur vegna eigin heilsu.

(Brodzinsky, 2008).

3.2.5 Aðlögun ættleiddra barna

Innkoma nýættleidds barns inn í kjörfjölskyldu er viðfangsefni greinar eftir barnalækninn Laurie C. Miller hjá The International Adoption Clinic hjá New England Medical Center í Boston í Bandaríkjunum. Miller fjallar ítarlega um aðlögun ættleiddra barna inn í nýja fjölskyldu og bendir á að mörg börn og foreldrar þeirra komist nokkuð vel gegnum þessa miklu breytingu og haldi átakalaust áfram með sameiginlegt fjölskyldulíf. Skiljanlega séu hins vegar líka aðrir, bæði börn og foreldrar, sem ganga gegnum erfiðleika við þessa umbreytingu. Algengt er að foreldrar taki eftir tilfinningalegum erfiðleikum hjá barninu og erfiðleikum sem tengjast hegðun barnsins á fyrstu dögum og vikunum saman. Miller skiptir innkomu nýættleidds barns inn í fjölskyldu í nokkur skeið. Fyrst er að nefna augnablikin þegar barnið er fært í umsjá nýrra foreldra. Næst kemur fyrsti aðlögunartíminn, oftast á meðan fjölskyldan er ennþá í upprunalandinu. Þriðja skeiðið er ferðin heim og loks er aðlögun barns og foreldra að rútinu daglegs lífs á sameiginlegu heimili. Miller bendir á að fyrstu augnablikin þegar barn hittir foreldrana geti í sumum tilfellum verið dramatísk og einkennst af miklu tilfinningalegu álagi,

Því að þótt foreldrar hafi undirbúið sig árum saman undir þessa athöfn þá séu börnin í langflestum tilfellum algerlega óundirbúin. Allt í lífi þeirra breytist í einu vetfangi: nafn, þjóðerni, tungumál, trú, menning, tækifæri og þjóðfélagsstaða. Allt hið kunnuglega er samstundis tekið frá barninu, þar með talið kærir umönnunaraðilar, vinir, rúttínur, maturinn, rúmið, leikföngin, herbergið, lykt og jafnvel veðurfar. Flest börn koma bókstaflega til nýrra foreldra einungis með fötin sem þau bera á líkamanum. Miller lýsir algengustu viðbrögðum fyrstu dagana, en hegðunin er einstaklingsbundin og háð meðfæddum skapgerðareinkennum barnsins, þroska og fyrri lífsreynslu. Algeng viðbrögð barna við þessar aðstæður eru tilraunir til að loka sig af frá umheiminum og þá geta komið fram einhverfulík einkenni svo sem rugg og önnur sjálfssefjandi hegðun, örvilnun, eða þá að þau sýnist mjög félagslynd og gefa sig þá algerlega að nýju foreldrunum, sem eru í þeirra augum næstir í langri röð umönnunaraðila. Fyrstu dagarnir saman geta verið krefjandi þegar barn og foreldrar eru að kynnast og hefja nýtt líf saman sem fjölskylda og algengt er að börn eigi við tilfinningalega erfiðleika að stríða og erfiðleika sem tengjast svefni og daglegum athöfnum til dæmis við að matast, við böðun, bleyjuskipti eða í leik. Foreldrar geta tekið eftir þroskaseinkun á þessum fyrstu dögum sem hverfa fjótlega eftir að barnið er komið í örvandi umhverfi, til dæmis barn sem getur ekki rúllað af baki yfir á maga lærir að sitja sjálft á nokkrum dögum. Þó sum börn taki þroskakipp, geta sum einnig hörfað aftur í þroska tímabundið en ná sér fljótt á strik aftur. Börn sem hafa dregið sig í hlé og sýna sjálfssefjandi hegðun geta haldið því áfram á þessu skeiði aðlögunarinnar. Miller segir að verðandi foreldrar hafi áhyggjur af heilsufari barnsins fyrstu dagana eftir að það kemur til þeirra og bendir á leiðir til að mæta áhyggjunum. Gott þykir til dæmis að vita fyrirfram hvaða tvítyngdir læknar eru á því svæði sem barnið kemur frá og að sendráð geti oft gefið upp slíkar upplýsingar. Einnig að foreldrar hafi símanúmer eða netfang eigin læknis heima.

Miller bendir á að fyrir foreldra á ferðalaginu heim sé gagnlegt að gera ráðstafanir til dæmis í löngum flugferðum og vera viðbúin því að álag geti orðið mjög mikið fyrir barnið. Viðbrögð þess við meðal annars langar kyrrsetur, ofþornun, ókunnugum mat, þreytu og tilfinningalegu álagi samfara ættleiðingunni getur gert ferðalagið einstaklega krefjandi og ekki er ólíklegt að barnið bregðist við með miklum og óhuggandi gráti. Þegar heim er komið hefst lokaskeið fyrstu aðlögunar barnsins inn í kjörfjölskylduna, fyrstu dagarnir og vikurnar á nýju sameiginlegu heimili. Börnin jafna sig yfirleitt fyrr á erfiðu heimferðalagi heldur en foreldrarnir. Tengsl milli barns og foreldra byrja að styrkjast þennan fyrsta tíma heima og samband við systkini (og stundum jafnvel foreldri) sem urðu eftir heima þarf að byrja að

myndast. Sumir foreldrar verða að hefja vinnu tiltölulega fljótlega eftir heimkomu en það tefur fyrir tengslamyndunar- og aðlögununarferlið. Á þessu skeiði verður raunveruleg þroskageta barnsins sýnilegri og matar- og algengir svefnerfiðleikar verða fljótlega meira áberandi auk annarra erfiðleika sem einnig geta verið til staðar. Erfiðleikar við að matast geta tengst erfiðleikum við að borða fasta fæðu, en aðstoð frá iðjuþjálfara eða talmeinafræðingi getur verið hjálpleg. Aðrir erfiðleikar við að matast geta einnig komið fram: sum börn eru óseðjandi og borða „eins og vörubílstjórar“, sum hamstra mat innan í kinnum, önnur verða mjög óróleg og kvíðin við að verða sett í barnastól áður en maturinn er tilbúinn. Sum börn hamstra eða fela mat. Önnur börn eru lystarlítill og biðja sjaldan eða aldrei um mat og virðist sem skynjun þeirra af því að vera svangur eða saddur sé trufluð. Sum börn hafa þörf fyrir að nota pela í langan tíma eftir heimkomu og ættu foreldrar að leyfa þeim það þar sem pelinn getur verið mikilvæg uppspretta öryggis og vellíðunar fyrir barnið. Svefnerfiðleikar eru mjög algengir eftir heimkomu meðal barna (og einnig foreldra) og tengjast þeir tímasetningu svefntímans, lengd hans, hvar barnið sefur og gæði svefnsins. Ólíkt algengum svefnerfiðleikum sem nýburar og ung börn eiga stundum við að etja, þá eru nýættleidd börn að ganga gegnum gríðarlegar lífsbreytingar, óöryggi, missi, sorg og tengslamyndunarferli við nýja fjölskyldu sem hefur áhrif á svefnmynstur þeirra og eru það ekki tilraunir til að stjórna foreldrum eða slæmar svefnvenjur sem eru aðalorsök vandans. Svefnráðgjöf til nýrra kjörforeldra verður að taka tillit til þessara þátta (Miller, 2005). Mary Hopkins-Best segir í bók sinni *Toddler Adoption: The Weaver's Craft* að kjörforeldrar ættu ávallt að gera ráð fyrir því að ósk barns eftir samskiptum við foreldrið eða huggun frá foreldrinu sé tilraun til að reyna að tengjast og að foreldrum beri því að svara óskum barnsins tafarlaust, dag sem nótt, og líta á allt slíkt frumkvæði frá barninu sem tækifæri til að styrkja tengslin við það (Hopkins-Best, 1997).

Miller (2005) fjallar einnig um aðlögun kjörforeldra að nýju hlutverki og bendir á að ímynd ættleiðinga er gjarnan eingöngu jákvæð út á við og að í blöðum og bókum megi mestmegnis lesa hamingjusögur um að ættleiða barn frá útlöndum og að flestir nýjir kjörforeldrar séu gagnteknir og hamingjusamir með nýja barnið sitt. Miller undirstrikar hins vegar að sumir foreldrar finni einnig fyrir ættleiðingarþunglyndi eða eftirsjá en segi oftast ekki frá þessum tilfinningum þar sem þeir skammist sín eða finnist vandræðalegt að hafa slíkar tilfinningar gagnvart barninu sem svo mikið þurfti að leggja á sig til að eignast. Ættleiðingarþunglyndi geti átt margar ástæður, svo sem óvæntur heilsufarsvandi barnsins eða óvænt þroska- eða heðgunarfrávik sem virðast óviðráðanleg. Aðlögun að nýju

foreldrahlutverki, svefnskortur og erfiðleikar við að tengjast nýja barninu eru þættir sem geta stuðlað að ættleiðingarpunglyndi.

Tilfinningatengsl milli foreldra og barns myndast á mjög löngum tíma samhliða líkamlegri nánd milli barns og foreldra og við daglega umönnun barnsins. Tilfinningar eins og ást til barnsins og löngun til að annast það eru fyrstu merkin um tengsl sem eiga eftir að dýpka með tímanum. Miller bendir á að tengslamyndun sem hefst um leið og ættleitt barn og nýjir foreldrar hittast (*e. instant attachment*) sé goðsögn og að foreldrar nýrra barna þurfi að vita að það sé eðlilegt að finna ekki fyrir tafarlausum tengslum við nýfætt eða nýættleitt barn og að nýættleidd börn geti hafnað öðru eða báðum foreldrunum. Það er mikilvægt að kjörforeldrar einir sinni grunnþörfum barnsins eins og mögulegt er fyrstu vikurnar og mánuðina eftir ættleiðingu þar sem að samvera við barnið og að sinna grunnþöfum þess, svo sem að næra, baða, skipta um bleyju og svæfa, eru byggingarsteinar tilfinningatengsla milli barns og foreldra. Þessar athafnir eiga aðeins kjörforeldrarnir að sjá um og aðrir velmeinandi ættingjar og vinir sem vilja hjálpa nýjum foreldrum geta gert það með því að aðstoða við heimilsverkin, en ekki með því að sinna grunnþöfum ættleidda barnsins. Með því að takmarka aðgang annarra að barninu kenna foreldrarnir barninu að treysta þeim og að skilja að aðalhlutverk þeirra sé að vera aðal umönnunaraðilar barnsins og þeir einir (Miller, 2005).

3.2.6 Uppeldi og umönnun ættleiddra barna

Ýmsar aðferðir hafa verið þróaðar til að styðja kjörforeldra í uppeldis- og umönnunarhlutverkinu og þó að engin ein leið henti öllum börnum og foreldrum er gagnlegt að hafa nokkrar meginreglur að leiðarljósi. Að vera foreldri barns með tengslaerfiðleika eins og mörg ættleidd börn eru með fyrsta tímann og jafnvel í lengri tíma eftir ættleiðingu, getur verið afar gefandi, en það getur líka verið krefjandi uppeldi sem krefst gríðarlegs þolimæðis, þekkingar, ástríðu, ástúðar, samkenndar og kunnáttu. Andrúmsloft fjölskyldunnar þarf að vera tiltölulega friðsælt, einkennast af innbyrðis ánægju, vera öruggt, skipulagt og það þarf að búa hverjum og einum frjósamt umhverfi til að þroskast og dafna. Það er afar mikilvægt að foreldrar hugi einnig að tilfinningarlegri vellíðan sinni, haldi húmor sínum og yfirsýn. Einnig að þeir leiti eftir stuðningi ef á þarf að halda, svo sem einstaklingsráðgjöf, hjónaráðgjöf, fjölskylduráðgjöf og/eða að þeir leiti eftir stuðningi meðal annarra foreldra. Þar sem börn sem lifað hafa við erfiðar aðstæður búa gjarnan yfir seiglu (*e. resilience*) og vegna mikilla hæfileika mannsheilans til að heila sig með endurnýjun og endurskipulagningu, er mögulegt að hjálpa barni með erfiðan bakgrunn að tengjast, vaxa og dafna.

Það krefst þó í senn bæði foreldrafærni byggða á þekkingu, innsæi og næmni sem og faglegum stuðningi og íhlutun þegar það á við. Afar mikilvægt sé þó að fagaðilar hafi þekkingu og skilning á sérstökum aðstæðum ættleiddra barna og fjölskyldna þeirra (e. *adoption friendly professionals*) (Keck og Kupecky, 2009; Schofield og Beek, 2006; Schooler og Atwood, 2008).

Patty Cogen fjallar í bók sinni *Parenting Your Internationally Adopted Child* um mikilvægi þess að kjörforeldrar beiti virku uppeldi (e. *proactive parenting*) við uppeldi ættleiddra barna. Uppeldisaðferðin einkennist af því að foreldrið er sá sem hefur oftast frumkvæðið að samskiptum við barnið (e. *the initiator*) í stað þess að vera sá sem einungis svarar tjáskiptum barnsins (e. *the responder*). Sá sem beitir slíku fyrirbyggjandi uppeldi, leitast við að þekkja þarfir barnsins, sjá erfiðleikana fyrir áður en þeir verða að veruleika og er ávallt skrefinu á undan frekar en á eftir barninu. Þegar óumflýjanlegar áskoranir koma upp, er foreldrið viðbúið og getur afstýrt þeim áður en þær fara úr böndunum. Ein leið fyrir foreldri að ná góðum árangri er að vera móttækilegur og skilningsríkur gagnvart skilaboðum barnsins og svara þörfum þess tafarlaust, en Cogen bendir á að þessi nálgun sé ávallt viðeigandi þegar ættleitt barn á í hlut (Cogen, 2008).

Það er mikilvægt að styrkja þá foreldra sem taka að sér að ala upp börn með erfiða fortíð þar sem þeir eru mestu áhrifavaldar á líf þeirra. Hugtakið „*therapeutic parenting*“ er hugtak sem hefur rutt sér æ meira til rúms vestan hafs og einnig í Evrópu. Uppeldi sem felur í sér „*therapeutic parenting*“ er sérhæft uppeldi sem felur í sér að litið er á foreldrið sem nokkurs konar meðferðaraðila barnsins þegar það er að kjást við erfiðleika með til dæmis aðlögun, tengslamyndun eða annað sem tengist ættleiðingunni. Rökin fyrir því að foreldrarnir séu þátttakendur í meðferð barnsins eru að tengslamyndun byggir á gagnkvæmu sambandi og eru foreldrarnir lykilaðilar í sambandinu við barnið. Foreldrarnir eru aðalummönnunaraðilar allan sólarhringinn og eru þar af leiðandi í þeirri aðstöðu að geta haft mest áhrif á barnið. Uppeldi barna sem eiga í erfiðleikum með að tengjast nýjum kjörforeldrum getur verið mjög krefjandi vegna fyrri reynslu þeirra. Til að styðja við barnið á sem bestan hátt þurfa nýjir kjörforeldrar að læra að eiga samskipti við barn sitt á sama hátt og kynforeldrar við nýbura sína því það er mikilvægt að foreldrar og börn nái að stilla sig saman til að vel takist til. Hlutverk fjölskylduráðgjafa getur hér verið veigamikil en hlutverkið felur fyrst og fremst í sér að styðja og þjálfva foreldrana til að verða meðferðaraðilar (e. *therapeutic agents*) fyrir börnin (Berger, 2011; Ziegler, 2002).

The Trust Based Relational Intervention® (TBRI®) er gagnreynt úrræði sem hefur verið notað bæði af foreldrum og fagaðilum og nýtist sérlega vel í uppeldi og nálgun ættleiddra barna og annarra barna sem eiga það sameiginlegt að hafa að baki sögu vanrækslu, áfalla og ofbeldis. Úrræðið byggir á nýjustu rannsóknum á sviði taugalífeðlisfræða (*e. neurobiology*), tengslafræða (*e. attachment theory*), þroska barna (*e. child development*) og uppeldisfræða (*e. pedagogy*). Það sem er einstakt við aðferðina er að hér er um nálgun að ræða sem horfir á barnið á heildrænan hátt, ekki einungis á hegðun þess, og er þörfum barnsins mætt á mörgum sviðum í einu. Aðferðin er fjölskyldumiðuð, tekur bæði til barns og foreldra og lítur á foreldrana sem lykilpersónur þegar kemur að því að styrkja barnið og er efling foreldranna veigamikill þáttur við árangursríka eflingu barnsins. Lögð er áhersla á að fræða foreldra svo þeir þekki og skilji samhengið milli fyrri reynslu barnsins og líðan og hegðun þess og til þess að þeir geri sér grein fyrir því hvaða þættir í hegðun barnsins megri rekja til fyrri reynslu. Aðferðin einkennist líkt og í virku uppeldi á samkennd foreldris með barninu en einnig á gjörhygli í uppeldinu (*e. mindful parenting*). Einn megintilgangur með *TBRI®* aðferðinni er að skapa sterkan grundvöll fyrir barnið sem einkennist af öryggi og trausti (*e. felt safety*) og sem stuðlar í kjölfarið að því að koma á jafnvægi í efnavirkni heilans og bæta heilaheilsu barnsins (*e. brain health*). Rannsóknir (sjá til dæmis Perry og Pollard, 1998) í heilaproska og taugalífeðlisfræði heilans (*e. neurobiology of the brain*) sýna að viðvarandi vanræksla í frumbersku geti haft alvarleg áhrif á heilaproska barns og skapað ójafnvægi í taugaboðefnabúskap hans. Má þar á meðal nefna langvarandi virkjun (*e. chronic activation*) ótta-flótta viðbragðsins (*e. fight, flight or freeze system*), offramleiðslu á stresshormónum líkamans, svo sem stresshormónsins cortisol sem getur leitt til orfurárvekni (*e. hyper-vigilance*), og truflun í taugaboðefnaframleiðslu heilans til dæmis offramleiðslu örvandi taugaboðefna heilans og vanframleiðslu róandi taugaboðefna. Taugaboðefni (*e. neurotransmitters*) eru kemísk efni sem hafa það hlutverk að senda skilaboð milli tauga í heilanum og þau hafa annars vegar örvandi (*e. excitatory*) áhrif á taugakerfið og hins vegar hamlandi (*e. inhibitory*) áhrif sem róar taugakerfið. Örvandi taugaboðefni eru epinephrine (adrenaline), norepinephrin (noradrenalin), dopamine, glutamate, beta-phenylethylamin (PEA) og histamine, en róandi taugaboðefni eru serotonin og GABA. Serotonin, róandi taugaboðefni, er talið mikilvægasta taugaboðefnið og það hefur áhrif á skapferli og almenna virkni (*e. arousal*). Það stýrir einnig áti og svefni og gegnir hlutverki í skynjun sársauka. Of lítið magn serotonins tengist hvatvísi og árásargirni og það gegnir hlutverki í geðrænum vandamálum eins og þunglyndi, kvíða, árattu

og þráhyggjuröskun sem og geðhvarfasýki. Það má auka serotoninmagn líkamans með ýmsum leiðum svo sem með næringarríkri fæðu, með öruggri snertingu, með líkamlegri útrás og hreyfingu ásamt því að lifa í öruggu og skipulegu umhverfi, en algengasta leiðin til að stilla magn serotoninins í líkamanum er með lyfjagjöf. Eins og kom fram hér að framan er eitt meginmarkmið *TBRI*[®] að reyna að koma á jafnvægi í framleiðslu taugaboðefna hjá börnum með erfiðan bakgrunn og rannsóknir Purvis og Cross sýna að með *TBRI*[®] aðferðinni er hægt að minnka magn stresshormónsins cortisol, minnka þunglyndi barnsins og tengslahegðun þess. Það sé hægt vegna einstakra hæfileika heilans til endurskipulagningar og aðlögunar (e. *plasticity of the brain*). Í *TBRI*[®] er lögð áhersla á snemmtæka íhlutun til að koma í veg fyrir vanda síðar meir. Uppeldisaðferðin gengur út á að efla barnið (e. *empower*), líkamlega, andlega og tilfinningalega og er sértök áhersla lögð á tengslastyrkingu milli barns og foreldra (e. *connect*) og með hegðunarmótun (e. *correct*). Leiðir í nálguninni eru fjölmargar og útfærðar og sem dæmi má nefna notkun markvissrar raddbeitingar og viðmóts sem byggir á leik og gáska með aðferðum *Theraplay*[®] (e. *playful interaction*), skynörvun (e. *sensory stimulation*), öruggri snertingu (e. *safe touch*), hreyfingu, stjórnun í næringarinntaki, atferlismótun og félagsmótun til dæmis með notkun félagsfærnisagna, speglunar og virkri kennslu í samskiptum. Aðferðinni er beitt áfram eftir því sem barnið vex úr grasi. *TBRI*[®] úrræðið var þróað við Institute of Child Development og eru aðalhöfundar þess forstöðukonan og sálfræðingurinn Karyn Purvis og samstarfsmaður hennar David Cross. Þau eru jafnframt aðalhöfundar bókarinnar *The Connected Child* sem fjallar á einfaldan og aðgengilegan hátt um *TBRI*[®] (Purvis o.fl., 2007; Purvis o.fl., 2009; Purvis og Cross, 2006; Purvis og Cross, 2010).

3.2.7 Stuðningur og úrræði

Álag á kjörfjölskyldur er mismikið, en nú orðið er almennt viðurkennt að þær hafi þörf fyrir stuðning hvort sem álagið er mikið eða lítið. McKay, Ross og Goldberg benda á að nánast öll stuðningsúrræði fyrir fjölskyldur í samfélögum beinast að kynfjölskyldum. Þær segja það mikilvægt að taka tilliti til þess að munur geti verið á reynslu kjörforeldra af uppeldi barna samanborið við reynslu kynforeldra þar sem þeir geti haft öðruvísi áhyggjur og stuðningsþörf en þeir (McKay o.fl., 2010). Stuðningur hefur jákvæð áhrif á vellíðan kjörfjölskyldna. Atkinson og Gonet greindu frá því í rannsókn sinni að margir kjörforeldrar telji að stuðningur að ættleiðingu lokinni sé þeim og börnum þeirra mjög dýrmætur (Atkinson og Gonet, 2007). Stuðningsþörf kjörfjölskyldna er mismikil en í Bandaríkjunum hefur komið í ljós að

kjörfjölskyldur leita eftir þjónustu fagstétta þrisvar sinnum oftar en kynfjölskyldur (Smith, 2010).

Stuðningur við kjörfjölskyldur getur verið af ýmsum toga bæði fyrir og eftir ættleiðingu og getur í senn verið formlegur og óformlegur. Til formlegs stuðnings heyrir aðgangur að stofnunum samfélagsins sem eiga að styðja við allar fjölskyldur landsins, svo sem heilbrigðisstofnanir, eftirfylgd í heilsugæslu, mennta- og uppeldisstofnanir (leik- og grunnskólar), sértæk undirbúningsfræðsla fyrir kjörforeldra, sértæk fræðsla um uppeldi kjörbarna og kjörforeldrastuðningur og ráðgjöf. Óformlegan stuðning er að finna í nærumhverfi kjörfjölskyldna til dæmis í formi stuðnings stórfjölskyldunnar og stuðnings annarra kjörforeldra og vina. Í aðdraganda ættleiðingar er mikilvægt að væntanlegir kjörforeldrar hafi aðgang að viðeigandi sértækri undirbúningsfræðslu og jafnframt stuðningi og ráðgjöf fagaðila. Eftir ættleiðingu þurfa aðgengileg samfélagsleg þjónustuúrræði að vera fyrir hendi fyrir þær fjölskyldur sem þess þurfa. Þörf fyrir þjónustu er eðlilegur þáttur í lífi og þroska kjörfjölskyldu og sem ekki þarf að gefa til kynna vanvirkni innan fjölskyldueiningarinnar. Ráðgjöf og stuðningur getur stutt alla aðila ættleiðingarþríhyrningsins, kynforeldra (séu þeir til staðar), kjörforeldra og kjörbarn. Öryggisnet styðjandi úrræða eftir ættleiðingu verndar og viðheldur kjörfjölskyldueiningunni (Child Welfare Information Gateway, 2006).

Mikilvægi heilsugæslunnar eða þeirra sem veita þjónustu til fjölskyldna með ung börn er óumdeilanlegt fyrir kjörfjölskyldur. Heilbrigðisstarfsfólk sem mætir kjörfjölskyldum þarf að vita um sérstakar þarfir og öðruvísi hliðar kjörfjölskyldulífs svo veita megi fjölskyldunum viðeigandi þjónustu og stuðning. Til þess að unnt verði að veita viðeigandi þjónustu þarf þekking um aðlögun kjörforeldra að nýju foreldrahlutverki og aðlögun kjörbarns að nýrri fjölskyldu að vera til staðar, en foreldrar geta til dæmis verið með nýtt barn sem er þriggja ára gamalt en ef til vill enga reynslu af því að vera foreldri. Margir kjörforeldrar ganga í gegnum mikla aðlögun við að verða foreldrar eftir langan aðdraganda og geta auk þess haft áhyggjur af tengslamyndun og andlegum áhrifum ættleiðingarinnar á barnið. Mikilvægt er að tekið sé mark á áhyggjum foreldranna svo veita megi viðeigandi stuðning (Smit, 2010).

NACAC (North American Council on Adoptable Children) í Bandaríkjunum stóð árið 2010 fyrir rannsókn á PAS-þörf kjörfjölskyldna (*e. post-adoption service needs of adoptive families*). Tilgangurinn var að reyna að skilja til fulls og meta hvaða stuðningsúrræði og hvaða þjónusta það væri sem leiddi til jákvæðrar niðurstöðu fyrir kjörfjölskyldur. Safnað var upplýsingum um reynslu fjölskyldna af ættleiðingafarlinu, þjónustuþarfir og óskir um úrbætur. Niðurstöður rannsóknarinnar byggja á svörum yfir 1.100

kjörforeldra í Bandaríkjunum og Kanada sem ættleitt höfðu yfir 2.590 börn, annars vegar með innanlandsættleiðingu og hins vegar millilandaættleiðingu. Niðurstöður sýna að meirihluti þátttakenda, eða 2/3 hlutar þeirra, greindi frá erfiðleikum sem höfðu neikvæð áhrif á lífsgæði fjölskyldnanna. Algengustu erfiðleikarnir tengdust tilfinningalegum vandamálum og hegðunarvandamálum. Mikill hluti barna þátttakenda áttu í erfiðleikum í skóla (986 börn) eða annars staðar í samfélaginu og töldu foreldrar að aukinn skilningur meðal fagfólks á ættleiðingartengdum málefnum myndi minnka erfiðleikana sem börnin áttu við að stríða. Flestar fjölskyldur greindu frá stuðningsþörf fyrsta árið eftir ættleiðingu og margir foreldrar sögðu frá aukinni þörf fyrir stuðningi eftir því sem tími leið frá ættleiðingu og börnin yxu úr grasi. Aðspurðir um óuppfylltar þarfir, nefndu foreldrar oftast fræðsluþörf. Foreldrarnir nefndu einnig að erfitt væri að finna fagaðila á geðheilbrigðisviði með viðeigandi sérþekkingu og 39% foreldra lýstu áhyggjum yfir því að börnin þeirra fengju ekki nægilega geðheilbrigðisþjónustu. Foreldrar í rannsókninni voru beðnir um að meta þá þjónustu sem þeir höfðu notað. Þjónusta sem þótti gagnleg var til dæmis fjárhagsstuðningur, ráðgjöf og stuðningur frá öðrum reyndum kjörforeldrum, heilbrigðisþjónusta, foreldraþjálfun og foreldrafræðsla, umræðuhópar á netinu og fréttarit. Í svörum foreldranna komu einnig fram hugmyndir um hvað gæti haft jákvæð áhrif fyrir fjölskyldur þeirra og þeir nefndu:

- Að hvetja alla fagaðila innan ættleiðingarfélaga og innan barnaverndar að sækja sér sérþekkingu um tengslamyndun og um geðheilsutengd vandamál og úrræði.
- Að eyða fordómum gagnvart því að leita sér hjálpar.
- Að umgangast aðrar fjölskyldur sem deila sömu reynslu, sérstaklega þar sem slíkt samband getur gert dagleg vandamál sem fjölskyldurnar mæta að eðlilegum áskorunum í fjölskyldum sem þessum.
- Að auka aðgengi að upplýsingum og úrræðum fyrir foreldra.

Foreldrarnir voru einnig beðnir um að nefna fjögur atriði sem þeir töldu mikilvægustu úrbæturnar við þróun þessara mála í framtíðinni. Eftirfarandi atriði voru oftast nefnd:

- Aukin ættleiðingarfærni (*e. adoption competency*)
- Aukin geðheilbrigðisþjónusta
- Aukin fræðsla fyrir kjörforeldra
- Aukin áhersla á fagþekkingu og stuðning

(North American Council on Adoptable Children, 2010).

Rannsóknir sýna að margar kjörfjölskyldur ná á árangursríkan hátt að takast á við áskoranir sem fylgja því að vera kjörfjölskylda. Þörf er á rannsóknum sem bæta við þekkingu um þá þætti í lífi kjörfjölskyldna sem leiða til árangurs og hvaða þættir hindra jákvæða þróun. Einnig er mikilvægt að skoða ættleiðingar í samfélagslegu og menningarlegu samhengi og greina eiginleika þeirra og þarfir. Með fleiri rannsóknum og þekkingu um kjörfjölskyldur verður hægt að þróa alhliða styðjandi líkan fyrir virkni kjörfjölskyldna sem leggur áherslu á að greina styrkleika og veikleika í tengslum við ættleiðingar með tilliti til samfélagslegra og menningarlegra áhrifavalda. Kjörfjölskyldur geta þurft á meðferðarlegum úrræðum og stuðningi að halda á lífsleiðinni er þær mæta fordómum og kljást við þá umframábyrgð sem aðrar fjölskyldur bera að jafnaði ekki. Sumar þeirra geta þurft á miklum stuðningsúrræðum að halda á meðan aðrar geta best nýtt sér fræðslu og styðjandi aðgerðir sem miða að því að „normalisera“ þær áskoranir sem kjörfjölskyldur mæta, sem nýta og ýta undir styrkleika þeirra og sem stuðla að velgengi kjörfjölskyldnanna (O'Brien og Zamostny, 2003).

3.2.8 PAS (e. post-adoption services) í öðrum löndum

Í nágrennalöndunum bæði vestan hafs og austan má sjá áhugaverða þróun í umræðunni um PAS-þörf kjörfjölskyldna og þróun stuðningsúrræða fyrir kjörfjölskyldur. Í október árið 2010 birti Evan B. Donaldson Adoption Institute í Bandaríkjunum skýrslu sem ber heitið *Keeping The Promise: The Critical Need for Post-Adoption Services to Enable Children and Families to Succeed. Policy and Practice Perspective*. Í skýrslunni sem er sú fyrsta sinnar tegundar í heiminum, má finna yfirgripsmestu samantekt þekkingar á PAS-sviðinu fram að þessu. Tilgangurinn með gerð hennar var að auka skilning almennings, fagstétta og stjórnámalamanna á þessu mikilvæga málefni og að stuðla að breyttri forgangsröðun og auknu fjárstreymi frá stjórnvöldum í þágu skilvirkra, aðgengilegra úrræða sem stuðla að því að viðhalda og styrkja kjörfjölskyldur. Breiður stuðningur er að baki skýrslunni bæði af hálfu opinberra stofnana sem og annarra aðila sem vinna á sviði ættleiðinga í Bandaríkjunum. Í skýrslunni eru skoðaðar hinar ýmsu þarfir kjörfjölskyldna fyrir þjónustu og stuðningi. Þar er gerð grein fyrir þeim áskorunum sem fjölskyldurnar standa frammi fyrir, hvaða þættir það eru sem stuðla að stöðugleika í kjörfjölskyldum, sem hafa annars vegar hamlandi og hins vegar verndandi áhrif á börn og foreldra og sem segja fyrir um jákvæðari, sem og neikvæðari aðlögun eftir ætteiðingu. Skýrsluhöfundur leggur fram tillögur að breytingum sem eiga að stuðla að því að skapa skilvirka þjónustu við allar kjörfjölskyldur eftir ættleiðingu í því skyni að tryggja stöðugleika fyrir börn

sem eiga þess ekki kost að lifa með kynfjölskyldum sínum og til að hjálpa þeim við að þroskast og dafna og njóta sín til fulls (Smith, 2010).

Á Norðurlöndunum hefur umræðan um PAS verið áberandi um langa hríð. Árið 2001 var haldin 12. ráðstefna Nordic Adoption Council undir yfirskriftinni *Post-Adoption Service in the Nordic Countries* og samfara ráðstefnunni birtu samtökin stefnuskjal um þjónustu og stuðning eftir ættleiðingu (*Post-Adoption Service in the Nordic Countries*) ásamt skilgreiningu á hugtakinu PAS (sjá viðauka J). Á NAC ráðstefnunni *First Global Adoption Research Conference* í Kaupmannahöfn árið 2005 var aðal þemað einnig þjónusta eftir ættleiðingu. Erindin og umræðurnar snerust þá um nánari skilgreiningar á hugtakinu PAS og um þörfina á úrbótum á þessu sviði kjörfjölskyldum til góða. Markviss þróun hefur átt sér stað í þessum efnum hjá öðrum norrænum þjóðum síðasta áratuginn og hér á eftir verða nefnd nokkur áhugaverð verkefni sem hefur verið hrint í framkvæmd þar.

Árið 2007 kom út handbók fyrir heilsugæsluhjúkrunarfræðinga í Svíþjóð *Handbok för BVC sjuksköterska vid mottagande av adoptivbarn*. Í handbókinni eru tillögur að útfærslu þjónustu við væntanlega kjörforeldra fyrir ættleiðingu og við eftirfylgd í ungbarnavernd. Í handbókinni er fjallað um eftirfarandi: ættleiðingarferlið, fyrstu tengsl við fjölskylduna, ónæmar bakteríur, heilbrigðisskoðun ættleiddra barna, foreldrastuðning í hóp, mataræði og næringu, tannheilsu, húð, hreyfiproska, vaxtarkúrfu, kynproska og vöxt, tengslamyndun, heyrn, málproska og aðlögun í leikskóla (Barnhälsovårdsenheterna i Skåne/Halland, 2007). Samfara útgáfu handbókarinnar var gefið út leiðbeinandi tímaskema fyrir eftirfylgniþjónustu í ung- og smábarnavernd þar sem fram kemur nákvæm tímasetning og útfærsla eftirfylgdarinnar fyrstu sex mánuði eftir heimkomu. Aðrar norrænar þjóðir hafa einnig útfært nákvæm yfirlit yfir eftirfylgni með nýjum kjörbörnum og fjölskyldum þeirra og gera til dæmis norðmenn ráð fyrir tímaramma sem tryggir tveggja ára sérhæfða eftirfylgd með kjörbörnum áður en þau færast yfir í hefðbundið ungbarnaefirlit.

Danir hafa lengst af haft forystu í ættleiðingarmálum á Norðurlöndum og þeir hafa einnig þróað margs konar markviss úrræði fyrir kjörfjölskyldur. Í Danmörku fór fram tilraunaverkefnið *Post Adoption Services (PAS) rådgivning* á árunum 2007-2010, en verkefnið gekk út á að bjóða öllum kjörfjölskyldum upp á ráðgjöf fyrstu þrjú árin eftir ættleiðingu þeim að kostnaðarlausu. Danska ríkið úthlutaði 10,8 milljónir danskra króna til verkefnisins. Ráðgjöfin fólst í fimm viðtölum við fjölskylduráðgjafa sem höfðu sérþekkingu um ættleiðingartengd málefni og reynslu af fjölskylduráðgjöf. Í matsskýrslu að verkefninu loknu kom fram að á

tímabilinu frá 2007 til 2010 nýttu 345 fjölskyldur sér PAS-ráðgjöf í Danmörku í 1117 ráðgjafatilfellum. Ástæður þess að kjörforeldrar leituðu eftir ráðgjöf voru erfiðleikar í tengslum við sjálfsbjargarhvöt barnsins, erfiðleikar í tengslum við túlkun skilaboða frá barninu, tengslaerfiðleikar, erfiðleikar vegna streituvíðbragða barnsins, erfiðleikar vegna reynslu barnsins af stofnanadvöl, erfiðleikar í tengslum við mat og á matmálistímum, erfiðleikar vegna viðbragða foreldranna sjálfra þegar barnið kom inn í fjölskylduna, erfiðleikar vegna viðbragða við því að skera sig úr meðal fjölskyldna auk annarra ástæðna. Í ljós kom að það sem kjörforeldrar voru óruggastir með var foreldrahlutverkið sjálft, en óryggið olli þeim vanlíðan þar sem þeir fundu fyrir vanmætti þegar reynslan af eigin uppeldi nýttist þeim ekki í uppeldi kjörbarnsins. Bráðabirgðaniðurstöður tilraunaverkefnisins gáfu til kynna jákvæð áhrif PAS-ráðgjafar fyrir kjörforeldra, en eftir ráðgjöf töldu 77% foreldra sig betur í stakk búna til að leysa úr ágreiningi við barnið, 81% foreldra töldu sig öruggari í foreldrahlutverkinu, 60% þeirra töldu sig skilja betur hegðun og viðbrögð barnsins, 58% foreldra töldu að barnið hafi lært betur að sýna þeim umönnunarpörf sína, 41% fundu fyrir aukinni samskiptagetu við barnið. Í heildina leiða niðurstöður tilraunaverkefnisins í ljós að PAS-ráðgjöf stuðlar að miklu leyti að jákvæðri þróun innan kjörfjölskyldna sem til langframa gagnast ættleiddum einstaklingum um ævina og styrkir bæði börn og foreldra. Einn tilgangur PAS-verkefnisins í Danmörku var einnig að auka þekkingu og efla fagmennsku meðal þeirra sem starfa að ættleiðingum innan stjórnkerfis, heilbrigðiskerfis og menntakerfis (í leik- og grunnskólum) og í því skyni hafa PAS-ráðgjafar staðið fyrir þemadögum fyrir fagfólk víðs vegar um landið með góðum árangri. Þar sem PAS-tilraunaverkefnið í Danmörku skilaði góðum árangri, var 5 milljónum danskra króna úthlutað til PAS-verkefna af fjárlögum fyrir árið 2012 og 2013 og í mars 2012 var sett á laggirnar föst ráðgjafarþjónusta fyrir danskar kjörfjölskyldur á vegum danskra yfirvalda. Sérstakir sérþjálfaðir PAS-ráðgjafar sinna nú þjónustunni og greiða fjölskyldur gjald sem nemur 100,- danskra króna fyrir hvert ráðgjafatilfelli (Familiestyrelsen, 2010; Familiestyrelsen, 2012).

Finnar hafa haft forystu um þróun ættleiðingarfræðslu til fagstétta. Þar í landi var þróunarverkefnið *Riksomfattande utveckling och spridning av god praktik inom området för adoption (Vahke)* unnið á árunum 2007-2009. Verkefninu var stýrt af þverfaglegum hópi og innan hans voru gerðar rannsóknir meðal annars á upplifun kjörforeldra af ættleiðingarferlinu auk þess sem þróað var nýtt fræðsluefni til notkunar í fræðslu fyrir fagstéttir þar sem fagþekking og sérþarfir kjörfjölskyldna fara ekki alltaf saman. Tillögur stýrihóps *Vahke*-verkefnisins voru meðal annars að auka kröfur um

fagþekkingu meðal þeirra sem þjónusta kjörfjölskyldur og í grunnmenntun félags- heilbrigðis- og uppeldisstétta auk þess að þróa stuðningsúrræði fyrir væntanlega kjörforeldra og fyrir kjörfjölskyldur eftir ættleiðingu. Stuðningsúrræðin eftir ættleiðingu verði fjölskyldunum tryggð strax eftir ættleiðingu og síðan eftir þörfum á mismunandi lífsskeiðum og er hér átt við bæði grunnþjónustu sem og sérstaka þjónustu (FSKC, 11/2009; FSKC Rapport, 8/2009).

Í Svíþjóð hafa nú þegar verið farnar ýmsar leiðir til að efla aðgengileg samfélagsleg stuðningsúrræði fyrir kjörfjölskyldur, meðal annars með því að byggja upp svæðisbundin stuðningsnet fyrir kjörfjölskyldur til dæmis stuðningsnet fyrir kjörfjölskyldur í suð-vestur Svíþjóð, *Regionalt resursnätverk i Västra Götaland*, með því að setja á fót frá árinu 2007 net fagaðila með sérþekkingu á ættleiðingarsviðinu, *Adoptionsrådgivarna, svenskt professionellt nätverk av personer med särskild adoptionskompetens*, og með því að koma á fót miðstöðvar fyrir kjörfjölskyldur, til dæmis í Gautaborg, *Göteborgs stads Adoptionsrådgivning*, og í Stokkhólmi, *Resurscenter för adopterade och deras familjer*. Í vettvangsheimsókn rannsakanda til *Resurscenter för adopterade och deras familjer* í Stokkhólmi lýsti Rikka Norrbacka Landsberg sem veitir miðstöðinni forstöðu, margþættu hlutverki miðstöðvarinnar en stærsta verkefnið er að veita ráðgjöf og stuðning til kjörforeldra og fagfólks sem og að miðla upplýsingum um félög og fagaðila sem vinna með ættleiðingartengd málefni. Miðstöðin heldur einnig undirbúningsnámskeið fyrir væntanlega kjörforeldra í umboði miðstjórnarvalds Svía í ættleiðingarmálum, *MIA (Myndigheten för internationella adoptionsfrågor)*, og eru námskeiðin samtals 21 klst. að lengd, sjö skipti þrjá tíma í senn. Einnig er að finna hjá miðstöðinni upplýsingar um ýmiskonar fræðsluefni um ættleiðingar og vísanir á gagnlegar vefsíður. Miðstöðin rekur einnig svo kallaðan opinn leikskóla (*sæ. öppen förskola*) fyrir kjörfjölskyldur og börn þeirra frá 0-6 ára, en hugmyndin að baki þessari tegund leikskóla er að foreldrar geti komið með börnin sín þangað og verið með þeim án þess að skilja þau eftir. Þetta er einstaklega gott fyrirkomulag fyrir kjörforeldra og börn þeirra í upphafi tengslamyndunarferilsins. Miðstöðin hefur einnig því hlutverki að gegna að standa fyrir fyrirlestrum og málþingum um ættleiðingartengd málefni og að miðla þekkingu til þeirra fagstétta sem þjónusta kjörfjölskyldur. Miðstöðin skipuleggur auk þess stuðningshópa fyrir kjörforeldra (Rikka Norrbacka Landsberg, munnleg heimild, 28. september 2011).

Víða erlendis hefur verið bent á mikilvægi þekkingar- og stuðningsmiðstöðva fyrir kjörfjölskyldur og fagfólk. Í Bandaríkjunum eru nú

víða starfandi stofnanir og samtök sem veita slíka þekkingu og stuðning og einnig í Bretlandi. Á Norðulöndunum hefur allt frá ráðstefnu NAC árið 2001 til ráðstefnu NAC s.l. haust 2011 verið til umræðu að setja á fót slíkar þekkingarmiðstöðvar um ættleiðingar hjá hverri norrænni þjóð og/eða ef slíkt reynist of erfitt eða kostnaðarsamt í framkvæmd fyrir þjóðirnar, þá verði að minnsta kosti ein sameiginleg norræn þekkingarmiðstöð um ættleiðingar sett á laggirnar í framtíðinni.

3.2.9 Samantekt

Hér að framan hefur verið fjallað um kjörfjölskyldur, kjörforeldra og kjörbörn, og hvað það er sem skilur reynslu þeirra frá reynslu annarra fjölskyldna. Einnig var fjallað um undirbúning væntanlegra foreldra fyrir nýtt og krefjandi hlutverk, aðlögun og uppeldi ættleiddra barna, stuðningsþörf fjölskyldnanna og þróun stuðningsúrræða sem gagnast hafa kjörfjölskyldum í öðrum löndum. Í næstu köflum verður sagt frá framkvæmd rannsóknarinnar sem þessi ritgerð byggir á sem og helstu niðurstöðum hennar.

4 Framkvæmd rannsókna

Rannsóknin var unnin með aðferðum eiginlegra rannsókna og fór vinnsla og gagnaöflun fram á árunum 2005-2012, aðallega í tveimur lotum 2005-2006 og 2009-2012, en hlé var gert á rannsóknarvinnunni meðal annars vegna fæðingarorlofs og aðlögunar ættleidds barns eftir ættleiðingu sem og vegna starfa á ættleiðingarsviðinu. Í upphafi stóð einungis til að greina undirbúningsfræðslu fyrir kjörforeldra og kanna hug kjörforeldra til hennar en fljótlega þótti einnig mikilvægt að skoða hópinn í víðara samhengi og þá með tilliti til eftirfylgdar og stuðnings að ættleiðingu lokinni. Hér á eftir verður sagt frá rannsóknarspurningunni og frá þeim aðferðum sem notaðar voru til að svara henni.

4.1 Rannsóknarspurning og þátttakendur

Rannsóknarspurningin sem leitast var við að svara og sem liggur til grundvallar í rannsókninni er eftirfarandi:

Hver er reynslan af því að ættleiða barn af erlendum uppruna og hvernig er upplifun foreldra af undirbúningsfræðslu, eftirfylgd og stuðningi að ættleiðingu lokinni?

Til að svara rannsóknarspurningunni og öðlast sem gleggsta mynd af kjörfjölskyldum og aðstæðum þeirra hér á landi voru tekin viðtöl við tólf kjörforeldra. Nokkur meginþemu voru skilgreind í upphafi rannsóknarinnar sem mynduðu svo ramma sem viðtalsspurningar voru samdar út frá. Þemun fjölluðu í stórum dráttum um daglegan veruleika, undirbúningstímann og undirbúningsfræðslu, ættleiðinguna sjálfa, tímann eftir ættleiðingu, úrræði sem styðja við fjölskyldurnar að ættleiðingu lokinni og fagþekkingu á sviðinu (sjá Viðauka C).

Við val á þátttakendum var notað markvisst úrtak (*e. purposefully selected individuals/sampling*), en hugmyndin á bak við notkun á markvissu úrtaki er sú, að rannsakandinn reynir á markvissan hátt að velja þátttakendur, staði eða skjöl sem eykur skilning á viðfangsefninu og hjálpar til við að svara rannsóknarspurningunni (Creswell, 2003). Rannsakandi bað foreldra sem

tóku þátt í rannsókninni um að benda á aðrar fjölskyldur sem þeim þótti líklegar til að hafa áhuga á þátttöku. Þetta eru viðurkenndar og mikið notaðar aðferðir við að finna þátttakendur fyrir eigindlegar rannsóknir (Kvale, 1996; Taylor og Bogdan, 1998). Reynt var að finna eins fjölbreytilegan hóp viðmælenda og mögulegt var og þannig voru þátttakendur búsettir bæði í þéttbýli og á landsbyggðinni, foreldrar voru í hjónabandi, fráskildir og einhleypir og innan fjölskyldnanna var reynsla af börnum með eðlilegan þroska, börnum með greindri fötlun, greindri tengslaröskun og öðrum skilgreindum sérþörfum. Börnin voru frá þremur mismunandi upprunalöndum. Lykilþátttakendur (*e. key informants*) í rannsókninni voru foreldrar í 7 kjörfjölskyldum og tóku samanlagt 12 foreldrar þátt í rannsókninni. Fjöldi kjörbarna í fjölskyldunum var 13 en í sumum fjölskyldum voru fleiri en eitt kjörbarn og einnig voru kynbörn í fjölskyldum en þau eru ekki talin með hér. Börnin 13 voru ættleidd til Íslands á árunum 1998 – 2010 og voru á aldrinum 5 mánaða til þriggja ára við heimkomu. Þegar fyrstu viðtölin voru tekin voru börnin á aldrinum tveggja til átta ára gömul.

4.2 Aðferð

Hér á eftir verður greint frá rannsóknaraðferðum, öflun þeirra rannsóknargagna sem safnað var, skráningu þeirra og greiningu.

Sú rannsóknaraðferð sem notast var við í rannsókninni er hin eigindlega rannsóknaraðferð (*e. qualitative research method*). Eigindleg rannsóknaraðferð á rætur að rekja til fyrirbærafræðanna (*e. phenomenology*) þar sem áhersla er lögð á að skilja félagsleg fyrirbæri frá sjónarhóli einstaklingsins og rannsaka hvernig einstaklingurinn upplifir heiminn. Einkenni eigindlegar rannsóknaraðferðar er að hún byggir á lýsandi (*e. descriptive*) rannsóknargögnum og aðleiðslu (*e. induction*). Um er að ræða grundaðar kenningar (*e. grounded theory*) þar sem kenningar spretta fram og grundvallast á rannsóknargögnunum sjálfum en eru ekki settar fram í upphafi rannsóknar eins og í meginlegum rannsóknum (*e. deduction*). Eigindlegar rannsóknir varpa ljósi á persónulega reynslu fólks og í þeim er leitast við að skilja hvaða merkingu og skilning fólks leggur í líf sitt og athafnir. Í þeim fá meðal annars ýmsir jaðarhópar samfélagsins vettvang til þess að tjá skoðanir sínar. Markmiðið í eigindlegum rannsóknum er ekki að sanna eða afsanna tilgátur heldur að veita innsýn í líf fólks (Bogdan og Biklen, 1998; Taylor og Bogdan, 1998). Creswell (2003) fjallar um fjórar aðferðir eiginlegra rannsókna; þátttökuathugun, viðtöl, greining formlegra og óformlegra gagna sem og notkun ljósmynda. Í viðtali tekur rannsakandi

viðtal við þátttakendur í eigin persónu eða símleiðis þar sem viðmælendur segja frá reynslu sinni með eigin orðum í þeim tilgangi að rannsakandi geti öðlast skilning á reynslu þeirra og upplifunum og til að fá sem gleggsta mynd af þeim og aðstæðum þeirra (Creswell, 2003). Í rannsókninni voru hálfopin viðtöl tekin við kjörforeldra, þau tekin upp á segulband og á stafrænt upptökutæki og samkvæmt vinnubrögðum í eigindlegum rannsóknaraðferðum voru þau síðan afrituð í tölvu frá orði til orðs til að fá tækifæri til að rannsaka gögnin nákvæmlega. Eftir öflun og skráningu gagnanna voru vettvangsnótur greindar og var það gert með því að lesa öll gögnin yfir vandlega mörgum sinnum og dregin fram þau meginþemu sem þar var að finna. Þemun voru síðan borin saman milli viðtala til þess að finna sameiginlega þætti. Margendurtekinn lestur gagna veitti dýpri innsýn og skilning á viðfangsefninu. Í rannsókninni voru tekin alls 19 viðtöl við kjörforeldra og fagaðila. Ellefu þeirra voru við kjörforeldra á heimilum þeirra eða á öðrum viðeigandi stöðum. Þar sem hlé varð á rannsókartímanum voru tekin eftirfylgniviðtöl þar sem lögð var áhersla á að kanna hvort breytingar höfðu orðið á högum fjölskyldna, viðhorfum og líðan.

4.3 Undirbúningur og framkvæmd

Rannsóknin stóð yfir frá september 2005 til júní 2012 með hléum. Rannsóknin var tilkynnt til Persónuverndar. Viðtöl voru tekin í tveim lotum, þeirri fyrri á tímabilinu október 2005 - maí 2006 og seinni á tímabilinu júlí 2010 – júní 2011. Aðgengi að þátttakendunum var gott og fyrir milligöngu Íslenskrar ættleiðingar var hringt til fyrstu kjörforeldranna og þeir beðnir um að veita viðtal. Ekki var um persónuleg kynni milli rannsakanda og þátttakenda að ræða í fyrstu, þó að rannsakandi hafi í sumum tilfellum heyrt viðkomandi fjölskyldu getið áður. Þar sem tími leið milli fyrri og seinni vinnslutímabils rannsóknarinnar voru eftirfylgniviðtöl tekin á seinna tímabilinu. Í flestum tilfellum var farið heim til fjölskyldnanna og tekin viðtöl á heimilinu en einhverjir foreldranna sem voru búsettir úti á landi nýttu ferðir til Reykjavíkur og voru viðtöl þá tekin á opinberum stöðum þar sem hægt var að fá næði. Í viðtölunum var stuðst við viðtalsspurningar (sjá viðauka D, E og F) sem voru samdar út frá nokkrum meginþemu (sjá viðauka C) sem lagt var upp með í upphafi, en jafnframt var lögð áhersla á að leyfa fólki að tala frjálsglega um þá þætti sem skipti það mestu máli í tengslum við efni rannsóknarinnar. Þátttakendum var í upphafi gerð grein fyrir því að við skráningu gagna og framsetningu á niðurstöðum rannsóknarinnar yrði gætt fyllsta trúnaðar gagnvart þeim og börnum þeirra og öll persónugreinandi einkenni þurrkuð út. Þetta er sérlega mikilvægt í litlum samfélögum líkt og er hér á landi. Leið sem valin var til að tryggja órekjanleika var að nota engin

nöfn, heldur vísa einungis í viðmælendur sem móðir eða faðir. Einnig var valið að greina ekki frá upprunalöndum barnanna.

4.4 Takmarkanir rannsóknarinnar

Hér hefur verið aflað ítarlegra upplýsinga um þessar kjörfjölskyldur en hafa ber í huga að um lítinn hóp er að ræða og því er ekki hægt að alhæfa um allar kjörfjölskyldur út frá reynslu þeirra. Rannsóknin segir frá reynslu viðmælenda á þeim tímum sem viðtölin voru tekin og endurspeglar upplifun þeirra þá. Þrátt fyrir þessar takmarkanir tel ég að þær niðurstöður sem hér er sagt frá geti gefið mikilvægar vísbendingar um reynslu og aðstæður fleiri kjörfjölskyldna á Íslandi.

Það er mikilvægt fyrir rannsakanda eigins vettvangs að setja sig í gagnrýnar stellingar við rannsóknarvinnuna en jafnframt nýtist þekking og persónuleg reynsla af viðfangsefninu afar vel og er mikilvæg. Of mikil tengsl við rannsóknarefnið og rannsóknarhópin geta verið varasöm og það er því brýnt að rannsakandi sé meðvitaður þar um ef það á við (Bogdan og Biklen, 1998). Sem kjörforeldri höfðu tengsl mín við rannsóknarefnið bæði kosti og galla í för með sér við rannsóknarvinnuna. Ég tel þó að mín eigin menntun, reynsla og bakgrunnur hafi mögulega getað haft áhrif á vilja foreldranna til þátttöku og einnig á það sem viðmælendur kusu að deila með mér.

Á meðan tengsl mín hjálpuðu mér við að nálgast viðmælendur sem gáfu ítarlega, persónulega og ómetanlega innsýn í líf sitt, þá reyndu þau að sama skapi á mig sem rannsakanda og kröfðust þess af mér að leitast ávallt við að stíga út úr mínum daglega ramma við rannsóknarvinnuna. Meðan á rannsóknarferlinu stóð voru eigin skoðanir lagðar til hliðar til að tryggja að úrvinnslan byggðist eingöngu á þeim gögnum sem var aflað og endurspegluðu viðhorf foreldranna. Aðrar leiðir til að tryggja áreiðanleika rannsóknarinnar voru meðal annars að gæta þess að skapa nægilega fjarlægð gagnvart rannsóknarefninu á meðan á vinnunni stóð til að öðlast sem besta yfirsýn, að gæta fyllstu nákvæmnis í skráningu vettvangsnótna og annarra upplýsinga sem tengdust rannsókninni, að marglesa og greina gögnin til að finna sameiginlega þætti hjá viðmælendum. Við túlkun og framsetningu gagnanna var mikilvægt að hafa í huga að setja hlutina fram þannig að þeir yrðu gagnlegir þeim sem málið varðar.

5 Niðurstöður

Hér að framan í kafla tvö og þrjú var gerð grein fyrir þáttum sem höfðu verið skilgreindir sem mikilvægir til að öðlast skýra mynd af stöðu kjörfjölskyldna á Íslandi; stefnumótun íslenskra stjórnvalda varðandi ættleiðingar, hlutverk félagsins Íslenskrar ættleiðingar, undirbúningsfræðslu fyrir væntanlega kjörforeldra og eftirfylgd og stuðningi fyrir kjörfjölskyldur að ættleiðingu lokinni. Hér á eftir verður gerð grein fyrir niðurstöðum úr viðtölum við lykilþátttakendurna í rannsókninni, kjörforeldrana sjálfa. Meginþemur sem voru skilgreind í upphafi rannsóknarinnar og sem mynduðu rammann sem viðtalsspurningarnar voru samdar út frá fjölluðu um kjörfjölskylduna sjálfa, kjörforeldrana og kjörbörnin, um undirbúning undir nýtt foreldrahlutverk og biðtímann fram að ættleiðingu, ættleiðinguna sjálfa, fyrsta tímann eftir ættleiðingu, stuðning við fjölskyldurnar að ættleiðingu lokinni og fagþekkingu á sviðinu (viðauki C). Flestir foreldranna höfðu hugmyndir um úrbætur varðandi undirbúningsfræðslu, eftirfylgd og stuðning eftir ættleiðingu.

5.1 Um kjörfjölskyldurnar

Fjölskyldurnar í rannsókninni voru sjö talsins frá höfuðborgarsvæðinu og úr stórum og litlum þéttbýlissvæðum um landið. Þær voru ólíkar að gerð, samsetningu og stærð, alls 12 foreldrar, sjö mæður og fimm feður á aldrinum 35 til 49 ára þegar fyrstu viðtölin voru tekin. Í fjölskyldunum sjö voru ýmist eitt, tvö eða þrjú kjörbörn, alls 13 börn. Þau höfðu verið mislengi hjá kjörforeldrum sínum þegar viðtölin voru tekin, elsta barnið hafði verið 7 ár en yngsta í tæpt ár. Ættleiðingarár þeirra voru frá 1998 til 2010. Í fimm fjölskyldnanna voru einungis um að ræða kjörbörn en í tveimur þeirra voru einnig eldri kynbörn sem ekki eru talin með hér. Flestir foreldranna höfðu háskólamenntun að baki eða sambærilega sérmenntun á sínu sviði. Allir foreldrarnir voru í vinnu þegar viðtölin voru tekin, nema tvær mæðranna sem voru í fæðingarorlofi með nýættleidd börn sín. Ein einhleyp kona var í hópnum. Tvennir kjörforeldrar höfðu reynslu af því að ala upp kynbarn áður en þeir ættleiddu fyrsta barn sitt og tvennir aðrir höfðu reynslu af því að vera fósturforeldrar. Ein hjónin höfðu verið stuðningsfjölskylda óskylds barns með sérþarfir. Aðspurðir um ákvörðunina um að ættleiða barn með millilandaættleiðingu, tilgreindu allir nema ein hjón ófrjósemisvanda sem ástæðu. Ein hjónin lýstu því þannig: „Við höfðum löngun til að eignast heilbriggt barn og alvöru fjölskyldu eða líf í húsið og inn í lífið.“ Tvenn

hjónanna hafa skilið síðan fyrstu viðtölin voru tekin og sagði annar faðirinn í fyrsta viðtalinu að erfiðleikar sem fylgdu aðlögun eldra barns þeirra, sem var illa á sig komið líkamlega og andlega við heimkomu, hafi haft mikil áhrif á hjónabandið. Hann sagði að eftir fyrsta tímenn heima með barnið hafi komið brestir í hjónabandið.

Börnin 13 í fjölskyldunum eru upprunnin í þremum löndum. Flest barnanna komu til nýrra foreldra sinna af stofnunum fyrir munaðarlaus börn í upprunalöndunum en nokkur höfðu reynslu af því að lifa hjá fósturfjölskyldu um skemmri eða lengri tíma fyrir ættleiðingu. Nokkur barnanna höfðu dvalist á fleiri en einni stofnun fyrir ættleiðingu og jafnvel líka hjá fósturfjölskyldu. Aldur barnanna við ættleiðingu var frá 5 mánaða til 3 ára. Lengsti tímenn sem barn hafði dvalið á stofnun í upprunalandinu var þrjú ár. Mörg barnanna voru í slæmu líkamlegu og andlegu ásigkomulagi þegar þau komu fyrst til foreldra sinna. Nokkur náðu sér á strik á fyrsta árinu en önnur ekki. Meðal barnanna 13 eru 8 börn með sérstakar þarfir sem ýmist voru þekktar fyrir ættleiðingu eða sem komið hafa í ljós eftir því sem börnin eru að vaxa úr grasi. Þau börn eru í öllum fjölskyldunum.

5.2 Upplifun af kjörforeldrahlutverkinu

Það kom á óvart hversu sterka þörf foreldrarnir höfðu fyrir að segja frá reynslu sinni af því að mynda fjölskyldu með því að ættleiða barn með millilandaættleiðingu. Frásagnirnar af upplifun þeirra af kjörforeldrahlutverkinu einkenndust í senn af hamingju og auglýnilegri samkennd og ástúð í garð barnanna en jafnframt af vanlíðan í ættleiðingarferlinu öllu og sérstaklega frammi fyrir erfiðum verkefnum í tengslum við börnin og umönnun þeirra. Foreldrunum fannst mikilvægt að til væru aðgengilegar upplýsingar um erfiðu hliðarnar við að ættleiða barn og ala það upp. Einn faðirinn lýsti þessu þannig: „Það þarf ekki að tala um hamingjuna eða gleðina eða allt þetta góða ... það er hitt sem að þarf að tala um.“ Móðir sagði:

Og umræðan um að þetta sé allt svo æðislegt og þetta sé allt svo frábært, hún á bara ekki rétt á sér. Ég meina, ég er ekkert að segja að við eigum bara að mála skrattann á vegginn, en við verðum að vera svolítið raunsæ sko, því að við erum náttúrulega að fá fullt, fullt af foreldrum sem vita ekki neitt.

Ein móðir sagði að henni finnist ímyndin af kjörfjölskyldum í samfélaginu vera röng. Að hún sé af hamingjusömu fjölskyldunni „þar sem allt er í

lukkunar velstandi og allir ótrúlega hamingjusamir ... þú sérð bara glansmyndir, en lífið er bara ekki alltaf þannig.“ Faðir sagði: „Maður heyrði lengi framan af ekkert nema mjög jákvætt um þetta ferli, að þetta væri bara ekkert mál og allt yndislegt, en svo er margt sem hefur komið manni verulega á óvart síðan.“ Einni móður fannst að ættleiðing mætti ekki vera svona mikið feimnismál og að það þurfi að opna umræðuna meira.

Þó að reynslan hafi oft á tíðum verið mjög krefjandi, vildu foreldrarnir meina að upplifunin af því að ættleiða barn væri á heildina litið jákvæð og að hún hafi „auðgað og þroskað“ þá á margan hátt og að reynslan hafi verið „mannbætandi“. Þeir hafi kynnst upprunalandi barnsins og ólíkum heimi, „ættleiðingarheiminum“, þau hafi lært margt nýtt og þroskað með sér meiri þolinmæði. Sumir foreldrar nefndu að þeir hefðu lært að tileinka sér öðruvísi væntingar til barnsins síns og hefðu aðrar áherslur í uppeldinu en til dæmis systkini sín eða aðrir í nærumhverfinu. Ein móðir sagðist finna að kynforeldrar væru gjarnan afslappaðri í uppeldinu á meðan þau hjónin reyndu að nota meira af atferlismótandi uppeldisaðferðum, meiri aga og hefðu meiri strúktúr kringum barnið sitt. Aðrir kjörforeldrar voru minna meðvitaðir um uppeldisaðferðir sínar, meira leitandi og óöryggir í foreldrahlutverkinu. Þeir foreldrar sem höfðu ættleitt fleiri en eitt barn sögðust hafa öðlast meira öryggi í foreldrahlutverkinu eftir því sem tíminn leið. Ein móðir sagði í eftifylgni viðtali: „Áður var þetta svo óraunverulegt en núna náttúrulega elska ég hana út af lífinu og ég lifi fyrir hana sko 120%.“ Hún sagðist vera farin að skilja betur tenginguna milli fortíðar og líðan dóttur sinnar og að hún hefði viljað vita meira um þessi mál miklu fyrr. Önnur tveggja barna móðir lýsti því hvernig hún breyttist gegnum ættleiðingarferlin sín tvö:

Ég var náttúrulega bara clueless þegar ég lagði af stað. Var náttúrulega yngri og bara að fara að eignast barn og mér fannst þetta æðislegt og frábært. Mér fannst það alveg líka þegar ég fór aftur en ég gerði mér alveg grein fyrir því þá að þetta yrði brjáluð vinna. Núna er ég reynslunni ríkari og tel mig bara skrambi gott foreldri, ég veit að ég geri allt til þess að mínum börnum líði vel, þetta er bara mitt verkefni þessa dagana að vera mamma.

Ein móðir sagði:

Það var erfitt í fyrstu. Ég var að takast á við þetta hlutverk að verða móðir og allt í einu föst inni af því að ég er ein með hana,

Þetta var ofsaleg breyting, mjög skrýtið. Þarna hefði ég viljað undirbúa sjálfa mig betur, að fá stuðning til að skilja betur hvaða breytingar eiga sér stað þegar þú verður foreldri, þú hættir að vinna, þú ert búinn að skapa þér karríer, þú ert búin að vera á útopnu eins og fólk gerir sem er barnlaust, það hangir ekki heima. Og þetta varð rosalegt áfall fyrir mig, ekki bara það að hún svaf illa, heldur líka að allt í einu fannst mér ég missa svolítið fótanna.

Önnur móðir lagði mikla áherslu á að tengsl sín við dótturina væru þau sömu og ef hún væri kynbarn og að þau hjónin hefðu sömu væntingar og þrjár gagnvart henni og þau myndu hafa gagnvart hverju öðru barni sem þau gætu átt. Önnur móðir lýsti reynslu sinni þannig:

... í fyrsta lagi, þegar þú kemur heim með ættleidda barnið að þá er væntingarnar til þess að verða foreldri alveg þær sömu og ef þú færir á fæðingardeildina. Tilfinningarnar sem bærast innra með, innra með foreldrum, eru alveg þær sömu. Þú ert alveg jafn brothættur alveg sama hvora leiðina þú ferð.

Einni móður fannst að þeir sem ætluðu að ættleiða barn þyrftu að skilja að reynslan af því að eignast ættleitt barn væri töluvert frábrugðin því sem gerist þegar kynbörn koma inn í fjölskyldur:

Fólk sem er að ættleiða í fyrsta sinn, þó svo það eigi barn heimagera áður, eða þú veist, fyrir, það hefur ekki hugmynd um út í hvað það er að fara. Þetta er ekkert eins og að fara heim af fæðingardeildinni með barn sem er sofandi 20 tíma af 24 mögulegum sem að nýburi gerir ... þetta er bara allt annað ... og það er ekkert garntí að þú fáir barn sem að bara gengur innan gæsalappa „mjög vel með“, ég meina þú getur fengið barn sem er með heiftarlegar sýkingar eða mikið lasið eða í alla vega ásigkomulagi.

Önnur benti á að þó að dóttir hennar væri 15 mánaða gömul og hefði verið hjá þeim í tvo mánuði, þá hafði hún sjálf bara tveggja mánaða reynslu af því að vera í móðurhlutverkinu: „Maður má ekki gleyma því að við erum sko ungir foreldrar þó að börnin okkar séu ekki ungabörn.“

5.3 Að vera kjörfjölskylda á Íslandi

Foreldrar lýstu upplifun sinni af því að vera kjörfjölskylda á Íslandi á þá leið að fjölskyldan félli ekki inn í fjöldann, væri öðruvísi útlitslega, að fjölskyldan væri með önnur vandamál en ef „maður hefði fengið barn með gömlu góðu aðferðinni“ og að þeir gerðu þar af leiðandi aðrar kröfur til samfélagsins um þjónustu. Einni móður fannst mikilvægt að uppfræða fólk um ættleiðingar til að koma í veg fyrir vanþekkingu og fordóma svo enginn þyrfti eins og þau að fá spurninguna um hvort fólk stundi til boða að skila barninu ef í ljós kemur að það er eitthvað að. Hún sagði: „Það er í ætt við hugmyndir fólks um að maður fari og velji sér barn.“ Fleiri sögðust upplifa forvitni úr nánasta umhverfi sem óþægilega ágengni og dónaskap og nefndu spurningar sem þeir höfðu fengið, til dæmis „Vitið þið eitthvað um bakgrunninn?“ „Vitið þið um foreldrana og af hverju hún var gefin?“ „Hvað ætlið þið að gera þegar hann verður stór?“ „Sérðu fyrir þér hvernig barnabörnin þín verði?“ eða: „Nei, talar hún íslensku?““ Ein móðir sagði: „ ... svo verð ég alveg foxill ef fólk fer að tala um hvað ég sé góð, þetta hefur ekkert með það að gera ... ég fékk bara þarna tækifæri til að upplifa mína drauma.“

Sumir foreldrar sögðu frá áhyggjum vegna fordóma í samfélaginu gagnvart þeim sem væru af öðrum uppruna. Einn faðir sagðist halda að ættleidd börn yrðu fyrir sömu fordómum í samfélaginu og aðrir sem skera sig á einhvern hátt úr. Hann sagðist þó ekki vera viss um að börnin sín hafi orðið fyrir beinum fordómum en nefndi að þau byrjuðu snemma að upplifa sig öðruvísi en hin börnin, að þau vildu vera ljóshærð, með ljósa húð og ekki svona „ljót“ á litinn. Sonur hans sagði: „ ... það eru vondir strákar með brún augu.“ Móðir sagði: „Það er mjög mikið af fordómum hér og ég hef fengið að heyra það, eins og frá móðursystur minni þegar, stelpa var nýkomin: “Æ Guði sé lof að hún sé nú bara ekki dekkri, hún má bara alls ekki dekkri vera.”“ Nýbökud móðir sagðist ekki hafa hugsað mikið út í þessi mál, en hafði „náttúrulega áhyggjur af því að hún gæti lent í einhverjum leiðindakommentum.“ Hún var farin að taka eftir því að algengar íslenskar barnabækur endurspegluðu aðallega líf ljóshærðra eða rauðhærðra barna. Hún sagði: „ ... maður fer að taka eftir svona hluti og gera kröfur um að umhverfið endurspegli fjölbreytileika fyrir barnið til dæmis í leikskólanum.“

Flestir foreldrar nefndu að þeir vildu leggja áherslu á upprunann í uppeldinu til að styrkja sjálfsmýnd barnsins. Mikilvægt væri að barnið fengi að alast upp með vitneskjuna um að það væri ættleitt og fengi jákvæða mynd af upprunalandinu. Ýmsar aðferðir voru notaðar til þess, meðal annars að tala opinskátt um þessi mál við börnin, skoða myndir frá upprunalandinu, halda hátíðisdaga upprunalandsins í heiðri, halda

upprunalega nafni barnins sem millinafni, kaupa bækur og leikföng sem endurspeglar fjölbreytileika til dæmis fígúrir með dökka húð og dökkt hár. Einnig reyndu einhverjir foreldranna að skapa tengslanet meðal annarra kjörfjölskyldna svo börnin fengju tækifæri til að hitta önnur börn sem líkjast þeim. Ein móðirin sagðist finna að ættleidd börn sæki stuðning hvert í annað ef þau hittast einhvers staðar og að þau skynji mikilvægi þess að eiga sérstaka vini sem líka eru ættleiddir. Einhleyp móðir kannaðist ekki við fordóma í garð sinnar fjölskyldu eða barnsins en hún hafði hins vegar upplifað fordóma í sinn eigin garð sem einhleyprar miðaldra móður. Það hafði leitt til þess að hún átti erfitt með að tengjast foreldraneti leikfélaga barnsins síns og upplifði sig þar af leiðandi utan við það foreldrasamfélag.

5.4 Biðtíminn - ósýnilega meðgangan

Aðdragandi ættleiðingarinnar, eða biðtíminn sem stundum er nefndur „hin ósýnilega meðganga“ reyndist mörgum erfiður og kvíðafullur, sannkallaður „tilfinningarússibani“ eins og ein móðirin orðaði það. Hjá mörgum einkenndist biðin af vonbrigðum, miklum tilfinningasveiflum milli vonar og uppgjafar, hræðslu við að ættleiðingin yrði aldrei að veruleika sem og mikið valdleysi. Einum föður fannst að mikil óvissa, óöryggi og tafir hafi einkennt biðina og þegar fór að líða að ættleiðingunni sjálfri hafi þau hjónin lítið getað sofið. Ein móðirin lýsti því hversu erfitt hafi verið að vera á valdi örlaganna og geta ekkert haft áhrif á gang mála:

... þú veist, að vera algjörlega á valdi örlaganna einhvern veginn bara, duttlunga einhvers. Og þú veist það voru alls konar hlutir „oh, nú nú loka þeir,“ bara eins og fuglaflensan þú veist, og einhverjar fréttir af einhverri ólgu í Kína þá hugsaði ég „oh, nú fer eitthvað af stað þarna og það endar með þú veist“ og ég náttúrulega, sá fyrir mér alls konar worst case scenarios í sambandi við það að þeir myndu bara hætta að ættleiða úr landi ... Þetta var svona algjörlega beyond my control.

Önnur móðir lýsti biðinni þannig:

Við lentum í því að reglum var breytt í landinu, þannig að þetta tók allt svo langan tíma, við áttum bara litlar myndir, áttum barn úti í níu mánuði. En fólk á líka barn í maganum í níu mánuði, maður má ekki heldur gleyma því. En það barn þarf kannski ekki að búa við þær hörmulegu aðstæður sem okkar

börn búa við, þannig að foreldrarnir kippast kannski ekkert rosalega mikið við þó að það geysi einhvers staðar hitabeltisflensa á einhvern af þessum stöðum, og það var flóð og alla vega svona, þannig að því leytinu til varð meðgangan ... erfiðari.

Ein móðir upplifði biðina þannig að hún varð hrædd við að leyfa sér að þrá barnið, hún sagði engum frá ættleiðingunni, ekki einu sinni sínum nánustu. Þegar nær dró ættleiðingunni og tafir komu upp í ferlinu brást hún við með uppgjöf og með því að reyna að útiloka allar sterkar tilfinningar eins og sársaukann og tilfinningaþrána:

... ég tók allar myndir niður og setti allt ofan í skúffu, ég tók barnaföt sem ég var búin að undirbúa og bara lagði allt til hliðar. Ég ákvað það að vera ekkert að tala um barnið mitt með mynd uppi á ísskáp eða í myndaramma og síðan kannski fengi ég aldrei að fara ... ég bara hugsaði, jæja, ókei það mátti reyna þetta ... ég útilokaði allan sársauka og alla tilfinningaþrá og þoldi mjög illa þegar fólk var að spyrja: Hvað er að fréttu?

Hjón lýstu biðinni þannig:

... þú í rauninni veist mjög lítið að hverju þú ert að ganga og á hverju þú átt von, hvenær hlutirnir gerast, og þú hugsar kemur eitthvað fyrir, er einhver hætta á að þetta gangi tilbaka, allt þetta fór í gegnum hugann á manni eftir að umsóknin var farin út sérstaklega. Þá fór maður að velta fyrir sér sko stoppum við einhvers staðar, eða verðum við þöruð saman við barn sem veikist svo, þá var hausinn kominn alveg á yfirsnúning þannig að þetta er ótrúlega erfiður tími ... og tíminn þangað til við fengum myndina, hann var alveg skelfing, sérstaklega síðustu tveir þrír mánuðurnir ...

Ein móðir sagði að þau hjónin hefðu reynt að hafa nóg fyrir stafni á biðtímanum, að þau hafi bæði lesið sér mikið til áður en þau fóru af stað í ættleiðingarferlið og á meðan þau biðu eftir barninu:

Ég var búin að vera að lesa og liggja á netinu sko, ég hugsa að það hafi verið gríðarleg traffík á internetinu frá mér ... ég var oft andvaka og hékk á síðunum, bæði íslensku og amerísku og á

Norðurlöndunum. En við sátum ekkert og töldum daga, við héldum alveg áfram, ég fékk mín angistarköst yfir barnleysinu en svona dags daglega var maður ekkert að hugsa um þetta, þú veist ég var ekkert að kaupa barnaföt, en auðvitað tók þetta mikið á mig og mér þótti þetta voðalega erfitt af því ég vissi að þetta væri ekkert alveg að fara að gerast.

Móður fannst úttekt yfirvalda óþægilega nærgöngul og það erfiðasta við ferlið. Hana langaði á einum tímapunkti að senda kvörtunarbréf en hætti við að senda það af hræðslu við að verða hafnað sem umsækjanda.

5.5 Fyrstu fundir barnanna við nýja foreldra

Ættleiðingarferðin og fyrstu stundirnar saman sem fjölskylda kom mörgum foreldranna í opna skjöldu og margir sögðust ekki hafa gert sér nægilega vel í hugarlund hversu krefjandi tími þetta yrði. Dagurinn sem flestir þeirra höfðu séð fyrir sér sem hamingjusamasta dag lífsins varð að erfiðasta deginum bæði þeirra og barnsins. Margir sögðust hafa upplifað sig einangraða og án stuðnings í ókunnugu landi. Sum voru með fársjúkt barn í höndunum og stóðu ráðþrota frammi fyrir aðstæðunum og voru líkt og börnin í áfalli. „ ... maður var alltaf með áhyggjur eiginlega allan tímann, eftir að við fengum barnið í hendur þá varla sváfum við eða borðuðum í heila viku.“ Lýsingar foreldranna af því þegar þau fengu börnin sín í fangið:

Drengur 17 mánaða gamall:

... og svo var barninu bara hent í fangið á mér ... og hann náttúrulega bara bregst hinn versti við og grætur og grætur og grætur, hann gjörsamlega bara trompast og æpir, það var svo mikil angist og hann bara hleypur og ég vissi ekkert hvernig ég átti að taka þessu ... það svoleiðis lak af mér svitinn ... barnið náttúrulega meðtók þetta ekkert og bara hljóp og ég á eftir ... og þetta var svo mikið áfall fyrir mig ég vissi ekkert hvernig ég átti að takast á við þetta, það var svo mikill sársauki og ég fann fyrir þessu heiftarlega sjokki. Svo komum við heim á hótél og hann er voða máttlaus og máttfarinn og hann skelfur og titrar, hann lá bara svona máttvana upp að mér, alveg freðinn, ég náði engu sambandi við hann ... hann byrjar aftur að gráta og grætur og grætur og svo fer hann að sýna hörku ... bara labbar inn á klósett, kíkir svo fram ofsalega reiður á svipinn og labbar

að dyrunum og reynir að komast út. Og hann reynir og reynir og reynir og ég ætla að taka hann, þá ýtir hann mér frá, svo bara allt í einu er eins og hann missi máttinn, bara pompar niður ... við höldum að hann væri komin með hálsbólgu, af því að hann átti erfitt með að kyngja, en þetta var bara svona ofboðsleg kvíðakynging ... og ég var náttúrulega alveg í sjokki yfir þessu. Barnið mitt, sem ég ætlaði nú loksins að fara að tengjast, hafnaði mér, ég var búin að búa fólkið í hópnum undir þetta, að þetta hugsanlega gæti gerst, en ekki endilega hjá mér.

Stúlka 10 mánaða gömul:

Hún gat ekkert. Hún gat ekki setið 10 mánaða gömul ... líkami hennar var linur. Hún fylgdist mjög vel með öllu til að byrja með en lokaði sig síðan alveg af og svaf, hún reyndi að sofa sig frá þessu. Hún var mjög torgryggin gagnvart öllum ... og enginn mátti horfa á hana. Hún var náttúrulega eins og lítill kjúklingur, með mjólkuróþol og stöðugan niðurgang af völdum þess.

Stúlka 13 mánaða gömul:

Hún var ekkert vel á sig komin og við vorum ekkert viðbúin öðru en að við fengum bara barn sem væri hraust. Barnið okkar var með nærri fjórtíu stiga hita ... og hún var vannærð, gat ekki sögið ... hún grét eins og stungin grís frá því að við sáum hana fyrst, hún sofnaði grátandi í fanginu á mér og svo morguninn eftir þegar hún vaknaði að þá rak hún upp öskur ...

Stúlka tæplega þriggja ára gömul:

Hún var lasin þegar við fengum hana í fangið og það gekk bara fánalega vel ... hún grét ekki greyið og hún streittist ekkert á móti, en ég svona hélt í hendina á henni og hún var bara í algjöru losti. Mér fannst þetta ótrúlega magískt móment sko og stórbrotið fyrir mig og erfitt fyrir hana ... svo komum við heim á hótél og hún sofnaði fljótlega og hún grét ekki neitt, gaf ekki frá sér neitt hljóð, sofnaði ... svo þegar hún vaknaði af blundinum, þá var það bara það sorglegasta sem ég hef upplifað, þá sko, þá þorði hún ekki að gráta. Hún svona hélt niðri í sér, hún hélt

niðri í sér grátinn. Hún þurfti að gráta en treysti ekki sitúasjóninni. Hún var bara hrædd, Jesús minn auminginn litli.

Stúlka 19 mánaða gömul:

... þá kemur labbandi á móti okkur, ofboðslega reið, lítil kona, sem var náttúrulega á fæti, hún kemur sko öskrandi út úr bílnum ... sveigð bara í U aftur á bak, skelfingu lostin, hún vissi ekkert hvað gekk á ... þar sem henni er skutlað í fangið á okkur bláókunnugu fólki ... og hún öskraði svoleiðis að það sko víbrúðu gluggarnir á skrifstofunni. Svo fer hún í svona hálfgerst sjokk en svo bara tók þetta mikla sorgarferli við ... og barnið fékk bara taugaáfall í flugstöðinni, grét alveg ofboðslega ... og tók svona ofsaköst þar sem að hún bara var stjórnlaus og eina leiðin var að hafa hana í burðarpokanum og halda fast þannig að hún slasaði hvorki sig né mig ... og þegar við lögðum svo af stað til Íslands þá var hún komin í svona doða.

Drengur 10 mánaða gamall:

Hann var skelfingu lostinn, svaf sig í gegnum ferlið, algjörlega, lokaði sig af og svaf. Hann kúrði sig bara að okkur og svaf. Leitaði samt að öryggi sko og svo svaf hann. Hann var skelfingu lostinn þegar hann sá pabba sinn.

Drengur 18 mánaða:

Hann bókstaflega hékk í okkur og leit ekki framan í nokkurn mann en þegar við komum inn á hótélherbergið varð hann alveg brjálaður, reif, tætti og öskraði.

Stúlka tveggja og hálfis árs:

Þar var alveg fullt af fólki, 48 hjón, eða sem sagt 48 börn sem voru til ættleiðingar og þarna voru börnin afhent hvert af öðru, svona hrikalegur skarkali ... en svo bara var komið með hana og hún er ofboðslega umkomulaus og ég horfi á hana og ég horfi á manninn minn og segi svona: „I'm not sure that this is the right one.“ En ég tek náttúrulega auðvitað barnið og þá er handleggirnir ... mér finnst ég vera næstum því að brjóta barnið af því það var ... algjör beinagrind ... þá bregður manni

mjög mikið út af því í hvernig ásigkomulagi barnið var í, hún var öll bitin á fótunum og með sár og öll blá, lappirnar á henni voru bláar einhvern veginn ... svo fer hún náttúrulega að grenja og hún grenjaði hátt, hún horfði á mig og byrjaði bara að öskra og ég vil meina að hún hafi farið í algjört lost og hún var öll máttlaus í höndunum á okkur ... ég hafði heyrt um einhvers konar ættleiðingarsjokk eða eitthvað slíkt og ef að það er til að þá var það alveg sannarlega að ske þarna með hana sko ... og við héldum á parti jafnvel að hún væri einhverf ... hún fékk svona störu og lamdi puttunum svona og réri sér á ákveðinn hátt og mér fannst stundum eins og við næðum ekki kontakt við hana. Og þú veist málið er það bara, þú verður alveg brjálæðislega hræddur, þú veist við vorum bara tvö, við höfum enga lækni menntun eða neitt og við vissum það að barnið gæti farið í þú veist þetta paralyzed ástand en hún reri hausnum svo brjálæðislega þú veist á kvöldin til þess að róa sig, en það var bara svo mikið að maður bara þú veist þegar maður situr og horfir á barnið sem þú ert búinn að bíða eftir og búinn að móta þér ákveðnar hugmyndir, það er það sem skeður, þú ert bara þó að maður ætli ekki að gera það, að þá bara, þú veist maður horfir á barnið sitt og maður segir bara: „Er eitthvað að barninu mínu?“ Þú veist, hvað er að því? ... Þetta var ekki svona bleikt ský sem að við héldum að þetta yrði.

Ekki voru þó öll börnin í jafnmiklu áfalli, ein stúlka brást svona við:

Þetta voru einhverjar 40 mínútur og eftir hálf tíma var hún bara orðin sæmileg sko, náttúrulega með tár í augunum, en svo sofnaði hún í fanginu á mér á leiðinni í rútunni, hún var með svona hálfgerðan ekka en síðan bara tveim tímum seinna þá var hún orðin brosandi og kát og alltaf upp frá því bara kick - ass sko.

Hjón sem höfðu farið í fleiri en eina ættleiðingarferð sögðu frá því að upplifunin úr þeim hafi verið ólík. Í fyrri ferðinni gekk tiltölulega vel með barnið og hið sama átti við hjá öðrum fjölskyldum í sömu ferð en í seinni ferðinni var reynslan mun erfiðari bæði fyrir barnið og fyrir þau sjálf. Þau sögðu að öryggið í fyrri ferðinni hafi sumpart stafað af því að þá voru þau í hópi með öðrum foreldrum sem voru að ættleiða börn en einnig vegna þess að skipulag og utnumhald var betra þá.

5.6 Fyrstu mánuðirnir saman

Þegar fjölskyldurnar komu loksins heim til Íslands eftir ættleiðingarferðina sögðu margir foreldranna að líkt og börnin væru þau úrvinda af þreytu og álagi. Sumir þeirra höfðu auk þess þjáðst af magakveisu í ferðinni sem gerði þeim enn erfiðara fyrir og aðrir höfðu þurft að fara með nýju börnin sín á sjúkrahús í upprunalandinu vegna óvæntra veikinda. Strax eftir heimkomu var komið að skylduheimsókninni til Barnaspítala Hringsins þar sem líkamlegt heilsufar barnanna var kannað og að því loknu komust fjölskyldurnar heim til sín. Fyrstu mánuðina og árið eftir ættleiðinguna áttu langflest barnanna í töluverðum aðlögunarerfiðleikum sem lýstu sér meðal annars í svefnerfiðleikum, kvíða, til dæmis aðskilnaðarkvíða eða almennum kvíða, tengslaerfiðleikum, erfiðleikum með að matast og fleira. Líkamlega náðu þau sér flest nokkuð fljótt eftir að þau komust í gott örvandi umhverfi eða eins og einn faðir orðaði það: „Maður var eiginlega svona með barn sem er sýnt fast forward í mynd sko.“

Eins og kemur fram í frásögnum foreldranna hér að framan, voru fyrstu klukkustundirnar og dagarnir saman með börnunum erfiðari en þeir höfðu búist við. Hið sama gilti um fyrstu mánuðina saman sem fjölskylda. Flest barnanna og sumir foreldrarnir áttu erfiðara með að aðlagast nýju lífi saman en búist hafði verið við. Einkennandi fyrir börnin voru miklar svefntruflanir fyrstu vikurnar og mánuðina heima: „Við vorum alveg í öngum okkar því barnið svaf ekki nema bara dúr og dúr og fyrir vikið náttúrulega svaf ég ekki neitt.“ Ein móðir sagði frá því að dóttir hennar hafði „hangið í sér eins og segull“ og átt í svefnerfiðleikum í sex mánuði eftir heimkomuna. Stelpan fékk martraðir eða „night terrors“ á þriggja tíma fresti allar nætur og það hafi verið sérlega krefjandi tímabil þar sem móðirin var einhleyp og ein með barnið „þetta var orðinn vítahringur.“ Annað barn gat ekki legið út af í rúminu vegna sársauka í eyrum og móðirin lýsti því þannig: „Í marga mánuði, frá ágúst og fram að jólum, þá sváfum við tvær sitjandi, hún gjarnan í poka framan á mér svo bara þúðum hlaðið í kring og þannig sváfum við.“ Enn eitt barnið „var með mikla svefnerfiðleika og svaf með opin augu og kreppta hnefa, nánast eins og í transi.“ Ein hjónin sögðust hafa grátið og verið alveg ráðþrota. Þau lýstu aðlögunartímanum þannig:

Við þökkum bara Guði fyrir, við skiljum þetta ekki enn þann dag í dag, af hverju nágrannar okkar hringdu ekki hreinlega á lögregluna til að athuga hvað væri að gerast hinum megin, það bara var skelfilegt. Okkur leið bara skelfilega. Maður bara grét

með henni og hugsaði hvað á maður að gera, hvert á maður að leita, hvað eigum við að gera?

Móðir sagði frá barni sem gekk í gegnum kröftugt sorgarferli:

Hann hafnaði mér frá byrjun og tók skapofsaköst þar sem hann var alveg stjórnlaus. Eina leiðin til að ráða við hann var að vera með hann í burðarpokanum og halda fast, hann bara öskraði stanslaust. Erfiðasti dagurinn okkar held ég hafi verið einir átta tímar af öskri. Þetta hélt áfram í sjö mánuði ... þetta náttúrulega bara gekk frá okkur algjörlega. Þetta reyndi mjög mikið á okkur foreldrana, maður var orðinn ofboðslega þreyttur og illa sofinn og bara tættur, þunglyndur og það var bara hræðilega erfiður tími. En þetta reyndi náttúrulega ekki síður á blessað barnið sem fyrir var á heimilinu, því að þarna kemur þessi litli kroppur inn og bara tekur yfir allt. Hann var engan veginn tilbúinn til að gútera okkur, þannig að við lögðum mikla áherslu á að ég byrjaði á að ná honum og svo tæki pabbi hans við. En á endanum var það náttúrulega bara þannig að hann varð að koma inn í, því að ég var bara, ég var bara að ganga frá sjálfri mér ... þetta var bara alveg ömurlegur tími, og erfitt að rifja upp.

Önnur móðir sagði:

Ég varð að taka eitt herbergið, herbergið þar sem við vorum með dótið hennar, það var sófi þar, rosalega mjúkur sófi, og við tókum allt út nema þennan sófa, allt dót og allt, þetta átti að vera leikherbergi sko, af því að ég varð að vera með hana einhvers staðar á stað þar sem hún gæti, þar sem hún myndi ekki bara skaða sig, og þar settist ég fyrir dyrnar, en ég hélt henni alltaf á meðan ég réði við hana, þá hélt ég henni alltaf hérna í fanginu og vissi ekkert hvort ég ætti að gera það eða ekki, en sleppti henni aldrei fyrr en hún var búin að gráta í fanginu á mér, ég sleppti henni ekki í tryllingi, því þá var hún bara upp um allt og út um allt, en hvort sem það hafi verið rétt eða ekki það náttúrulega veit ég aldrei.

Ein móðir lýsti jákvæðri reynslu:

Við vorum svo heppin að hún var mjög róleg og þetta gekk allt eins og í sögu. En ferðafélagar okkar áttu miklu erfiðara, þeirra barn var miklu verr statt, hann hafði greinilega verið mjög vanræktur á barnaheimilinu þar sem hann var. Hann var mjög erfiður og þau eru ennþá í erfiðleikum með hann. Þetta hefur verið mjög erfitt fyrir eldri dóttur þeirra, mikil tilhlökkun og mikil vonbrigði. Nýja barnið er SN-barn ... og hefur erfiða reynslu að baki.

Faðir lýsti fyrstu mánuðunum þannig:

... fyrstu mánuðirnir voru bara ... helvíti, þetta var alveg hreint hryllilegt. Við vorum á engan hátt, engan hátt undirbúin ... hún bara, stanslaust rugg, og hún var alltaf að meiða sig, kasta sér í gólfið og sló höfðinu alls staðar við sko, lagðist utan í eldhúsinnréttingar og ... barði hausnum í eða opnaði skápinn og skellti honum aftur og aftur og aftur og aftur og aftur, frá morgni til kvölds ... og að koma henni niður á kvöldin, þá voru þetta sko hreinlega bara öskur, það voru aldrei tár og alveg tóm í augunum, hún rúllaði, hún horfði aldrei á okkur sko, rúllaði þeim einhvern veginn til sko ... að þá var það náttúrulega öskur, hún stóð á öskrinu, og hún lagði sig alveg saman, bringuna alveg hérna niður að og og ég náði henni ekkert alltaf í sundur sko, ekki nema að beita öllu mínu afli. Hún sofnaði þannig, þetta voru svona 6 tíma tarnir þegar verið var að reyna að svæfa hana, stelpa náttúrulega vildi ekki sofna ... það trúir því enginn hvað þetta var erfitt ...

Ein hjón sögðu frá því þegar þau voru ráðþrota og eldri dóttir þeirra spurði: „Gráta mömmur og pabbar?“

5.7 Lífið heldur áfram

Eftir fyrstu mánuðina og árin skiptist á skini og skúrir hjá fjölskyldunum. Hjá sumum þeirra gekk fjölskyldulífið betur eftir því sem tíminn leið. Af börnunum þrettán hafa 8 átt við langvarandi erfiðleika að stríða eins og líkamlega fötlun, tengslaerfiðleika, kvíðaerfiðleika, skynreiðuvandamál, tilfinningaerfiðleika, hegðunarerfiðleika og svefnerfiðleika. Tvö barnanna

höfðu hlotið formlega greiningu og verið greind með tengslaröskun annars vegar og hins vegar ódæmigerða einhverfu. Í einu tilfelli höfðu foreldrar ekki leitað eftir aðstoð fagaðila með barnið þó að tilefni hafi verið til þar sem þeir töldu að barnið myndi hvort sem ekki fá viðeigandi greiningu. Í einu eftirfylgni viðtali lýsir móðir dóttur sinni við fimm ára aldur og þremur árum eftir heimkomu:

Það gengur á ýmsu sko. Hún er mjög kraftmikill krakki, hún er með stórt og mikið skap og hún gýs alveg hreint eins og púðurtunna. Hún er mjög glaðvær, hún er mjög örugg með okkur og hún treystir því alveg að við komum aftur og annað, en hún þarf rosalega stífan ramma og ekki síst þar sem við erum ekki til staðar, eins og til dæmis inni á leikskólanum. Og hann bara, er mjög erfitt að fá, eins vel og hún þarf.

Svefnvandamálin voru áberandi upp eftir aldri hjá sumum börnum og svefnerfiðleikar urðu gjarnan meira áberandi við skipulagsbreytingar á lífi barnanna. Einn strákur byrjaði til dæmis aftur að sofa illa eftir að hann byrjaði í leikskóla og móðir hans segist geta talið á fingrum annarrar handar hversu margar nætur hún hefur sofið heila nótt:

Hann hefur áður átt erfitt með svefn og vantreysti öllum og öllu. Traustið er viðkvæmt, hann er gríðarlega stjórnsamur og kvíðinn og rúmlega tveggja ára gamall eftir að hann byrjaði í leikskóla byrjaði hann að fá martraðir eða night terrors. Á hverju kvöldi áður en hann fer að sofa segir hann: „Ég vil ekki vera einn í húsinu mínu,“ og við segjum: „Þú ert ekki einn í húsinu þínu, þú hefur aldrei verið einn í húsinu þínu, mamma og pabbi verða bara frammi. Ókei.“ Hann vaknar síðan upp á nóttunni og er hræddur um að við séum að fara og kemur þá upp í til okkar.

Önnur móðir sagði: „Hún hefur verið svefnlaus frá því í ágúst þegar hún byrjaði í leikskóla og nú er liðið næstum hálfu ári og hún er alltaf úrvinda eftir daginn og alltaf örþreytt.“ Flutningar yfðu upp gömul svefnvandamál hjá öðru barni:

Eftir að við fluttum virkaði allt bara vel fyrst, leikskólinn gekk alveg glimrandi vel ... en svo þegar fór að líða á, þegar hún fór að verða öruggari, þá fór hún að sofa mjög illa og það fór að

bera á svona átökum í leikskólanum ... og mín lenti í árekstrum, hún náttúrulega hefur skoðanir á öllu og allt það, og ég kvartaði undan þessu, en það var aldrei hlustað, aldrei tekið tillit til ættleiðingarinnar og hvað þurfti að varast.

Ein stúlka átti erfitt eftir skólabyrjun:

Eftir að hún byrjaði í skólanum hefur hún átt erfitt með að slaka á og sofna á kvöldin. Það veldur erfiðleikum þegar hún þarf að vakna á morgnana og drífa sig í skólann, hún mætir alltaf þreytt og í óstuði og náttúrulega oftast of seint.

Ein systkini óttuðust að fara að sofa á kvöldin og þurftu alltaf að hafa kveikt ljós. Þegar þau voru yngri þurftu foreldrarnir ávallt að liggja hjá þeim og svæfa þau. Faðir þeirra sagði:

Þau eru bæði mjög óþekk að sofna, eins og þau þori ekki að sofna, hann er líka svona, ... ég veit ekki hvað þetta er, það getur líka verið að þau séu hrædd við að vera yfirgefin þegar þau sofna, eitthvað svoleiðis, ég bara geri mér ekki grein fyrir því ... Það er einhver undirmeðvitund í það að verja sig fyrir það að verða fyrir einhverju, að missa, því að við megum ekki sko, þau verða alltaf að vita hvar við erum sko, skilurðu. Ef að ég færi út án þess að segja að ég væri að fara í vinnuna sko að þá yrði allt vitlaust.

Kvíðavandamál, almennt öryggisleysi og tengslaerfiðleikar eru nokkuð algeng meðal barnanna í fjölskyldunum. Kvíðavandamálin voru stundum orðin erfið viðureignar og nokkur barnanna voru á kvíðastillandi lyfjum. Ein hjónin sögðu um börnin sín:

Þau hafa alltaf verið viðkvæm og kvíðin, já og að fara burtu eina helgi núna þú veist ... og skilja börnin eftir í pössun ... fara kannski, það fara kannski hópur af hjónum til Reykjavíkur eina helgi voða gaman og börnin fara í pössun, þetta er eðlilegasti hlutur í heimi en ekki fyrir okkar börn. Þú veist að það kostar okkur, eins og bara þegar við fórum á Hótel Örk einhvern tímann og þau voru hjá ... systir mín kom sem sagt, sem að var heimagangur hjá okkur og sem þau þekktu, sko besta frænka í

heimi og hún kom bara heim til okkar og var með þeim þar og það kostaði okkur mánuði í eftirvinnslu ...

Stundum breyttist aðskilnaðarkvíðinn eftir því sem börnin stækkuðu og hann yfirfærðist á annað í lífi þeirra svo sem tuskudýr eða aðra hluti. Móðir tók eftirfarandi atvik sem dæmi um kvíða og óöryggi hjá syni sínum:

Bara eins og þegar ég gleymdi að segja við hann um daginn að hann er til þrjú á leikskólanum, og ég segi alltaf við hann þegar ég kyssi hann bless: „Við sjáumst klukkan þrjú.“ Svo einn daginn núna í vikunni þar áður, þá gleymdi ég því og hann náði sér ekki á strik allan daginn, hann skældi í leikskólanum allan daginn sögðu þær og þær vissu ekkert af hverju, svo þegar ég kom þá hljóp hann grátandi í fangið á mér. “Þú gleymdir að segja sjáumst klukkan þrjú,” sagði hann ... og það er þetta sem er svo öðruvísi en með önnur börn ... svona mikið óöryggi, óöryggi sem er allan tímann til staðar, innra með þeim.

Eitt barn verður að hafa myndrænt skipulag yfir dagskrá heimilsins og leikskólans til að finna fyrir öryggi:

Það var sett upp sérstaklega fyrir hana því hún var bara ekki alveg að græja þetta, hún var alltaf ör og úti um allt og upp um allt af því að hún vissi ekki hvað var næst ... alveg eins og fiðrildi. En hún þrífst á þessu. Hún fer alveg mörgum sinnum á dag og tékkar hvað er næst og hver er það sem sækir mig.

Hjón sögðu frá því að dóttir þeirra átti erfitt með breytingar:

Það veldur henni gríðarlegri vanlíðan, að fara til dæmis úr stærðfræði og yfir í lestur eða eitthvað svoliðis ... þetta er miklu meiri kvíði en góðu hófi gegnir og hún á erfitt með að komast í gegnum daginn, hvað þá ef það eru einhverjar stórar breytingar ... viðkvæm fyrir breytingum.

Móðir stúlku lýsti tengslaerfiðleikum hennar þannig:

Tengslin hennar við okkur, það er kannski ljótt að segja það, en mér finnst þetta meira vera svona hagkvæmnistengsl hjá

henni, heldur en tilfinningatengsl, þú veist, hún jú hangir í okkur og allt það af því að núna þarf hún á okkur að halda, ég held að ef við þösum okkur ekki og og vinnum í þessu núna, þá mun hún um leið og hún getur farið að sjá um sig sjálf, þá mun hún líka gera það. Þetta er það sem ég hef alltaf á tilfinningunni. Þetta er afar viðkvæmt ... og hún er svo forhert.

Erfiðleikar með streitustjórnun og temprun viðbragða sem einkenndust af reiði og skapofsaköstum höfðu verið áberandi hjá nokkrum barnanna og einnig mikil stjórnunarþörf. Ofurárvekni einkenndi hegðun sumra barna einnig og ótta-flóttu viðbrögð gátu verið sterk. „Ef hann kemur á nýjan stað þarf hann alltaf að byrja á því að taka út svæðið og krakkana, hann vill gjarnan standa með bakið upp að veggnum til að byrja með á meðan hann skannar aðstæðurnar.“ Foreldrar lýstu viðbrögðum barnanna sinna sem öfgakenndum og þeir áttu stundum í erfiðleikum með að skilja ástæðurnar að baki viðbragðanna sem leiddu til mikilla reiði- eða æðiskasta. Ein móðir lýsti dóttur sinni á eftirfarandi hátt:

Við leituðum til taugasálfræðings vegna hegðunarerfiðleika og lélegs sjálfstrausts og óöryggis í jafnaldrahópnum í skólanum, svo voru gríðarlegir hegðunarerfiðleikar á heimilinu. Þá var hún komin í annan bekk. Hún skilur ekki vel fyrirmæli, sko kennarinn verður að koma við hana um leið og hann segir henni til annars bregst hún illa við.

Tilfinningalega voru sum barnanna á eftir jafnöldrum sínum. Ein móðir lýsti níu ára gamalli dóttur sinni:

Tilfinningalega er hún á eftir í þroska, hún talar stundum við mig með smábarnaröddinni sinni og hún notar ennþá snuð á nóttunni eða þegar hún verður döpur. Þetta er skrítið því á sama tíma er hún eldklár og mikið foringjaefni í skólanum.

Önnur móðir níu ára stúlku sagði:

Hún er lítið barn og stundum er hún mikið yngri heldur aldurinn segir til um. Hún hefur mikla þörf fyrir að fara í svona fósturstellingu og ég tala við hana smábarnamál. Henni finnst það rosalega notalegt.

Meðal foreldranna var andleg vanlíðan af völdum streitu og álags nokkuð algeng. Sumir lýstu óöryggi í nýju foreldrahlutverki, aðrir sýndu óöryggi gagnvart sérþörfum barnanna sinna, þeir áttu jafnvel í erfiðleikum með tengslamyndun við barnið og barnið sömuleiðis við þá og þeir upplifðu vanmátt, depurð og þunglyndi sökum þessa. Tvær mæðranna sögðu frá því að þær hefðu brotnað niður oftár en einu sinni. Sumir foreldrar lýstu einnig sorg yfir að hafa ekki getað hjálpað barninu þegar það var í áfalli eða þegar því leið illa. Ein móðir orðaði það þannig: „... það reynir svo rosalega á, bara sálarlífið, þegar eitthvað er að hjá börnunum, að þá náttúrulega gengur maður svo nærri sér.“ Einn faðir lýsti eiginkonu sinni fimm árum eftir ættleiðingu: „Eftir fyrstu tvo mánuðina heima fór hún yfir um algerlega og svo aftur fyrir nokkrum vikum síðan.“ Eiginkonan sagði: „Ég held að þegar hlutirnir róast frekar en hitt, eins og núna eftir fimm ár, að þá, þá hérna einhvern veginn snappar maður frekar, eða hvað það nú heitir.“ Móðir sem þjáðist af ættleiðingarþunglyndi í kjölfar seinni ættleiðingar sinnar leggur áherslu á mikilvægi þess að hlúa að sjálfum sér þegar á móti blæs:

Ég held að þessi upplifun að ganga í gegnum svona þunglyndi eftir ættleiðingu og þessir miklu erfiðleikar sem við gengum í gegnum þarna fyrsta árið og úrvinnslan á þeim hafi sýnt manni að með því að passa sjálfan sig, sinna sjálfum sér, gleyma ekki sjálfum sér í þessari jöfnu, að þá ertu svo miklu, miklu betur búinn undir allt sem á vegi þínum verður. Og bara að vera í góðu formi líkamlega ekki síður heldur en andlega að það gerir þér miklu betur kleift að takast á við alla þessar litlu beygjur og alla þessa litlu bolta sem er skutlað til þín, því að þeir koma endalaust ... þetta er verkefni sem að maður tekur að sér og að sjálfsgöðu vill maður gera það eins vel og maður mögulega getur.

Móðir sem hafði verið tilfinningalega úrvinda vegna álags í vinnunni sinni, lýsti því hvernig barn hennar brást við:

... þegar ástandið var sem verst og ég alveg ein taugahrúga ... fór hann að fá svona kvíðakippi og sofa verr. Hann fylgdist með mér og var á varðbergi ... og þá varð hann ennþá æstari og kröfuharðari á mig í leiðinni.

Þessi móðir var meðvituð um takmarkanir sínar og hefur reynt markvisst að styrkja sig í foreldrahlutverkinu til að efla barn sitt og auka vellíðan þess.

Einhverjir foreldranna höfðu reynt að aðlaga uppeldisaðferðir sínar þörfum barnanna sinna en án árangurs. „Það þýðir ekkert að nota sömu aðferðir við hann eins og ég notaði áður. Ekkert dugar.“ Ein hjónin sögðust reyna að vera vakandi fyrir tækifærum til að læra meira, sortera út þær upplýsingar sem eiga við og prófa sig svo áfram. Móðir sagðist hafa lesið eins mikið og hún gat til að hjálpa barninu sínu „ ... af því að það getur enginn hjálpað manni, þetta er svo öðruvísi.“ Ein móðir sagði frá því hvernig henni leið fyrst eftir að hún eignaðist barnið og því leið illa: „Mér fannst bara, að þetta væri bara mér að kenna, ég upplifði það þannig, að þetta væri bara eitthvað sem ég ætti að ráða við, en væri bara soddan aumingi ...“

5.8 Undirbúningur fyrir væntanlega kjörforeldra

Undirbúningurinn fyrir ættleiðingu sem þessir foreldrar höfðu hlotið var í formi nokkurra viðtala í umsóknarferlinu og síðan undirbúningsfræðslu hjá Íslenskri ættleiðingu. Allir höfðu undirgengist úttekt yfirvalda þegar þeir voru í ættleiðingarferlinu og hitt félagsráðgjafa. Sumir töldu að fræðsluhlutverk félagsráðgjafans hefði mátt vera stærra, til dæmis í tengslum við að skilja þær breytingar sem yrðu á lífinu við að verða foreldri og einnig hvernig parsamband breytist þegar barn bætist í fjölskylduna. Flestir foreldrarnir höfðu leitað sér upplýsinga um ættleiðingar áður en kom að ættleiðingunni sjálfri með lestri bóka, bæklinga, blaða og á netinu og sögðu að tungumálaþekking þeirra hefði komið sér vel. Einhverjir höfðu þó ekki getað nýtt sér þessar leiðir eða algengustu upplýsingaveituna, netið, vegna tungumálaerfiðleika og þeim fannst aðgengi að upplýsingarefni um ættleiðingar á íslensku takmarkað.

Foreldrarnir höfðu í flestum tilvikum hlotið undirbúningsfræðslu hjá Íslenskri ættleiðingu áður en barnið kom. Þeir sögðust ánægðir með það sem hefði verið í boði en töldu fræðsluna nokkuð takmarkaða. Sumir sögðu hana yfirborðskennda og að þeir hefðu þurft mun ítarlegri og praktískari fræðslu þar sem „ekkert væri undanskilið“. Þeir sögðu að það væri engum greiði gerður að sleppa því að segja frá því erfiða, því ef upp kæmu vandamál yrðu foreldrarnir ekki nægilega vel í stakk búnir að styðja við barnið sitt. Flestir þeirra sögðust hafa þurft betri undirbúning og bentu sérstaklega á gildi þess að heyra reynslusögur annarra foreldra og þá um erfiðu reynsluna því „það er svo mikilvægt að hafa raunhæfar væntingar.“ Ein móðir lýsti ánægju sinni með skyldunámskeiðið sem yfirvöld setja sem skilyrði fyrir veitingu forsamþykkis til ættleiðingar:

Ég hefði alveg verið til í meira, mér fannst þetta bara mjög áhugavert. Og mér fannst líka mjög gott að vera í svona hóp þar sem barnleysi var vandamál, mér fannst mjög gott að tala, ég hefði alveg verið til í einhvern þannig hóp aftur af því að þarna, þar er allt öðruvísi að tala um slík vandamál við fólk sem þekkir það á eigin skinni heldur en við wannabe skilningsríkar vinkonur.

Aðrir foreldrar sögðu að skyldunámskeiðið hefði hjálpað þeim við að taka ákvörðun um að ættleiða erlent barn, en einn megingilgangur þess er einmitt að hjálpa verðandi foreldrum við þá ákvarðanatöku. Ein móðir sagði frá óánægju meðal hinna þátttakendanna á skyldunámskeiðinu. Þeir hafi talað um að mikið hefði verið um „hræðsluáróður“ á námskeiðinu, en hún hélt að það væri vegna þess að flestir þeirra áttu kynbörn fyrir og ekki áttað sig á muninum milli kynbarna og ættleiddra barna. Hún sagðist líka hafa heyrt þetta sjónarmið frá annarri móður sem á ættleidd börn. Einn faðir sagði: „Ég trúði ekki orð af því sem ég heyrði í fræðslunni, en ég hefði átt að hlusta betur, það veit ég núna.“

Foreldrar nefndu dæmi um fræðslu sem hefði uppfyllt fræðsluþörf þeirra: ítarlegri fræðslu um undirbúning ferðarinnar, um ættleiðingarferðina sjálfa og hvernig best væri að haga sér í henni, um fyrsta tímenn heima og hvernig best væri að haga málum þá, um umönnun og hentugar uppeldisaðferðir fyrir ættleidd börn og um sérstakar þarfir þeirra. Langur tími getur liðið milli skyldunámskeiðsins og ættleiðingar, jafnvel mörg ár, og töluðu foreldrar um mikilvægi þess að nýta biðtímann betur fram að ættleiðingu til að fræðast af því að „... þegar þú ert kominn með upplýsingar um barn, þá meðtekur þú ekki neina fræðslu. Þinn hugur er alltaf við þessar litlu upplýsingar sem þú átt.“ Þeir töldu líka mikilvægt að hægt væri að fá fræðslu eftir heimkomu en hins vegar má benda á, að það má ekki gerast of fljótt þar sem ekki er æskilegt að skilja barnið eftir hjá öðrum fyrstu mánuðina á meðan barn og foreldrar eru í viðkvæmu tengslamyndunarferli. Ein móðir hafði áhyggjur af því að lítil fræðsla væri veitt um mikilvægi fyrsta tímans heima með tilliti til tengslamyndunar:

... það er svo dapurlegt að heyra um fólk sem ætlar að skella sér til útlanda eða í útilegur nokkrum vikum eftir heimkomu eða að sjá foreldra með nýju börnin sín í sundi stuttu eftir að þau koma til landsins ... mann langar bara að fara og segja: „Heyrðu fyrirgefðu, ég veit að þú ert nýkomin heim, viltu fara

upp úr og fara með barnið þitt og ekki koma hérna ofaní fyrir en eftir marga mánuði.“

Hugmyndir um úrbætur varðandi skipan fræðslumála fyrir kjörforeldra voru ýmsar. Einhverjir foreldranna töldu að Íslensk ættleiðing ætti að hafa umsjón með undirbúningsfræðslunni, á meðan aðrir töldu best ef hún væri í höndum utanaðkomandi óháðra fagaðila. Ein móðir sagði:

... ég held að það sé bara full ástæða til þess að taka alla þessa fræðslu í gegn ... það þurfa allir fræðslu, alveg sama hvort þeir eru að fara í fyrsta, annað eða þriðja sinn, eða hvort þeir eiga barn áður eða ekki ... og þetta er sérstaklega mikilvægt núna þegar öll þessi sérþarfabörn eru farin að koma heim.

Einni móður fannst að PAS-nefnd Íslenskrar ættleiðingar gæti komið að þessum málum meira:

PAS-nefnd ÍÆ væri best í því hlutverki. Hún myndi skipuleggja fræðslupakka fyrir foreldra. Nefndin á að koma að þessum fræðsluundirbúningi á öllum stigum til að skapa tengslin við foreldrana áður en þeir fá barnið sitt svo þeir geti notað þessi tengsl ef þeir þurfa eftir að þeir koma heim.

Foreldrarnir töldu mjög mikilvægt að þeir sem hafa það hlutverk að koma fræðslunni til kjörforeldra hafi reynslu af því að ættleiða barn, sérþekkingu um ættleiðingar sem og menntun á sviði kennslu. Tveir feður töldu mikilvægt að gefið yrði út eins konar fræðslurit eða handbók fyrir kjörforeldra með upplýsingum um uppeldi ættleiddra barna og hvert væri hægt að snúa sér ef þörf fyrir stuðningi kæmi upp.

5.9 Þekking hjá fagaðilum um ættleiðingar og sérstöðu kjörfjölskyldna

Hér að framan kom fram að sumum foreldrum í rannsókninni þótti mikilvægt að bæta skipan fræðslumála hvað varðar undirbúningsfræðslu verðandi kjörforeldra. Þeir töldu líka mikilvægt að auka þekkingu meðal þeirra sem þjónusta kjörfjölskyldur þar sem þeim þótti stundum skorta á þekkingu og þar með skilningi á sérþörfum fjölskyldnanna hjá fagaðilum innan heilbrigðis-, félags- og menntakerfisins. Móðir sagði:

Maður hefur þurft að berjast, þú veist, það er alltaf svolítið skilningsleysi finnst mér, eins og með hennar sérstöðu, sko hún kemur þriggja ára gömul úr skelfilegu umhverfi og náttúrulega bara með bullandi reynslu á bakinu og mér finnst ég alltaf þurfa að vera að útskýra það að hún sé ekki eins og hinir krakkarnir ... samfélagið tekur ekki við henni á hennar forsendum. Það vantar alveg þekkingu hjá fagaðilunum, til dæmis hjá talmeinafræðingnum og sálfræðingnum, en það vantar ekki viljann sko.

Sumir foreldrar sögðu frá erfiðri leit eftir aðstoð í kerfinu og skilningsleysi fagaðila: „ ... það eru svo fáir sem vita af því sem getur fylgt börnunum okkar ... það veit enginn neitt ... við erum búin að leita mikið.“ Þeim fannst stundum vera komið fram við sig af virðingarleysi og að ekki væri tekið mark á þekkingu og reynslu þeirra sjálfra. Sumum fannst lítið gert úr áhyggjum þeirra þegar kæmi að börnunum. Ein móðir sagðist hafa á tilfinningunni að starfsfólkið í ungbarnaverndinni hafi hugsað um sig: „Æ þetta eru bara svona eitt taugaveiklað foreldrið í viðbót.“ Annað barn átti í erfiðleikum í leikskóla og móðirin reyndi að tala við starfsfólkið: „það var ekki hlustað á ættleiðinguna ... þar var þekkingarleysi eða fordómar ...“ Ein hjón sem höfðu farið til læknis með barnið sitt sögðu: „ ... hann sagði bara að það væri ekkert að þessu barni fyrir utan það að það ætti taugaveiklaða foreldra ... ég held að honum hafi skeikað aðeins þarna.“ Í tveimur fjölskyldum höfðu foreldrarnir jákvæða reynslu af samskiptum sínum við heilsugæslu og leikskóla í hverfunum þar sem fjölskyldurnar búa. Í báðum tilvikum sögðust foreldrarnir hafa fundið fyrir jákvæðum áhuga á sérþörfum ættleiddra barna og vissu af því að í hverfinu hafi verið til fyrri reynsla af þjónustu við kjörfjölskyldur sem þau nutu góðs af.

Vantrú á að finna aðstoð meðal fagaðila kom fram hjá nokkrum foreldranna. Ein móðir sagði frá því að læknir hafi viljað greina barnið hennar með ódæmigerða einhverfu en hún sagðist vita sjálf að það væri ekki vandamálið heldur taldi hún sjálf að barnið væri með tengslaröskun og vildi hún reyna að vinna með það sjálf þar sem hennar reynsla væri að lítil þekking væri meðal fagfólks um sérþarfir ættleiddra barna „ ... málið er það að bara út frá minni eigin þekkingu, þá veit ég það að hann fellur hvergi inn í ramma. Hann fengi aldrei þá greiningu sem hann þyrfti.“ Foreldrar upplifðu að fagfólk tæki ekki nægilegt tillit til fortíðar barnanna og töldu það vera vegna þekkingarskorts á sérstökum aðstæðum kjörbarna. Faðir sagði frá því þegar dóttir hans átti í vandræðum í skólanum með tiltekin verkefni svo sem gerð ættartrés og verkefni um það hvernig börnin verða til. Honum

fannst kennarinn ekki meðvitaður um að aðlaga þyrfti þannig verkefni að veruleika ættleiddra barna. Fleiri foreldrar sögðu frá því að aðlögun barnanna í leikskóla hafi verið erfið af því að hún hafi verið of hröð og leikskólakennarar höfðu ekki tekið tillit til þess að börnin voru ekki tilbúin að vera skilin þar eftir þegar starfsfólkið taldi tímann vera kominn.

Sumir foreldrar áttu börn með sérþarfir og höfðu notið þjónustu frá heilbrigðiskerfinu en þeim fannst nauðsynlegt að heilbrigðisstarfsfólk væri upplýst meðal annars um að foreldrar og börn séu stundum í viðkvæmu tengslamyndunarferli þegar þau þurfa að sækja þjónustuna eða að barnið hafi áður upplifað margs konar áföll. Ein móðir sagði frá því þegar sonur hennar þurfti að fara í aðgerð á sjúkrahúsi:

... þarna er kona sem tekur á móti okkur og gefur honum kæruleysið og hún mátti ekkert vera að því að bíða eftir því að barnið sofnaði. Og hún rífur hann öskrandi úr skelfingu út úr höndunum á okkur og hún fær náttúrulega brjáláða foreldra á móti sér, en hún bara hvorki heyrði né sá, hún bara hjólar út með hann. Svo fer hann inn á vöknun og þegar hann vaknaði var hann trylltur, hann var algjörlega brjáláður. Og það þurfti að margsprauta barnið niður með morfíni bara til að hann næði í rauninni að komast út úr svæfingunni.

Ein móðir fékk eftirfarandi svar hjá lækni sem hún leitaði til: „ ... settu hann á leikskóla, hann þarf að læra samskiptareglur og haga sér almennilega ...“ en barnið var síðan greint með tengslaröskun.

Foreldrar sögðu frá því að þeir væru þreyttir á því að vera alltaf sérfræðingarnir og þurfa sífellt að upplýsa fagfólkið í stað þess að njóta stuðnings frá því. Fagfólkið bendi á hvort annað og „ ... maður kemur bara að tómunum kofanum trekk í trekk.“ Ein móðir lýsti því hvernig hún hafði markvisst uppfrætt starfsfólk í ungbarnavernd heilsugæslustöðvar sinnar þegar hún ættleiddi í fyrsta skiptið. Þegar hún gekk í gegnum aðra ættleiðingu nokkrum árum síðar hafi hún orðið fyrir vonbrigðum með þekkingarskortinum sem hún mætti þegar hún leitaði þangað aftur. Hún sagði: „ ... það þarf að byrja á því að stoppa lekann, þekkingarlekann út úr heilsugæslunni ... við erum öll að labba á sömu veggina, þekkingin týnist, þannig að við þurfum alltaf öll að byrja á núllpunkti.“

Þegar kannað var hvaða fræðsla um ættleiðingar og sérstöðu kjörfjölskyldna væri í grunnmenntun fagstétta sem mæta meðlimum þessara fjölskyldna kemur í ljós að hún virðist vera mjög takmörkuð. Kannað

var til dæmis hjá fagstjórum námsbrauta menntavísindasviðs Háskóla Íslands hvort markviss kennsla væri um þessar fjölskyldur í náminu. Svo var ekki, þó vilji til að bæta úr því væri til staðar. Í námi félagsráðgjafa er einnig mjög takmörkuð kennsla um kjörfjölskyldur. Hjá Reykjavíkurborg kom fram vilji til að auka framboð ættleiðingartengdrar fræðslu meðal stjórnenda og starfsfólks leikskóla á vegum Reykjavíkurborgar sem og að hefja þróun móttökuáætlunar fyrir ættleidd börn í leikskólum borgarinnar. Hjá Heilsugæslunni kom einnig fram vilji fyrir því að bæta við ítarlegri upplýsingum um ættleidd börn og fjölskyldur þeirra í handbókinni *Ung- og smábarnavernd. Leiðbeiningar um heilsuvernd barna 0-5 ára*, sem gefin er út af Embætti landlæknis og Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins.

5.10 Stuðningur

Stuðningur eða öllu heldur stuðningsleysi í ættleiðingarferlinu var ofarlega í hugum þeirra foreldra sem tóku þátt í rannsókninni. Allir foreldrarnir sögðust hafa haft þörf fyrir stuðning frá fagaðilum þegar nær dró ættleiðingunni, í ættleiðingarferðinni sjálfri og á fyrsta tímanum eftir heimkomu. Á biðtímanum höfðu foreldrarnir frekar lítil samskipti við aðra kjörforeldra nema í þeim tilfellum þar sem þeir höfðu ættleitt áður og áttu þannig tengslanet sem þeir gátu nýtt sér. Ein móðir vildi ekki hafa neitt samband við kjörforeldra þegar hún beið eftir að ættleiða og sagði að það hafi verið eins konar sjálfsbjargarviðleitni til að vernda sig fyrir frekari vonbrigðum eða áföllum. Hún upplifði aðdragandann að ættleiðingunni sem óþægilegan og sem einkenndist af hræðslu við að leyfa sér að þrá barnið. Stuðningsleysið á biðtímanum fram að ættleiðingu ýtti undir vanmáttartilfinningu og óöryggi. Sumir foreldrarnir sögðu að þeir hefðu gjarnan viljað hitta ráðgjafa á biðtímanum og/eða hafa haft aðgang að lista með nöfnum stuðningsforeldra sem gætu miðlað af reynslu sinni til þeirra. Í ættleiðingarferðinni áttu sumir foreldrar vegna fjölskyldutengsla þess kost að leita ráða hjá til dæmis hjúkrunarfræðingi eða lækni. „Við erum með rosalega góða vinkonu, besta vinkona okkar er hjúkrunarfræðingur og ég gat sent henni mail ... og ég hringdi í hana og það voru ófá símtölin sem við hringdum þarna á þessum fimm dögum.“ Hjón sögðu:

Við vorum svo heppin að systir mín er hjúkrunarfræðingur og við hringdum í hana ... en það hafa náttúrulega ekkert allir þetta að geta hringt í einhvern og okkur hefði ekki dottið til hugar að við lentum í þessum aðstæðum og við erum samt fólk sem að er vant börnum.

Einn faðir sagði: „Það hefði verið gott að hafa eitthvert svona neyðarnúmer til að hringja í.“ Einstaka fjölskylda hafði verið í sambandi við Gest Pálsson barnalækni á meðan þær voru að sækja barnið og voru mjög þakklátar fyrir aðstoð hans.

Stuðningur úr nærumhverfinu, frá fjölskyldu og vinum, var mismikill, í sumum tilvikum var hann ágætur en í öðrum takmarkaður. Sumir foreldrar höfðu lítið stuðningsnet kringum sig, höfðu til dæmis flust búferlum og bjuggu fjarri heimabyggð sinni, langt frá foreldrum og systkinum og höfðu því ekki nauðsynlegan stuðning þaðan. Ein hjónin lýsti þessu þannig: „ ... við höfum ekkert back-up ... við getum ekki fengið þau til að létta undir með okkur eða svoliðis. Við erum munaðarlaus.“ Önnur hjón orðuðu það þannig:

Okkar fjölskyldumynstur er svona eyland, við erum bara svona Palli er einn í heiminum. Við upplifum okkur oft þannig alla vega ... maður hefur ekki þetta bakland sem getur komið inn og reddað málunum í þínu stund svo maður geti skroppið svona stutta stund í einu. Æskuvinirnir eru líka allir þar.

Sumir foreldranna sögðu að nánasta fjölskylda þeirra reyndi alltaf að styðja við eins og hægt væri, en í nokkrum tilfellum upplifðu foreldrar skilningsleysi hjá fjölskyldu og vinum á sérstökum aðstæðum fjölskyldunnar eftir ættleiðinguna og fannst jafnvel eins og foreldrahæfni þeirra væri dregin í efa. Ein móðir sagði:

Fólki fannst ég kannski þú veist, ég meina eins og þarna fyrst eftir að við komum heim og ég var rosalega að passa að fólk væri ekki að halda á henni, ekki að gefa henni og þú veist, bara vildi ekkert að fólk væri mikið að atast í henni. Fólki fannst þetta, sumum fannst þetta svona óþarfa stress.

Önnur móðir sem var að upplifa mikla aðlögunarerfiðleika með barn sitt sagði: „ ... og systir mín ein sko, hún skammaði mig nýlega og sagði: „Veistu það, það er ekkert að þessu barni.““ Nánir ættingjar, til dæmis afar og ömmur, áttu stundum erfitt með að skilja af hverju barnið vildi ekki vera hjá þeim eins og hin barnabörnin: „ ... þau máttu ekki einu sinni líta á hana sko, það er náttúrulega voða sjokkerandi sko.“ Annarri móður fannst fólk draga í efa foreldrahæfni sína: „Mér finnst fólk stundum líta á mig sem taugaveiklaða þegar við höfum áhyggjur af hinu og þessu. Fólk segir við okkur: „Þetta er bara stress í ykkur.“ „Það er ekkert að“ og „Hvaða vitleysa,

að vera að æsa sig út af öllu.““ Móðir sagði: „Maður setur upp grímu út á við, þeir sem næstir manni stóðu og standa, þeir sáu þetta allt en þeir sem voru aðeins fjær spurðu hvernig gengur og þá náttúrulega brosti maður bara og sagði að þetta er æðislegt.“ Hjón sögðu frá erfiðum aðlögunartíma: „Þetta var alveg hreint hryllilegt og fólk skildi þetta ekki, við vorum aumingjar og fjölskyldan hélt ekki að þetta gengi upp, að barnið væri bara geðveikt eða eitthvað, eða að við værum bara vond við hana ...“ Ein móðir vildi ekki ræða um erfiðleika barnsins síns við aðra kjörforeldra vegna smæðar ættleiðingarheimsins:

Ég er ekkert að sækja stuðning í hvern sem er og ég er ekkert að tala um ákveðin mál hvorki mín né hennar ... ég sæki ekki stuðning mikið í ættleiðingarheiminn ... ekki í hópinn eða ættleiðingarvinina ... ef þú ert að leita ráða, þá spyrst þetta út og ég hef verið að lenda í því mér finnst sá hópur jafnvel dómharðari en aðrir.

Ein hjónin sögðust alltaf hafa verið opin um sín vandamál en höfðu upplifað fáfræði og stuðningsleysi jafnvel frá öðrum kjörforeldrum sem skildu ekki vandamálin sem þau voru að kljást við. Ein móðir lýsti því þegar kjörfjölskyldur kæmu saman:

Þá þýðir ekkert að tala um neitt erfitt. Allir spyrja: „Hvernig gengur?“ og ef maður segir „ömurlega“ þá er eins og enginn hafi áhuga lengur, maður á bara að segja „bara æðislega!“ Þetta er einhvers konar feluleikur hjá sumum kjörforeldrum.

Móðir taldi að reynsla kjörforeldra væri allt önnur en reynsla kynforeldra og bjóst ekki við stuðningi úr nærumhverfi sínu: „ ... ég er með allt aðra reynslu heldur en systir mín þó hún eigi þrjú börn ... við erum með öðruvísi væntingar og reynslu, við erum með öðruvísi þarfir.“ Ein móðir sagðist ekki geta rætt um sérstakar aðstæður sínar varðandi barnið við aðrar mæður sem eiga kynbörn:

Ég get ... illa rætt þetta yfirhöfuð, að ég skuli vera að hugsa um þetta yfirhöfuð, við konu sem að hefur fætt og átt barnið sitt alltaf hjá sér. Sko ég ræði alveg við vinkonur og fjölskyldu, en ég býst líka alveg við því að þeirra vanþekking og reynsluleysi liti svörin frá þeim.

Eftir ættleiðingu kom mikilvægi stuðnings í nærumhverfi í ljós, til dæmis hjá móðurinni sem var svo þreytt eftir heimkomuna að hún gætti sín ekki á því að takmarka heimsóknir á heimilið fyrsta tímann eins og mælt er með að foreldrar geri: „ ... ég var svo þreytt ... mér fannst bara svo gott að fá fólk í heimsókn“ og þegar hún áttaði sig á mistökunum fann hún hversu einangruð hún væri án náinnar fjölskyldu „ ... þarna var ég náttúrulega bara ein með hana, átti mikið af vinum en fjölskyldan var ekki á staðnum.“ Einni móður fannst mikilvægt að hafa stuðningsnet annarra kjörforeldra sem hægt væri að leita til: „Kannski er það það sem er mikilvægast, að þú finnr þig ekki sem einan og þurfir að vera að finna upp hjólið aftur.“ Önnur sagði:

Það er rosalega dýrmætt að eiga vin sem er í sömu sporum og maður sjálfur, hefur sambærilega reynslu, getur miðlað, skiptst á skoðunum og velt vöngum og svo bara að sitja við hlið og sagt ekki neitt. Það er held ég eitthvað það dýrmætasta sem foreldri sem á barn með svona sérþarfir getur fengið.

Hún sagði líka:

Ég á mér alltaf þann draum um að það verði þannig kerfi að þegar þú ákveður og leita fyrst, þín fyrstu spor til ættleiðingar, þá sé strax komið svona stuðningsnet. Að þú átt að fara í heimsókn til fólks, ákveðnar fjölskyldur sem taki það að sér að taka á móti umsækjendum, þannig að fólk fari í heimsókn til fólks sem að búið er að ættleiða frá þeim löndum sem í boði eru ... bara til þess að fólk viti út í hvað það er að fara. Af því að fólk veit ekki neitt.

Þegar börnin uxu og uppeldisstofnanir eins og leikskóli og grunnskóli tóku við hafði viðmótið þar verið misjafnt og virtist velgengi vera háð áhuga einstakra kennara og því til dæmis hvort mannekla væri eða fullmannað. Stundum gekk vel en ekki alltaf.

Mér fannst lengi vel þegar hún var að byrja í leikskólanum, að það væri hlustað á óskir okkar, en ég er svona þínu efins núna, ég er mjög pirruð út í leikskólann þessa dagana vegna þess að það hefði alveg verið hægt að afstýra ákveðnu vandamáli í sambandi við fjarveru kennarans en það var ekki gert.

Ein hjón sögðust mjög ánægð með leikskólann:

Við settum hana í leikskólann þarna í þrjá tíma á dag og við höfum náttúrulega reynslu af skólanum gegnum eldra barnið og ég hitti kennarana í sumar þá sagði sérkennslustjórinn: „Viltu bara ekki að ég taki hana til mín og hjálpi henni með málið og þroska og allt þetta.“ Og þar er haldið rosa vel utan um hana. Þar er hún með sérkennara sem er með henni á hverjum degi. Við erum einstaklega heppin með fólk sem þarf að hugsa um stelpurnar okkar, eins og með yngri dóttur okkar, það er einstaklega vel hugsað um hana finnst mér.

Annað dæmi úr grunnskóla:

... í tengslum við kvíðann og annað, það hefur verið unnið mjög vel með það í skólanum. En það er bara þessi tiltekni umsjónarkennari sem hefur tekið þá vinnu, það er ekkert teymi í kringum eitt né neitt. Og í rauninni enginn skilningur eins og bara hjá skólahjúkkunni og öðrum sko, það er bara núll.

Faðir sagði: „Það er ekki hægt að ætlast til þess að þau komist hjálparlaust í gegnum skólakerfið. En fagfólkið kann ekki að vinna úr hlutunum, því að þú þarft að nota allt aðrar aðferðir á ættleidd börn.“

Fastmótaður stuðningur eftir heimkomu úr þjónustukerfinu einskorðaðist við eina skylduheimsókn til Barnaspítala Hringins strax eftir heimkomu og síðan í heimsóknir í heilsugæslu vegna bólusetninga barnsins. Einni móður finnst mikilvægt að þegar barn kemur heim fari eins konar móttökuáætlun í gang sem tryggir eftirfylgd:

... að foreldrum sé hjálpað gegnum kerfið og að kerfið viðurkenni þessi börn og taki við þeim og sinni þeim, þú veist að maður þurfi ekki að vera að banka: „Heyrðu ég er hérna með barn, vill einhver skoða það?“

Viðmótið sem fjölskyldurnar höfðu fengið hjá Barnaspítala Hringins var í flestum tilvikum gott en oft var einungis um eina heimsókn þangað að ræða. Sumir foreldrar höfðu leitað þangað aftur með spurningar fyrsta tímann eftir heimkomu og voru ánægðir með viðtökurnar. Einn faðir sagði:

Manni eiginlega kvíður fyrir því þegar Gestur [Pálsson, barnalæknir, innskot rannsakanda] fer á eftirlaun, ég segi alveg eins og er, hann passar mjög vel upp á okkur ef það er eitthvað að. Það sem er þægilegt við Gest er það, ókei hér er barn frá sérþarfallistanum ... og bara til þess að skoða ástandið, að þá tekur hann upp símann og við komumst að hjá ... þannig að þetta net sem hann hefur ... hann getur tekið upp símann og hringt í einhvern lækni ... þá kom þessi læknir niður skilurðu, úr einhverju öðru, og kom og skoðaði hana þarna á staðnum.

Viðmótið í heilsugæslunni var misjafnt eftir því hvar foreldrarnir bjuggu, sums staðar hafði það verið ágætt og starfsfólkið „indælt og skilningríkt á sérþörfum barnsins,“ en annars staðar mættu foreldrarnir skilningsleysi. Móðir sem leitaði hjálpar hjá heilsugæslunni með barnið sitt trekk í trekk án árangurs sagði: „Ég hafði á tilfinningunni að ég væri alveg glötuð móðir að vera að biðja um hjálp.“ Ein hjón sögðu frá reynslu sinni af því þegar þau leituðu eftir aðstoð hjá ungbarnaeftirliti heilsugæslu sinnar og að þau höfðu komið þangað þrisvar án þess að nokkur athugaði hvernig þeim í raun gengi:

... og aldrei var spurt: „Hvernig líður þér?“ eða „Hvernig finnst þér þetta vera að ganga hjá ykkur?“ ... þá bara gat ég ekki orða bundist og spurði hvort það væri enga þjónustu fyrir okkur að fá hjá heilsugæslunni og þar kom ég bara að tómunum kofanum ... þetta var alveg glatað, svo ræddi ég við heilsugæslulæknið okkar en hann hafði ekki mörg úrræði fyrir okkur. Hann benti á fjölskylduráðgjafann, hann benti á ungbarnaverndina ... en svo féllust honum bara hendur.

Ein móðir var gagnrýnin á barnalækni sem taldi barn hennar vera með ódæmigerða einhverfu en þau hjónin voru ekki sammála: „ ... öll börn fá sömu greiningu hjá honum, ódæmigerð einhverfa, en ég veit betur, það er ekki það sem er að hrjá barninu mínu ...“ Reynsla einnar fjölskyldu af ungbarnaeftirliti heilsugæslunnar var á þá leið að þegar þau leituðu til heimilslæknis síns þá hafi hann gert lítið úr áhyggjum þeirra. Þegar þau ítrekuðu þörfina fyrir skoðun hjá sérfræðingi sagði hann við móðurina: „Ja, til þess að þér líði betur, þá skaltu fá tilvísun.“

5.10.1 Eftirfylgd eftir heimkomu

Foreldrarnir voru allir sammála um nauðsyn þess að koma á skipulagðri eftirfylgd eftir heimkomu og höfðu þeir ýmsar hugmyndir varðandi það. „Það vantar þetta stuðningsnet, þetta sem að gerist sjálfkrafa í ungbarnaverndinni hjá mæðrum sem koma af fæðingardeildinni, en sem er ekki til hjá okkur.“ Ein móðir var á þeirri skoðun að heimsókn á heilsugæslustöðina ætti að vera skylda áður en lagt er af stað til að sækja barnið.

Við eigum öll sem foreldrar að fara á heilsugæsluna okkar, hitta hjúkrunarfræðinginn sem kemur til með að annast um barnið okkar og hún á að setja okkur inn í málið sem nýjir foreldrar. Alveg eins og allir aðrir sem að eignast sín börn fara á foreldranámskeið, þar sem að þetta er hluti af meðgöngu og þetta myndi stytta biðina líka. Heilsugæslan er náttúrulega það sem tekur fyrst á móti þér þegar þú kemur heim. Og ef þú eignast barnið þitt á fæðingardeildinni, að þá ertu kominn strax með teymi í kringum þig sem fylgist með því hvernig barninu líður, hvernig móðurinni líður, og tekur eftir, til dæmis ef það eru einkenni fæðingarpunglyndis og annað, og grípa þá inn í um leið og þarf. Samskonar system þarf að vera í kringum okkur.

Ein móðir sagði: „Öll önnur börn fara í reglulegt ungbarnaeftirlit og ég spyr: Af hverju ættu ættleidd börn ekki líka að fara í slíkt eftirlit?“ Ein móðir sagðist vera ósátt við að samskiptin við heilsugæsluna hafi ávallt verið að þeirra eigin frumkvæði en ekki heilsugæslunnar: „Þú veist í raun og veru þá hefðum við getað komið hérna með hann til landsins, við gætum verið búin að misþyrma honum alveg út í eitt, án þess að nokkur vissi af því. Það er bara þannig.“ Móðir hafði eftirfarandi hugmyndir um eftirfylgd eftir ættleiðingu:

Það mætti til dæmis hringja úr ungbarnaverndinni einhvern tímann fyrsta mánuðinn og spyrja: „Er barnið ennþá á lífi?“ Þú veist, þó ekki væri annað. Alla vega er mikilvægt að koma fólki í snertingu við kerfið, að sjá til þess að börnin séu partur af kerfinu og þau njóti sömu réttinda og önnur börn. Mér þætti eðlilegt að börnin væru síðan kölluð inn hjá heilsugæslunni eftir einhvern tíma, eftir kannski mánuð eða eitthvað eða að kæmi heim hjúkrunarfræðingur.

Foreldrunum fannst mikilvægt að eftirfylgnin yrði sniðin að þörfum fjölskyldnanna og lögðu áherslu á að henni yrði sinnt af aðilum með innsýn og sérþekkingu um kjörfjölskyldur: „Einhver sem veit um hvað á að spyrja: „Hvernig gengur? Náið þið að sofa? Borðar barnið? Hvernig gengur með að láta það borða? Ertu búin að prófa ávexti?“ Mér hefði liðið mjög vel ef einhver hefði hringt í mig og sagt: „Hvernig gengur fyrir þig að gefa henni eitthvað annað heldur en bara graut? Ertu búin að prófa að gefa henni litla kartöflubita með grautum?““

Einni móður fannst mikilvægt að foreldrum sé fylgt eftir símleiðis eða með heimsókn á heimilið fyrsta tímann eftir heimkomuna og að heilsugæslan kalli fjölskyldur í ungbarnaeftirlit eins og gert er þegar börn fæðast. Þá séu börnin vigtuð, mæld og skoðuð. Hún sagði að það væri ekki nóg að hafa einn lækni sem veit eitthvað um ættleidd börn og átti þá við Gest Pálsson barnalækni, það þurfi fleiri. Henni fannst að yrði þetta bara kynnt fyrir heilbrigðisyfirvöldum, þá væri hægt að breyta þessu.

Það dylst engum ágæti þess og nauðsyn að foreldrar komi með börnin sín í reglubundið ungbarnaeftirlit. Af hverju eigum við ekki að gera það líka? Þó börnin okkar séu eldri. Ég segi alltaf að dóttir mín hafi fæðst tvisvar. Hún fæddist fyrst þegar hún fæddist í raunveruleikanum og hún fæddist aftur þegar ég eignaðist hana. Það má ekki gleyma því að við erum ungir foreldrar þó að börnin okkar séu ekki ungabörn. Við þurfum sams konar stuðning og aðrir nýjir foreldrar. Þar sem kjörbörn eru orðin svo mörg þurfa heilsugæsluhjúkrunarfræðingar alls staðar á landinu að fara að vakna, því að við erum alltaf að labba á vegg og ég lít þannig á að það sé bara skýlaus krafa okkar foreldra ættleiddra barna að heilbrigðiskerfið okkar fari að bregðast við.

Henni fannst að þarna væri leið fyrir heilbrigðiskerfið að uppfylla skyldur sínar við kjörfjölskyldur:

Þarna er leið, að heilsugæsluhjúkrunarfræðingar setji sig inn í málin. Ég held að þetta væri gráupplagt, líka fyrir nýju foreldrana að átta sig á því hvernig þetta ferli er, hvernig spratufarlið er og á hverju áttu von þegar þú kemur heim með barnið þitt, hvað þarftu að gera, hver er þín skylda gagnvart barninu og gagnvart heilbrigðiskerfinu. Þarna finnst mér vera brotalöm.

Móðir lýsti því hvernig hún sæi þetta fyrir sér:

Það þarf að vera þannig að innan heilsugæslunnar, í þessu ideal umhverfi, séu einstaklingar innan um sem að hafa þekkingu á þessum málum, þekkingu á þessum bakgrunni barnanna okkar, á þessu andlega erfiði sem bæði börnin og foreldranir ganga í gegnum á fyrstu mánuðunum ... og ekki síst núna þegar börnin eru alltaf að eldast og sorgarferlið byrjar mun fyrir heldur en það kannski gerir þegar þú ert með þínulítið barn. Og að þú fái, áður en þú ferð af stað að sækja barnið þitt, fræðslu frá heilsugæslunni. Þú tilkynnir til heilsugæslunnar ... að þú sért að fara að ættleiða, og þegar að er x - langt í það að þú farir, þá fáiðu boð frá heilsugæslunni þar sem þú ert boðaður í viðtal og það er farið yfir þessa þætti og það er farið yfir það hvernig heilsugæslan ætlar að fylgjast með þér, bæði þér og barninu. Fyrir utan þessar lögboðnu heimsóknir til ungbarnaeftirlitsins. Því að þær duga ekkert til. Þér eru áætlaðar 20 mínútur og það á þeim tíma er verið að skoða barnið og sprauta og gera allt sem þarf að gera. Eða korter meira að segja held ég.

Önnur hugmynd varðandi eftirfylgni væri að þróuð yrði eins konar jafningjaeftirfylgni samhliða eftirfylgni í heilsugæslunni þar sem aðrir reyndir kjörforeldrar gætu miðlað og stutt fjölskylduna:

Samhliða eftirfylgninni í heilsugæslunni, væri líka þessi jafningjaeftirfylgni sem að væri þá aðrir kjörforeldrar, sem hafa þessa beinu reynslu og geta miðlað til þín. Það sé í rauninni þannig að þegar foreldrar fara af stað, fái þeir úthlutað stuðningsfjölskyldu sem þeir geta leitað til. Stuðningsfjölskyldan hafi í rauninni samband, bæði áður en þú ferð út og eftir að þú kemur heim. Svo sé það sett í þínar hendur hvað þú gerir svo með það. Þú færð þessa þjónustu, þú þarft svo að nýta þér hana, bara alveg eins og með aðra þjónustu sem þú færð, þú veist að hún er í boði, svo er það bara hvað gerir þú með að nýta hana. Mér finnst að börnin okkar eiga þann rétt að við nýtum okkur þá þjónustu sem í boði er.

Önnur hugmynd var að komið yrði á fót teymi sérfræðinga með sérþekkingu á sviðinu sem væri hægt að leita til og sem myndi veita

persónulegan stuðning við foreldra og börn. Ein hjónin vildu leggja mikla áherslu á að öll ættleidd börn færu gegnum allsherjar skimun á líkamlegu og andlegu ástandi til að hægt yrði að grípa snemma inn í, væri þess þörf.

5.10.2 Stuðningsþörf í uppvextinum

Í sumum eftirfylgniviðtölum kom fram hjá foreldrum að þörfin fyrir ráðgjöf og stuðningi væri ennþá til staðar eftir því sem börnin yxu úr grasi og í nokkrum fjölskyldum höfðu foreldrar leitað eftir bæði almennri og sérhæfðri þjónustu fyrir börnin sín í þjónustukerfinu. Listinn yfir stofnanir og sérfræðinga sem foreldrar í þessari rannsókn höfðu leitað til er langur en þeir nefndu þjónustustofnanir eins og ungbarnaeftirlit heilsugæslunnar, Barnaspítala Hringins, Greiningarstöð ríkisins, Barna- og unglingsgeðdeild Landspítala Háskólasjúkrahús og Æfingastöðina. Sérfræðingar sem þeir höfðu hitt voru: heilsugæslulæknar, heilsugæsluhjúkrunarfræðingar, barnalæknar, augnlæknar, háls-, nef- og eyrnalæknar, sjúkráþjálfarar, iðjuþjálfarar, barnabæklunarlæknar, heila- og taugalæknar barna, geðlæknar og geðhjúkrunarfræðingar, sálfræðingar, talmeinafræðingar, taugasálfræðingar, meltingasérfræðingar, listmeðferðarfræðingar, húðlæknar o.fl.

Stundum hefði verið hægt að finna aðstoð fljótlega en stundum ekki. „Maður hringir trekk í trekk en fær ekki samband, maður labbar á veggi alls staðar.“ Ein fjölskylda sem bjó í litlu bæjarfélagi sagði frá því að mjög erfitt væri að fá tíma hjá sálfræðingi eða talmeinafræðingi. Móðir sagðist halda að fjölskyldan hafi verið sú eina í bæjarfélaginu sem þurfti sérhæfðan stuðning. Hún hafi svo leitað eftir aðstoð hjá Íslenskri ættleiðingu og fleirum án árangurs og þegar ekkert gekk að finna úrræði hafi hún ákveðið að byrja að nota sína eigin fagþekkingu til að styrkja sig og barnið. Hún taldi sig vera mjög lánsama að hafa átt faglegan bakgrunn sem nýtist í uppeldinu. Önnur móðir sagði: „Ég óska engum að þurfa að uppgötva hjólið eins og við gerðum, bæði í sambandi við bara kerfið og alla þá sérfræðinga sem við höfum reynt að leita til.“ Faðir sagði:

Það á ekki að skipta máli hvaðan börnin koma í samfélaginu ... kerfið á að taka við öllum. Það er verið að hæla þessu kerfi, velferðarkerfinu á Íslandi, en þessi ættleiddu börn, þau eru útundan í því ... þau eru bara gleymd, þetta eru eins og börnin hennar Evu, skítugu börnin ... á Íslandi.

Sérfræðiþekking um kjörbörn og fjölskyldur þeirra er til en sérfræðingar lítt sýnilegir og dreifðir. Ein móðir sagðist vita til þess að PAS-nefnd hjá

Íslenskri ættleiðingu hafi sett saman lista með nöfnum sérfræðinga sem hafa þekkingu á sérþörfum ættleiddra barna en að listinn væri ekki sýnilegur félagsmönnum. „Og hvað gerir maður ef maður vill hætta að vera félagsmaður þar? Þá er maður úti í kuldunum og fær ekki aðgang að fræðslufyrirlesturum eða öðru sem getur gagnast manni.“

Spurningunni hvort foreldrunum finnst að Íslensk ættleiðing eigi að bera ábyrgð á því að styðja við fjölskyldur eftir heimkomu svöruðu sumir neitandi: „Ég hef aldrei litið svo á að við höfum nokkuð þangað að sækja.“ Ein móðir sagði: „... ég get ekki hugsað mér að fara þarna inn, ég bara meika þetta félag ekki. Mér finnst það alveg rosalega leiðinlegt.“ Einn faðir sagði um eftirfylgd Íslenskrar ættleiðingar: „Mér finnst ekki að framkvæmdastjóri félagsins eigi að vera að leita uppi foreldra og hringja og spyrja: „Hvernig gengur?“ eða það er mín skoðun.“ Ein hjónin töldu að PAS-nefnd Íslenskrar ættleiðingar gæti gegnt veigamiklu hlutverki þegar kemur að stuðningi við foreldra, en töldu jafnframt að annað starfsfólk á skrifstofu félagsins ætti að einbeita sér meira að praktískum verkefnum í tengslum við umsýslu ættleiðingarumsókna. Þeim fannst ekki að starfsfólk á skrifstofu ætti að sinna persónulegri ráðgjöf til foreldra, hún eigi að vera fyrir utan ÍÆ. Ein móðir sagði:

... það á fyrir það fyrsta ekki að gera kröfur um það að starfsfólkið sem vinnur hjá ÍÆ hafi þannig þekkingu, annað en það þyki kostur að vera kjörforeldri. Svo er þessi sérhæfða þekking ekki til staðar þar. Svo þarf líka að skilja þetta í sundur, það er þetta praktíska og það er undirbúningur og stuðningur í undirbúningi og það er stuðningur eftir að komið er heim. En ÍÆ er meira svona bara samtök sem að eiga kannski að halda utan um námskeið og skipuleggja einhvern stuðning sem fólk getur valið um en, síðan þegar það kemur að þessum persónulega þætti þá á hann að vera fyrir utan, vegna þess að þetta verður alltof innviklað og persónulegt.

Faðir sagði:

Íslensk ættleiðing á bara að halda utan um rammann. Það er þeirra hlutverk, bara að byggja upp tengsl og aðstoða fólk við að komast til að sækja börnin sín og fylgja því eftir en að öðru leyti með þennan persónulega stuðning, að fólki sé vísað áfram og að þá sé bara ákveðið kerfi sem tekur við og þar held ég að PAS-nefndin sé góður tengiliður sko.

Ein hjónin sögðust ekki halda að ÍÆ gæti haft veigamiklu hlutverki að gegna sem stuðningsaðili fyrir kjörfjölskyldur. Faðirinn benti á að ÍÆ væri lítið félag og „ekkert annað en félagsskapur fólks sem er að ættleiða eða hefur ættleitt börn og þar er ekki bolmagn til að gera betur.“ Hann sagði að þeim hjónunum hafði þótt erfitt að leita til ÍÆ með vandamálin sín þar sem þau væru undir starfsfólkinu þar komin með sína næstu ættleiðingu. Þau segja að ættleiðendur séu viðkvæmur hópur hvað þetta varðar: „Það verður að vera hægt að tala um það sem miður fer, líka tala um það sem er erfitt.“ Einn faðir sagði að honum fyndist PAS-nefndin hjá ÍÆ hafa unnið gott starf og líka aðrir þar, en að sjálfbóðaliðastarf sé ótryggt og þekkingin fylgi persónum sem komi og fari.

5.10.3 Ráðgjöf fyrir kjörfjölskyldur

Hugmyndir foreldra um óháðan aðila sem sinnir ráðgjöf við kjörforeldra eru algengar: „Já, en foreldrum að kostnaðarlausu og á vegum innanríksráðuneytisins. Þetta á að standa fólki til boða.“ Foreldrum finnst mikilvægt að hafa aðgang að sérfræðingum utan kjörfjölskyldusamfélagsins. Móðir sagði að henni fyndist ekki að ÍÆ ætti að sjá um stuðning og ráðgjöf eftir heimkomu.

Sko mín skoðun er sú að ÍÆ eigi að sjá um okkur þangað til við komum heim. Þá eigi bara aðrir að taka við. Þá eigi bara að vera til óháður aðili sem er óháður Íslenski ættleiðingu ... ég hef þá tilfinningu að þetta þurfi að vera aðskilið.

Ein hjónin töldu að slíkur aðili ætti að vera á vegum félagsmálayfirvalda „eins og aðilar sem standa að Sjónarhóli, þetta þarf bara að vera nokkurs konar stoðgrúppa sem er hlutlaus og faglegur.“ Ein móðir sagði að hún myndi hiklaust leita til annarra hlutlausra aðila ef þeir væru til á Íslandi, aðila utan Íslenskrar ættleiðingar:

Algjörlega sko, maður þarf stuðning og upplýsingar og maður þarf að getað talað við fólk sem þekkir þetta af eigin raun eða í krafti síns starfs og sérþekkingar. Það eru bara allt of margir kjörforeldrar sem eru „snillingar“, eru „sérfræðingar“ í að gefa öðrum ráð.

Faðir sagði:

Það er gott fyrir foreldra að hafa aðgang að stuðningi frá til dæmis PAS-nefnd ÍÆ til að byrja með, en síðan þegar maður hefur kynnst barninu sínu betur, þá hefur maður þörf fyrir persónulega og faglega ráðgjöf og það er þá sem utanaðkomandi ráðgjafi nýtist best. PAS-nefndin gæti haft það hlutverk að vera stuðningsnetið fyrst, að vera til staðar, hlusta, leiðbeint og spegla með fólki hvað það á að gera en síðan komi eitthvert annað batterí í líkingu við til dæmis Sjónarhól.

Móðir telur það mikinn kost að tengja kjörfjölskyldur við Sjónarhól sem nú þegar hefur sérhæfingu í ráðgjöf og leiðbeiningu fjölskyldna og öflugra starfsemi sem búið er að byggja upp. Hún sér fyrir sér að þar gæti starfað kjörforeldraráðgjafi í líkingu við fjölskylduráðgjafann fyrir fötluð börn og hún spyr: „Af hverju getur ekki líka verið til foreldraráðgjafi fyrir ættleidd börn?“ Hún telur tengsl Sjónarhóls við Æfingastöðina geta nýst kjörforeldrum líka. „Það á ekkert að kafa djúpt í málin, heldur kortleggja og greina og svo bara vísa fólki áfram og hjálpa fólki að fara í réttar áttir og halda utan um það. Það er í rauninni það sem þarf.“ Önnur móðir sagði að það gæti verið gott að nýta þekkingu sem nú þegar er til annars staðar:

... við þurfum ekkert endilega að vera alltaf með allt spes fyrir okkur, frekar að við séum hluti af einhverju teami, því að við ættum náttúrulega að sjálfsögðu bara að eiga heima í Sjónarhóli, því að, við erum náttúrulega með börn með sérþarfir upp til hópa. Þú veist, þó að það sé bara hluti af börnunum sem kemur heim með stimpilinn sérþarfabarn, að þá eru þau náttúrulega öll sérþarfabörn. Að einhverju leyti.

5.10.4 Sérstök uppeldisráðgjöf og uppeldisnámskeið fyrir kjörforeldra

Foreldrum fannst mikilvægt að hafa aðgang að sérstakri ráðgjöf eftir ættleiðingu, eins konar sérhæfða uppeldisráðgjöf sem hentar kjörforeldrum:

Þú sérð þarna að hún er 33 mánaða þegar hún kemur til okkar. Þú veist þetta eru, þetta eru 3 ár sem hún hefur verið þarna, hjá öðrum en okkur og gengið í gegnum sjálfsagt ýmislegt. Mér finnst mikilvægt að fólki sé hjálpað að skilja hvaða áhrif það getur haft og hvernig er hægt að bregðast við því.

Einum föður fannst að til ættu að vera sérstök námskeið fyrir kjörforeldra líkt og Greiningastöð ríkisins er með fyrir foreldra sem koma þangað. Þannig myndu erfiðleikar sem kjörforeldrar standa frammi fyrir verða eins og hann orðaði það „normaliseruð“ og foreldrar ættu auðveldara með að segja frá þeim. Hann taldi þó ekki að Íslensk ættleiðing ætti að sjá um slík námskeið þar sem honum fannst ekki talað nógu opinskátt þar um þessi mál. Ein móðir sagðist sjálf hafa lært mikið um uppeldi ættleiddra barna gegnum fyrstu ættleiðinguna sína og hún gat byggt á þeirri reynslu og þekkingu þegar hún ættleiddi aftur. Hún lagði áherslu á mikilvægi sérstakra uppeldisaðferða fyrir ættleidd börn:

Ég er alveg sannfærð um það ef ekki hefði verið haldið svona fast utan um hann og ef ekki hefði verið unnið svona markvisst með hann eins og við erum búin að gera, að þá hefði hann átt í miklu, miklu djúpstæðari vanda í dag. Þannig að ég held að þetta skiptir svo gríðarlega miklu máli að byrja strax að vinna með þau. Upp á framtíðina sko.

Mikilvægi þess að hafa aðgang að einhverjum sem getur veitt leiðsögn í uppeldinu kom fram hjá þessari móður:

Það er í rauninni líka til að róa okkur sjálf. Ég held að þegar maður er búinn að vera með svona kraftmikla og erfiða einstaklinga þá kannski fer maður frekar að mála skattann á vegginn, maður sér alls konar einkenni sem maður hefur áhyggjur af, en kannski er þetta bara hluti af eðlilegum þroska, og það er í rauninni það sem ég vil fá þá aðstoð við að lesa út úr. Þú veist, hvað er hægt að flokka innan gæsalappa „eðlilegan þroska“, og hvað er það sem ég á að hafa vakandi auga fyrir ... ég held það þurfi og að það sé bara mjög hollt að setjast niður með einhverjum sem hefur eða allavega ætti að hafa meira vit á málunum heldur en maður sjálfur, þó það sé ekki nema bara til svona skoðanaskipta og samræðu, að fá svona samræðu um börnin sín, og það sem maður er að ganga í gegnum. Það hjálpar manni bara að setja lífið í ... nýjan ramma og nýja mynd. En það er nefnilega það sem hefur vantað, að maður geti sest einhvers staðar niður og bara sturtað úr sarpinum og fengið þínu leiðbeiningar um það ... þú veist það væri voða gott að hafa einhvern sem maður getur sest niður og rætt málin við.

5.10.5 Miðstöð fyrir kjörfjölskyldur

Nokkrir foreldrar töldu mikilvægt að komið yrði á fót miðstöð fyrir kjörfjölskyldur sem hægt væri að leita til þegar þörf væri á því, sérstaklega þar sem þarfir geta verið margvíslegar og foreldrar ekki alltaf dómbærir um barnið sitt. Ein móðir orðaði það þannig:

Hafa eitthvert svona sentrum, þú veist, ... af því sjálfsgætt er oft samsett mál sem þarf að dila við. Og svo náttúrulega væri ágætt að hafa eitthvert eftirlit af því að ég geri mér alveg grein fyrir því að það getur vel verið að ég sé blind á eitthvað sem blasir við fyrir aðra, af því að ég er bara með stjórnur í augunum ... maður er náttúrulega blindur á eigið barn. Það er gott að hafa einhvern utanaðkomandi, fagmanneskju með sérþekkingu, sem getur myndað sér skoðun á því hvort það er eitthvað sem þarf að tékka.

Ein móðir sagðist dreyma um sérstaka miðstöð sem allar kjörfjölskyldur hefðu aðgang að þar sem þær gætu fengið stuðning og ráðgjöf eftir ættleiðingu:

... miðstöð þar sem þú getir farið með barnið þitt þegar þú ert búinn að vera heima í einhvern tíma, barnið er orðið þokkalega tengt þér og þú ert svona tilbúinn til að fara að hleypa öðrum aðeins nær barninu þínu, þá getirðu farið bara í allsherjar úttekt þar sem er skoðað skynreiða, þar sem eru skoðuð hin ýmsu mál sem að oft snúa að þessum krökkum, málþroskinn og eitt og annað svo sé hægt í rauninni að marka stöðuna eftir það. Hvað þarf að gera? Þurfum við að grípa inn í einhvers staðar, eða erum við í góðum málum, getum við komið aftur eftir tvö ár og tekið stöðuna aftur þá eða? Þú veist það væri svona þessi, já, þessi draumaheimur. Þannig þyrftu ekki allir alltaf að finna upp hjólið, að þú þurfir að labba manna á milli til að reyna að finna rétta úrræðið fyrir barnið þitt, sem að er svo kannski ekki til, heldur að þú getir bara komið á einn stað þar sem allir eru.

6 Umræða

Markmiðið með gerð þessarar rannsóknar var að skoða reynslu og upplifun íslenskra kjörforeldra af því að ættleiða barn frá útlöndum og að skoða sambandið milli undirbúningsfræðslu, eftirfylgdar og stuðnings að ættleiðingu lokinni (PAS) og líðan fjölskyldnanna. Þemun fjölluðu meðal annars um kjörforeldra og kjörbörn og líðan þeirra, undirbúningsfræðslu, ættleiðinguna sjálfa, tímann eftir ættleiðingu, úrræði til að styðja við fjölskyldurnar að ættleiðingu lokinni og þekkingu um ættleiðingar meðal fagaðila sem þjónusta meðlimi kjörfjölskyldna. Engin önnur sambærileg rannsókn hefur áður verið gerð á Íslandi. Niðurstöðurnar gefa innsýn í líf fjölskyldna sem ættleiða börn frá útlöndum hér á landi og benda til þess að hér á landi eru kjörfjölskyldur sem hafa þörf fyrir mun meiri og ítarlegri undirbúningsfræðslu og betra aðgengi að ráðgjöf og stuðningi í ættleiðingarferlinu öllu og einnig í uppvexti barnsins. Þjónusta og stuðningur við þessar fjölskyldur er mikilvægur þáttur þegar kemur að lífsgæðum þeirra.

6.1 Um kjörfjölskyldurnar, foreldrana og börnin; biðina og ættleiðinguna

Íslensku kjörfjölskyldurnar í þessari rannsókn eru um margt dæmigerðar fyrir kjörfjölskyldur eins og fræðimenn lýsa þeim. Hér er um foreldra og börn að ræða sem mynda saman fjölskyldur eftir erfiðan aðdraganda og kljást við margvíslegar áskoranir en búa jafnframt yfir seiglu, styrk og ákveðinni sjálfsbjargarviðleitni. Foreldrarnir eru áhugasamir um börnin sín og þarfir þeirra og hafa hugmyndir um hvernig má bæta úr þar sem þeir telja úrbóta þörf (Hamilton o.fl., 2007; O'Brien og Zamostny, 2003). Foreldrarnir í rannsókninni voru um margt líkir þeim íslensku kjörforeldrum sem Elsa Sigríður Jónsdóttir og Hanna Ragnarsdóttir lýstu í rannsókn sinni, þ.e. þeir eru sterkir foreldrar með góða menntun, með stuðning innbyrðis og leita úrræða í tæka tíð ef út af ber (Elsa Sigríður Jónsdóttir og Hanna Ragnarsdóttir, 2010a). Foreldrarnir lýstu þó erfiðleikum við að finna viðeigandi úrræði fyrir börn sín og sumir vildu ekki leita stuðnings innan kjörfjölskyldusamfélagsins. Þeir voru undir töluverðu andlegu álagi í ættleiðingarferlinu öllu en höfðu ýmsa verndandi þætti gegn neikvæðri útkomu. Þeir bjuggu yfir úrræðum og persónueiginleikum sem juku á

foreldrahæfni þeirra svo sem aldur við ættleiðingu, voru vel menntaðir, fjárhagslega sjálfstæðir, hjónin flest í sterkum parsamböndum og áhugasamir um foreldrahlutverkið og um að verða sér úti um upplýsingar tengdum uppeldi og umönnun ættleiddra barna. Þeir upplifðu sams konar álag og aðrir foreldrar í aðlögun að nýju foreldrahlutverki en auk þess var töluvert viðbótarálag á þá sem tengdist aðdraganda ákvörðunarinnar um að ættleiða, biðina, ættleiðingarferlið sjálft og aðlögun barnsins og þeirra sjálfra að lífinu eftir ættleiðingu. Allir foreldrarnir lýstu aðstæðum sem einkenndust af mikilli streitu og álagi, sumir voru óöruggir í nýju foreldrahlutverki, stundum voru þeir óöruggir gagnvart sérþörfum barna sinna, gagnvart erfiðleikum með tengslamyndun og sumir upplifðu vanmátt og jafnvel þunglyndi sökum þessa. Aðrir lýstu sorg yfir að hafa ekki getað hjálpað barninu þegar það var í áfalli eða þegar því leið illa. Þessar niðurstöður eru í samræmi við erlendar rannsóknir um reynslu margra kjörforeldra (Foli, 2010; MacRae, 2006a; MacRae, 2006b; Payne ofl., 2010; Senecky ofl., 2009). Foreldrarnir virtust flestir meðvitaðir um að það væri munur á því að vera kynforeldri og kjörforeldri og það stuðlaði að aukinni meðvitund um þörf á sérstöku uppeldi fyrir börnin en það er í samræmi við kenningar Kirk og fleiri fræðimanna um nauðsyn þess að kjörforeldrar tileinki sér annars konar uppeldi og skilji að aukaáskoranir í uppeldi ættleiddra barna og fjölskyldulífinu öllu geta verið til staðar. Samkvæmt Kirk, þá leiðir það til þess að kjörforeldrar verði samúðarfyllri og opnari gagnvart ættleiddum börnum sínum með tilliti til ættleiðingartengdra þátta og að sú nálgun stuðli síðan að heilbrigðara sambandi milli kjörforeldris og kjörbarns og betra fjölskyldulífs. Foreldrarnir í þessari rannsókn lýstu þó sumir því sem Kirk nefnir vöntun á kjörforeldrafyrirmyndum (*e. role handicap in adoptive parents*) þar sem þá vantaði oft fyrirmyndir í nánasta umhverfinu til að bera sig saman við og jók það á óöryggi þeirra (Brodzinsky og Huffman, 1988; Palacios og Brodzinsky, 2010).

Kjörforeldrarnir og kjörbörnin í rannsókninni áttu það sameiginlegt að eiga margvíslega erfiða lífsreynslu að baki áður en fjölskyldurnar urðu til og reynslan hafði í för með sér sérstakar þarfir og áskoranir sem reyndu á fjölskyldulífið. Flestir foreldranna höfðu til dæmis glímt við áralöng ófrjósemisvandamál og börnin komu til foreldra sinna eftir erfiða byrjun í lífinu (Brodzinsky og Huffman, 1988; McKay o.fl., 2010). Börnin í fjölskyldunum komu til foreldra sinna úr erfiðum aðstæðum í upprunalöndum sínum, aðstæðum sem höfðu haft áhrif á möguleika þeirra til að þroskast á eðlilegan hátt. Lífsreynslan sem þau áttu að baki einkenndist af endurteknum missi og margs konar áföllum sem þau báru innra með sér og höfðu haft áhrif á þroska þeirra og líðan. Mörg voru

vannærð og illa á sig komin andlega þegar þau komu til foreldra sinna í upprunalandi barnsins. Lýsingar foreldranna af því þegar þeir fengu börnin sín í hendur voru átakanlegar, þeir sögðu frá mjög erfiðum aðstæðum og flestum börnum í miklu áfalli. Þeir lýstu því hvernig sú reynsla hafi komið þeim á óvart, að hún hafi reynst þeim mun meira krefjandi en þeir höfðu átt von á. Þótt inn á milli megi sjá frásögn af jákvæðari og átakaminni reynslu, þá eru langflestar frásagnirnar um erfiða og áfallalíka reynslu bæði fyrir börn og foreldra. Foreldrar sögðu frá því að væntingar þeirra til þess að fara til upprunalandsins og sækja barnið höfðu ekki verið í samræmi við reynsluna og þeir telja að væntingarnar hafi verið óraunhæfar vegna skorts á viðeigandi undirbúningi og fræðslu.

Innkoma barnanna inn í fjölskyldurnar, fyrstu augnablikin, dagarnir og vikurnar saman, einkenndust af streitu og álagi og áttu foreldrar og börn í fyrstu í töluverðum aðlögunarerfiðleikum. Aðlögunarerfiðleikar foreldranna tengdust aðallega því að takast á við nýtt og krefjandi foreldrahlutverk oft án utanaðkomandi stuðnings og aðlögunarerfiðleikar barnanna tengdust svefni, aðskilnaði, tengslum, sorg og daglegum athöfnum til dæmis við að matast. Miklir svefnerfiðleikar leiddu til þess að allir fjölskyldumeðlimir fóru á mis við mikilvæga og nauðsynlega hvíld. Reynsla íslensku foreldranna af fyrstu skrefum aðlögunarinnar voru í samræmi við reynslu þeirra kjörforeldra sem Miller lýsir (Miller, 2005). Eftir fyrsta árið höfðu sum barnanna 13 náð sér á strik en átta þeirra hafa átt í langvarandi erfiðleikum til dæmis vegna líkamlegrar fötlunar, tengsla-, kvíða-, og tilfinningalegra erfiðleika, hegðunarstjórnunar, svefnerfiðleika, erfiðleika með úrvinnslu skynáreita og námserfiðleika. Tvö barnanna hafa hlotið formlega greiningu og verið greind með tengslaröskun annars vegar og hins vegar ódæmigerða einhverfu.

Tengslamyndunarferlið hjá börnunum og foreldrum þeirra var viðkvæmt ferli og ekki þurfti mikið til að koma því úr jafnvægi. Einkenni eins og þau sem flest barnanna í þessum fjölskyldum sýndu eins og kvíði, óryggi, stjórnsemi og hegðunarerfiðleikar eiga rætur að rekja til ótryggra tengsla þeirra við nýja foreldra sem og reynslu þeirra af margs konar áföllum sem þau urðu fyrir áður en þau komu til kjörforeldra sinna. Fræðimenn hafa lýst því hvernig ættleidd börn hafa mörg hver orðið fyrir áhrifum af ýmsum áhættuþáttum áður en þau koma til kjörforeldra sinna, svo sem áföllum í móðurkviði, áföllum í fæðingu, áföllum á fyrstu mánuðum og árum lífsins eins og langvarandi stofnavist, skorti á tækifærum til eðlilegrar tengslamyndunar, vanrækslu af ýmsu tagi, vannæringu, líkamlegri og andlegri vanörvun, skorti á málörvun og alvarlegum síendurteknum missi. Rannsóknir sýna einnig að mörg ættleidd börn ná sér á strik líkamlega á

undraverðan hátt innan árs frá ættleiðingu ef foreldrar hafa raunhæfar væntingar til barnsins og eru meðvitaðir um mikilvægi þess að börnin fái viðeigandi örvun og góða næringu strax. Annað getur gilt um andlega líðan barnsins, sem getur tekið lengri tíma að vinna úr. Þó að eldri rannsóknir hafi gefið almennt til kynna að ættleiddum einstaklingum vegni nokkuð vel í það heila, er núorðið vitað að þar sem ættleidd börn eru í varnarlausri stöðu, þá séu þau í áhættuhópi hvað varðar margs konar erfiðleika meðal annars með aðlögun, tengslamyndun, málþroska, nám, þróun sjálfsmyndar og myndun etnískrar sjálfsmyndar. Einnig er núorðið þekkt að fyrri reynsla barnanna getur haft neikvæð áhrif á líkamsþroska, vitsmunaprofka, taugaprofka, taugasálfræðilegan og geðrænan þroska. Mikilvægt er að börnin fái tækifæri til að lifa í sérstaklega styðjandi umhverfi en sérstakar aðstæður kalla á sérstakar leiðir til að styrkja og styðja við nýættleitt barn og áfram í uppveitinum. Það krefst þó í senn bæði foreldrafærni sem byggist á þekkingu, innsæi og næmni sem og faglegum stuðningi og íhlutun þegar það á við. Afar mikilvægt er að fagaðilar hafi þekkingu og skilning á sérstökum aðstæðum ættleiddra barna og fjölskyldna þeirra (*e. adoption friendly professionals*) (Dagbjörg Sigurðardóttir og Málfríður Lorange 2006; Málfríður Lorange o.fl. 2012; Dalen, 1999; Federici, (e.d.); Johnson, 2005; Johnson 2010; Keck og Kupecky, 2009; Post, 2006; Purvis ofl., 2007; Schofield og Beek, 2006; Schooler og Atwood, 2008; Ziegler, 2002).

Frásagnir foreldranna í þessari rannsókn af kjörforeldrahlutverkinu gefa mynd af krefjandi verkefni, en hver var reynsla þeirra af undirbúningnum undir þetta vandasama og ábyrgðarfulla verkefni og hver var reynsla þeirra af undirbúningsfræðslu og þeim stuðningsúrræðum sem samfélagið býr yfir og sem eiga að styðja við fjölskyldurnar?

6.2 Undirbúningur undir ættleiðingu

Góður undirbúningur kjörforeldra undir hið vandasama og mikilvæga hlutverk sem bíður þeirra sem og víðtæk þekking á kjörbörnum og aðstæðum þeirra fyrir ættleiðingu eru nauðsynleg til þess að auka getu og hæfni þeirra til að takast á við öðruvísi uppeldishlutverk, styðja við barnið við innkomu í fjölskylduna og í uppveitinum og stuðla að því að það nái að þroskast og dafna á sem bestan hátt. Jákvæð tengsl eru milli góðs undirbúnings fyrir ættleiðingu og ánægju í foreldrahlutverkinu. Undirbúningurinn hefst með upplýsingaöflun sem á sér stað í úttektaferlinu sem jafnframt á að aðstoða væntanlega foreldra við að skilja það sem er einstakt við að mynda fjölskyldu eða bæta við fjölskyldu með ættleiðingu. Undirbúningur er aðeins eitt af mörgum skrefum í

ættleiðingarferlinu en ítarlegur undirbúningur er afar mikilvægur og undirstrikar að ættleiðing er ævilangt ferli. Æskilegt þykir að aðdragandi ættleiðingarinnar sé langur til að foreldrar fái nægilegan tíma til að íhuga ákvörðunina um að ættleiða barn. Ítarlegur undirbúningur stuðlar að jákvæðri útkomu síðar í ættleiðingarferlinu en erfitt getur reynst að bæta upp ófullnægjandi undirbúning síðar (Atkinson og Gonet, 2007; Groza, 2004; Miller, 2005; Paulsen og Merighi, 2009).

Allir foreldrarnir í rannsókninni sögðust hafa haft þörf fyrir stuðningi frá fagaðilum á undirbúningstímanum þegar nær dró ættleiðingunni. Undirbúningur foreldranna hafði verið í formi nokkurra viðtala í umsóknarferlinu og síðan undirbúningsfræðslu hjá Íslenskri ættleiðingu. Þeir höfðu undirgengist úttekt yfirvalda þegar þeir voru í ættleiðingarferlinu og hitt fulltrúa barnaverndaryfirvalda, til dæmis félagsráðgjafa. Sumir töldu að fræðsluhlutverk félagsráðgjafans hefði mátt vera mun stærra, til dæmis í tengslum við að skilja þær breytingar sem yrðu á lífinu við það að verða foreldri og einnig hvernig parsamband breytist þegar barn bætist í fjölskylduna. Flestir foreldrarnir höfðu leitað sér upplýsinga um ættleiðingar áður en kom að ættleiðingunni sjálfri með lestri bóka, bæklinga, blaða og á netinu. Einhverjir höfðu þó ekki getað nýtt sér þessar leiðir eða algengustu upplýsingaveituna, netið, vegna tungumálaerfiðleika og þeim fannst takmarkað aðgengi að upplýsingaefni um ættleiðingar á íslensku.

6.3 Undirbúningsfræðsla

Sérfræðingar hafa lagt áherslu á að væntanlegir kjörforeldrar fái viðeigandi undirbúningsfræðslu snemma í ættleiðingarferlinu og að reglubundin fræðsla fyrir kjörforeldra eftir ættleiðingu sé einnig nauðsynlegur liður í að styrkja kjörfjölskyldur. Bent hefur verið á nauðsyn þess að leggja áherslu á jákvæðar hliðar þess við að ættleiða barn en jafnframt á mikilvægi þess að væntanlegir foreldrar séu fræddir um þær áskoranir sem geta verið samfara ættleiðingu á erlendu barni. Væntanlegir kjörforeldrar geti átt erfitt með að meðtaka þær upplýsingar til fulls og til þess að það takist þurfi að kynna þær fyrir þeim að minnsta kosti þrisvar sinnum á undirbúningstímanum. Sveigjanleiki þykir einnig mikilvægur eiginleiki hjá væntanlegum kjörforeldrum svo þeim takist vel upp í foreldrahlutverkinu (Groza, 2004). Hjá foreldrum í rannsókninni kom vel fram hversu þýðingarmikil góð undirbúningsfræðsla er fyrir vellíðan fjölskyldnanna og öryggi í foreldrahlutverkinu. Aðspurðir hvort undirbúningsfræðslan hafi verið í takt við þau verkefni sem biðu þeirra sem nýjir foreldrar, svöruðu þeir neitandi. Foreldrarnir höfðu hlotið undirbúningsfræðslu hjá Íslenskri ættleiðingu áður

en barnið kom og höfðu þeir lítið út á hana að setja í sjálfu sér nema þeir töldu hana of takmarkaða og jafnvel yfirborðskennnda. Þurft hefði mun ítarlegri og praktískari fræðslu þar sem „ekkert væri undanskilið.“ Margir foreldranna sögðust hafa þurft betri undirbúning og fræðslu og bentu á gildi þess að heyra reynslusögur annarra foreldra og þá sérstaklega um erfiðu reynsluna því „það er svo mikilvægt að hafa raunhæfar væntingar.“

Ýmsar tillögur komu fram hjá foreldrunum um viðbótarfræðslu og skipan fræðslumála fyrir kjörforeldra, til dæmis meiri fræðslu um undirbúning ferðar, um ættleiðingarferðina sjálfa, um fyrsta tímann heima með góðum ráðum um hvernig best er að haga málum þá, um umönnun ættleiddra barna og hentugar uppeldisaðferðir fyrir þau og um sérstakar þarfir þeirra. Foreldrunum fannst of langur tími líða milli skyldunámskeiðsins og ættleiðingarferðar, í sumum tilfellum mörg ár, og töluðu sumir um mikilvægi þess að nýta biðtímann betur fram að ættleiðingu til að fræðast. Endurskoðun allrar fræðslu og fræðsluskipulags Íslenskrar ættleiðingar þótti mikilvæg og að skylda ætti alla til að sækja fræðslu, hvort sem um fyrstu, aðra eða þriðju ættleiðingu sé að ræða, eða umsækjendur eigi kynbarn fyrir. Þetta væri sérlega mikilvægt nú þegar ættleiðingar til Íslands á börnum með fyrirfram skilgreindar sérþarfir hafa aukist til muna og foreldrar sem ættleiddu fyrir nokkrum árum eru að ættleiða í annað eða þriðja sinn. Foreldrar töldu mjög mikilvægt að þeir sem hafa það hlutverk að koma undirbúningsfræðslunni til kjörforeldra hafi reynslu af því að ættleiða barn, víðtæka þekkingu um ættleiðingar sem og menntun á kennslusviði. Tveir feður töldu að gefa ætti út nokkurs konar fræðslurit eða handbók fyrir kjörforeldra með upplýsingum um uppeldi ættleiddra barna og hvert hægt væri að snúa sér ef stuðningsþörf væri fyrir hendi. Sumir foreldrar töldu að Íslensk ættleiðing ætti að hafa umsjón með undirbúningsfræðslunni. Aðrir töldu best að hún væri í höndum utanaðkomandi óháðra fagaðila og er sú hugmynd í samræmi við skoðanir sem koma fram í skýrslu starfshóps á vegum dómsmála- og mannréttindaráðuneytis frá árinu 2010 (*Reglur um inntak, skipulag og gjaldtöku vegna undirbúningsnámskeiða fyrir þá sem óska eftir að ættleiða erlent barn*), en í henni er fjallað um inntak undirbúningsnámskeiðsins sem ÍÆ hefur notað frá árinu 2006 (Hrefna Friðriksdóttir, 2010). Í skýrslunni kemur fram það sjónarmið að æskilegt sé að aðskilja undirbúningsnámskeið frá þeirri hagsmunagæslu sem löggild ættleiðingarfélag hafa með höndum og færa ábyrgð á námskeiðahaldi yfir til ráðuneytisins sem getur falið öðrum að sjá um skipulagningu og framkvæmd námskeiða svo sem skólar, stofnanir, fyrirtæki og einstaklingar sem uppfylla skilyrði um námskeiðahald. Samskonar þróun hefur átt sér stað í nágrannalöndunum, til dæmis Svíþjóð þar sem ábyrgð á

námskeiðahaldi var fært frá löggiltum ættleiðingarfélögum til miðstjórnarvaldsins fyrir nokkru.

Fræðsla á vegum Íslenskrar ættleiðingar hefur verið í þróun síðastliðin 10-15 ár og eins og fram kemur í skýrslunni sem getið er hér að framan, þá hefur þar verið unnið mikilvægt brautryðjendastarf. Það er þó komið að því að framhald verði á þróun uppbyggingar fræðslu fyrir kjörforeldra á Íslandi og að umfang fræðslunnar verði aukið. Inntak og skipulag fræðslunnar verði stýrt af fagmennsku sem byggir á þekkingu um námsaðferðir, kennslufræði fullorðinna ásamt þekkingu á skipulagi og námskráargerð í fræðslustarfi, auk þekkingu á sviði ættleiðinga og reynslu af því að ættleiða barn af erlendum uppruna. Inntak þeirrar fræðslu sem nú er í notkun þarf að þróa áfram og meðal annars leggja áherslu á aukna þekkingu og skilning um sérstöðu og sérþarfir kjörfjölskyldna, kjörforeldra og kjörbarna og um uppeldi ættleiddra barna. Leggja þarf aukna áherslu á að fræða um þá lífsreynslu sem kjörbarnið kemur með inn í fjölskylduna, hvernig reynslan getur haft áhrif á þroska þess og hvernig birtingarmynd þessara áhrifa getur verið í hegðun og líðan barnsins í uppvextinum. Leggja þarf aukna áherslu á að foreldrar öðlist þekkingu og skilning á mikilvægi tengslamyndunar og skilji hvernig tengslageta barnsins sem og foreldranna sjálfra getur verið skert sökum fyrri lífsreynslu. Fræðslan þarf auk þessa að innihalda hagnýtar uppeldisaðferðir sem sýnt hafa að henti vel í uppeldi og umönnun ættleiddra barna og benda á leiðir sem foreldrar geta farið til að styrkja bæði sig og barnið sitt til góðs fyrir fjölskylduheildina alla.

6.4 Uppeldi og umönnun ættleiddra barna

Uppeldi og umönnun ættleidds barns er vandasamt verkefni og það er list að vera gott kjörforeldri. Öll ættleidd börn þurfa stuðning við að jafna sig á erfiðri byrjun í lífinu og til að vel takist til þarf að koma til góð og skilningsrík umönnun, mikil ástúð, styrk og góð innsýn og þekking um ættleiðingar. Þannig umhverfi eykur möguleika barnanna til að þroskast og dafna eins vel og mögulegt er og ná sér eftir erfiða lífsreynslu. Það er gagnlegt að kjörforeldrar geri sér grein fyrir því að hefðbundnar uppeldisaðferðir eiga ekki við fyrir ættleidd börn þar sem uppeldi og umönnun ættleiddra barna er sérhæft uppeldisstarf vegna þeirrar lífsreynslu og minninga sem börnin geta borið innra með sér. Með því að leggja aukna áherslu á eflingu foreldrafærnis kjörforeldra með sérsniðinni uppeldisfræðslu, þjálfun og foreldraráðgjöf má hafa áhrif á geðheilsu og þroska ættleiddra barna sem hafa sérstakar þarfir umfram þarfir annarra barna. Á Íslandi hafa verið þróuð fjölbreytt úrræði til stuðnings kynforeldrum í uppeldishlutverkinu

bæði á vegum einkaaðila, sveitarfélaga og ríkis en ekkert þeirra er sérsniðið að þörfum kjörfjölskyldna. Sumir kjörforeldrar hafa takmarkaða persónulega reynslu af uppeldi barna og fáar eða engar kjörforeldrafyrirmyndir í nánasta umhverfi. Mikilvægt er að veita þeim kjörforeldrum sem það þurfa leiðsögn í uppeldinu þar sem áskoranir geta verið margar. Foreldrarnir þurfa að hafa skilning á því hvaða áhrif viðvarandi streita og áföll hafa á hegðun barns og þeir þurfa að leiða hugann að því hvernig þeir túlka hegðun barnsins og hvernig þeir bregðast við henni. Foreldrar þurfa að hafa aðgang að og þekkingu á aðferðum í umönnun og uppeldi kjörbarna sem skapa fjölskylduumhverfi sem styður við barnið og sem einkennist af öryggi, reglu, ástúð og jákvæðni. Fræðimenn hafa bent á mikilvægi þess að kjörforeldrar beiti sérstökum styðjandi uppeldisaðferðum sem leggja meðal annars áherslu á að skapa öryggi, efla tengsl og að byggja upp sterka sjálfsmynd og svo að vel takist til þurfi kjörforeldrar að búa yfir meiri þekkingu og foreldrafærni en gengur og gerist meðal kynforeldra og öðlast færni til að sinna sérhæfðu uppeldisstarfi (Berger, 2011; Cogen, 2008; Dalen, 1999; Federici, (e.d.); Gray, 2002; Gray, 2007; Johnson, 2005; Johnson, 2010; Purvis o.fl., 2007; Purvis og Cross, 2010; Shooler og Atwood, 2008; Ziegler, 2002). Einhverjir foreldranna í rannsókninni höfðu reynt að aðlaga uppeldisaðferðir sínar að þörfum barna sinna en án nægjanlegs árangurs. Einhverjir reyndu að vera vakandi fyrir tækifærum til að læra meira, aðgreina þær upplýsingar sem áttu við og prófa sig svo áfram til að hjálpa börnum sínum, en vanmáttartilfinning gagnvart krefjandi uppeldi leiddi jafnvel til vanlíðunar og efasemda um eigin foreldrahæfni. Sérhönnuð uppeldisnámskeið fyrir kjörforeldra geta haft jákvæð og styrkjandi áhrif á þá til góðs fyrir alla fjölskylduna.

6.5 Fagþekking um ættleiðingartengd málefni á Íslandi

Hér að framan kom fram að foreldrum í rannsókninni þótti mikilvægt að bæta umhverfið hvað varðar fræðslu fyrir verðandi kjörforeldra. Þeir töldu líka að auka ætti þekkingu þeirra sem þjónusta kjörfjölskyldur þar sem þeim þótti skorta á þekkingu og þar með skilningi á sérþörfum fjölskyldnanna hjá sumum fagaðilum innan heilbrigðis-, félags- og menntakerfisins sem þeir höfðu leitað til. Þó að viðmótið í ungbarnaverndinni hafi í sumum tilfellum verið gott, þá hafði það í öðrum tilfellum einkennst af óöryggi og skilningsleysi og foreldrunum þóttu börn þeirra ekki fá sömu þjónustu og önnur börn. Þetta eru sams konar niðurstöður og komu fram í rannsókninni „*Það væri gott að vera ekki alltaf sérfræðingurinn*“ þar sem kannað var hvort foreldrar ættleiddra barna af erlendum uppruna upplifðu að þeir

hefðu fengið viðeigandi þjónustu og ráðleggingar í ung- og smábarnavernd, en niðurstöðurnar sýndu að þekkingu skorti hjá heilbrigðisstarfsfólki á sérkennum ættleiddra barna og að foreldrum þóttu þeir mæta óöryggi og skilningsleysi þó almenn ánægja væri með viðmót (Ásgerður Magnúsdóttir og Þuríður Katrín Vilmundardóttir, 2008).

Foreldrum í þessari rannsókn fannst að sumt fagfólk tæki ekki alltaf tillit til fortíðar barnsins og nefndu til dæmis að það væri gott ef heilbrigðisstarfsfólk væri upplýst um að ættleidd börn gætu verið í viðkvæmu tengslamyndunarferli til dæmis þegar barnið þurfti að fara í aðgerð á sjúkrahúsi, eða hvernig sum börn gætu lent í vandræðum með tiltekin verkefni í skóla, til dæmis við gerð ættatrés og verkefna um það hvernig við verðum til. Mikilvægt væri að kennarar geti aðlagð verkefni að veruleika ættleidds barns. Foreldrar tóku fram að fagfólkinu vantaði yfirleitt ekki viljann til að hjálpa ef þeim væri bent á þetta, en að því vantaði þekkinguna til að geta hjálpað á viðeigandi hátt. Foreldrar sem höfðu jákvæða reynslu af samskiptum við fagfólk, í til dæmis heilsugæslu og leikskóla, töldu ástæðurnar fyrir því hversu vel þeim hefði verið mætt af hálfu fagaðilanna væru annars vegar að í hverfinu hafi verið til fyrri reynsla af þjónustu við kjörfjölskyldur sem þau nutu góðs af og hins vegar persónulegur áhugi viðkomandi. Sumir foreldranna sögðust vera orðnir þreyttir á því að vera alltaf sérfræðingarnir og að sífellt þurfa að upplýsa fagfólkið í stað þess að njóta stuðnings frá því.

Þegar athugað var hvaða fræðsla um ættleiðingartengd efni væri hluti af grunnmenntun fagstétta hér á landi, þá virtist hún vera nokkuð takmörkuð. Í einhverjum námskeiðum á Menntavísindasviði Háskóla Íslands er fjallað lítillega um efnið. Í sálfræði er almennt fjallað um tengslamyndun út frá hefðbundnum kenningum sálfræðinnar og sömuleiðis er boðið upp á valnámskeið sem kemur aðeins inn á kjörfjölskyldur út frá félagslegu sjónarmiði. Í félagsráðgjöf við Háskóla Íslands er takmörkuð kennsla um þessi mál þar sem aðallega er litið til lagalegra atriða við ættleiðingu og erfðarétt. Árið 2007 var möguleiki á að velja sérsvið innan heilsugæsluhjúkrunar sem fjallaði um ættleiðingar, en það er ekki lengur í boði. Kennarar eru áhugasamir um sérstöðu kjörfjölskyldunnar og vilja bæta fræðsluefni um hópinn inn í kennslu, og er það jákvætt. Áhugi er einnig fyrir því að fá fræðslu inn í leikskóla og fleiri staði þar sem fagfólk mætir meðlimum kjörfjölskyldna, svo sem Barnaspítalann, BUGL, Æfingastöðina, Sjónarhól, Greiningastöð Ríkisins og Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins.

Þar sem fræðsla um ættleiðingar og sérstöðu kjörfjölskyldna er takmörkuð í grunnmenntun og símenntun fagstétta á Íslandi er tímabært að

hefja skipulagða uppbyggingu fræðslu til fagaðila til að auka sérþekkingu hjá þeim sem starfa við ættleiðingar og hjá þeim fagaðilum sem þjónusta meðlimi kjörfjölskyldna hjá heilbrigðis-, uppeldis- og menntastofnunum. Það má gera á skipulagðan hátt, líkt og gert var í Finnlandi í kjölfar Vahke- verkefnisins og síðar einnig í Danmörku og Svíþjóð. Sérniðin fræðsla til allra, foreldra og ýmissa faghópa sem mæta kjörbörnum og kjörforeldrum er einn liður í þjónustu sem mikil þörf er á hér á landi. Góð þekking fagaðila er forsendan fyrir því að hægt sé að veita kjörfjölskyldum þá þjónustu sem þær hafa þörf fyrir.

6.6 Stuðningur og ráðgjöf í ættleiðingarferlinu

Augljóst var að kjörforeldrarnir í þessari rannsókn elska börnin sín ótakmarkað og lýstu þeir í viðtölunum fjölskyldulífinu sem ákaflega gefandi, en þar kom jafnframt fram önnur hlið fjölskyldulífsins. Hlið sem um margt setti mikið aukaálag á fjölskylduna og sem laut að erfiðri aðlögun bæði foreldra að nýju hlutverki og barnsins eftir ættleiðingu sem og úrræðaleysi samfélagsins varðandi stuðning við fjölskyldurnar. Eins og fram hefur komið er nú orðið almennt viðurkennt í nágrannalöndum okkar að kjörfjölskyldur hafi þörf fyrir stuðningi, óformlegum og formlegum, hvort sem álag á þær er mikið eða lítið. Ættleiðing er lífslangt ferli og í þessum löndum er áhersla lögð á mikilvægi stuðnings við fjölskylduna í ættleiðingarferlinu sjálfu, í uppvextinum og fram á fullorðinsár hins ættleidda. Í aðdraganda ættleiðingar er mikilvægt að væntanlegir kjörforeldrar hafi aðgang að viðeigandi sértækri undirbúningsfræðslu og jafnframt stuðningi og ráðgjöf fagaðila. Eftir ættleiðingu þurfa aðgengileg samfélagsleg þjónustuúrræði að vera fyrir hendi fyrir þær fjölskyldur sem þau þurfa. Þörf fyrir þjónustu er eðlilegur þáttur í lífi og þroska kjörfjölskyldu og þarf ekki að gefa til kynna vanvirkni innan fjölskyldueiningarinnar. Öryggisnet styðjandi úrræða eftir ættleiðingu verndar og viðheldur kjörfjölskyldueiningunni (Child Welfare Information Gateway, 2006). Kjörfjölskyldur geta haft öðruvísi áhyggjur og stuðningsþarfir en kynfjölskyldur og hefur stuðningur jákvæð áhrif á vellíðan kjörfjölskyldna. Margir kjörforeldrar telja að stuðningur eftir ættleiðingu sé þeim og börnum þeirra mjög verðmætur. Stuðningsþörf kjörfjölskyldna er mismikil en í Bandaríkjunum hefur þó komið í ljós að kjörfjölskyldur leita eftir þjónustu fagstétta þrefalt meira en kynfjölskyldur. Í Danmörku sýndu niðurstöður tilraunaverkefnisins *Post Adopiton Services (PAS) ráðgiving* fram á jákvæð áhrif PAS-ráðgjafar fyrir kjörforeldra sem lýstu sér meðal annars í auknu öryggi í foreldrahlutverkinu, aukna foreldrafærni og auknum skilningi á hegðun og viðbrögðum barnsins. Í

heildina leiddu niðurstöður tilraunaverkefnisins í ljós að PAS-ráðgjöf stuðlar að miklu leyti að jákvæðri þróun innan kjörfjölskyldna sem gagnast ættleiddum einstaklingum til langframa um ævina og styrkir bæði fjölskyldur og foreldra (Atkinson og Gonet, 2007; Familiestyrelsen, 2010; Familiestyrelsen, 2012; McKay o.fl., 2010; Smith, 2010). Bent hefur verið á að líkamleg og andleg heilsa kjörforeldra geti haft neikvæð áhrif á andlega líðan kjörbarna og að markviss undirbúnings- og stuðningsúrræði fyrir kjörforeldrana geti stuðlað að velferð og vellíðan kjörfjölskylduheildarinnar. Aðgengi að viðeigandi stuðningsþjónustu frá fagaðilum með sérþekkingu á sérstökum þörfum kjörfjölskyldna er lykilatriði og að gripið sé inn með snemmtækri íhlutun til þess að komast hjá enn meiri erfiðleikum síðar meir (Atkinson og Gonet, 2007; Johnson, 2005; Johnson, 2010; Purvis o.fl., 2007; Purvis o.fl., 2009; Purvis og Cross 2010). Í megindegri rannsókn *Börn ættleidd frá Kína* skoðaði Jórunn Elíadóttir ýmsa þætti varðandi ættleidd börn frá Kína og fjölskyldur þeirra og þar kom meðal annars fram að íslenskir kjörforeldrar sem hafa ættleitt frá Kína leiti lítið eftir ráðgjöf og/eða aðstoð þegar þeir hafa áhyggjur af til dæmis tengslamyndun, félagslegum þáttum, áfallastreitu, svefni og fleira. Rannsóknin sýndi jafnframt að margir þátttakendanna hefðu nýtt sér ráðgjöf fyrst eftir ættleiðinguna, hefði hún verið til staðar (Jórunn Elíadóttir, 2009). Þær niðurstöður samræmast reynslu kjörforeldrana í rannsókninni sem hér er lýst en foreldrarnir höfðu töluverðar áhyggjur af líðan og heilsu barna sinna. Þeir reyndu að leita sér stuðnings en höfðu ekki aðgang að viðeigandi ráðgjöf og stuðningi. Óformlegur stuðningur frá nærumhverfi fjölskyldnanna gat verið af skörum skammti sem og formlegur stuðningur, þ.e. aðgangur að stofnunum samfélagsins sem eiga að styðja við allar fjölskyldur landsins, svo sem heilbrigðisstofnanir, eftirfylgd í heilsugæslu, mennta- og uppeldisstofnanir (leik- og grunnskólar), sértækri undirbúningsfræðslu fyrir kjörforeldra, sértækri fræðslu um uppeldi kjörbarna og kjörforeldrastuðningi og ráðgjöf.

Óformlegur stuðningur úr nærumhverfinu, frá fjölskyldu og vinum, var mismikill hjá fjölskyldunum í rannsókninni. Aðdragandi ættleiðingarinnar eða ósýnilega meðgangun var mörgum foreldrana erfiður og kvíðafullur en biðin eftir barninu einkenndist af vonbrigðum, miklum tilfinningasveiflum milli vonar og uppgjafar, óvissu, óöryggis, hræðslu og valdalseysi. Foreldrar sögðu frá því að sá stuðningur sem tengdur er hefðbundinni sýnilegri meðgöngu og sem alla jafna hefur í för með sér jákvæða, uppbyggjandi og styðjandi athygli til handa væntanlegum foreldrum var stundum af skörum skammti. Í nokkrum tilfellum upplifðu foreldrar skilningsleysi frá fjölskyldu og vinum á sérstökum aðstæðum fjölskyldunnar eftir ættleiðinguna og

stundum fannst þeim foreldrahæfni þeirra vera dregin í efa. Þeir kjörforeldrar sem höfðu farið í gegnum sitt fyrsta ættleiðingarferli þurftu sérstaklega á miklum stuðningi að halda þar sem þeir voru sérlega viðkvæmir og óöruggir. Foreldrarnir áttu yfirleitt engar kjörforeldrafyrirmyndir í nánasta umhverfi. Þeir leituðu stuðnings hjá öðrum kjörforeldrum ef þeir höfðu þannig tengsl, en það má benda á að ekki voru allir foreldrar í sterku tengslaneti hvað þetta varðaði og einhverjir höfðu aðgang en kærðu sig ekki um að nýta sér það vegna smæðar samfélagsins og of nánna tengsla milli fjölskyldna og fordóma innan þess kjörforeldra á milli.

Formlegur stuðningur frá þjónustukerfinu var í formi heilbrigðisskoðunar á Barnaspítala Hringins eftir heimkomu. Í mörgum tilfellum var um eina heimsókn þangað að ræða og var viðmótið sem fjölskyldurnar höfðu fengið þar í flestum tilvikum gott. Ef ekkert alvarlegt kom í ljós við heilbrigðisskoðun barnsins var fjölskyldunum vísað áfram inn í ung- og smábarnavernd heilsugæslunnar í eftirlit og bólusetningar. Allir foreldrarnir nefndu að þeir hefðu haft þörf fyrir mun meiri stuðningi eftir heimkomu í formi markvissrar eftirfylgdar til dæmis í ungbarnavernd heilsugæslunnar. Þeir töluðu gjarnan um muninn á eftirfylgd eftir fæðingu barns og eftirfylgd eftir ættleiðingu, en engin samsvarandi markviss og sérhæfð eftirfylgd er til staðar fyrir kjörforeldra af hálfu ungbarnaverndar heilsugæslunnar. Foreldrarnir voru allir sammála um nauðsyn þess að yfirvöld komi á skipulagðri eftirfylgd eftir ættleiðingu til að rjúfa einangrun kjörfjölskyldna eftir heimkomu. Eftir því sem tíminn leið eftir heimkomu leituðu foreldrar eftir þjónustu heilsugæslustöðvar sinnar af ýmsum ástæðum og hafði viðmótið verið misjafnt eftir því hvar foreldrarnir bjuggu, sums staðar hafði það verið ágætt og starfsfólkið meðvitað um sérþarfir barnsins en annars staðar mættu foreldrarnir skilningsleysi. Í þeim tilfellum sem kjörforeldrar höfðu þurft á frekari stuðningi fagaðila að halda í tengslum við börnin eða sig, kom stuðningur og skilningur stundum seint og illa. Sumir upplifðu virðingarleysi frá fagaðilum gagnvart þeim sem foreldrum þar sem þeim fannst ekki tekið mark á þeirra eigin þekkingu og reynslu og að gert væri lítið úr áhyggjum þeirra þegar kæmi að börnunum. Það er mikilvægt að tekið sé tillit til þess að þessir foreldrar, eins og aðrir foreldrar, þekkja barnið sitt, og sérstakar þarfir þess best, og að mark sé tekið á því sem þeir hafa fram að færa.

Í sumum eftirfylgniviðtölum kom fram hjá foreldrum að þörfin fyrir ráðgjöf og stuðningi væri ennþá til staðar eftir því sem börnin yxu úr grasi og í sumum fjölskyldum höfðu foreldrar leitað eftir bæði almennri og sérhæfðri þjónustu fyrir börnin sín víða í þjónustukerfinu. Listinn yfir

stofnanir og sérfræðinga sem þeir foreldrar sem tóku þátt í þessari rannsókn höfðu leitað til var langur. Foreldrum fannst sérfræðingar með sérþekkingu um kjörfjölskyldur og meðlimi þeirra lítt sýnilegir og vantrú á að finna aðstoð meðal fagaðila var nokkur þar sem þeim fannst engin sérstök úrræði sýnileg fyrir kjörfjölskyldur í vanda.

Á meðan á rannsókninni stóð kom í ljós að einhver sérfræðipekking um kjörfjölskyldur er til á Íslandi en hún virðist brotakennd, því starfandi fagaðilar með innsýn í ættleiðingu finnast hér og þar í samfélaginu en eru dreifðir og lítt sýnilegir. Sumir þeirra hafa einnig horfið af landi brott síðustu misserin. Um miðjan síðasta áratug var nokkuð um ættleiðingartengda fræðslu til fagfólks og má þar nefna ýmsa fræðslufyrirlestra erlendra sérfræðinga sem komu til Íslands, til dæmis Dana E. Johnson, Dave Ziegler, Karyn Purvis, Lene Kamm, Nadya Molina, Ronald Federici og Victor Groza. Á Barna- og unglingsgeðdeild Landspítala-Háskólasjúkrahúss hefur myndast vísir að sérhæfingu hjá einstaka sérfræðingi. Á Íslandi hefur einn geðhjúkrunarfræðingur sinnt kjörfjölskyldum og veitt fjölskylduhjúkrun inni á heimilum þeirra. Spurningin er hvernig aðgengi kjörforeldrar hafa að þessum sérfræðingum og hversu sýnilegir þeir séu. Ein móðir sagðist vita til þess að PAS-nefnd hjá Íslenskri ættleiðingu hafi sett saman lista með nöfnum sérfræðinga sem hafa þekkingu á sérþörfum ættleiddra barna en að listinn væri ekki nógu sýnilegur félagsmönnum.

Sambandið við Íslenska ættleiðingu virðist í sumum tilfellum rofna eftir ættleiðingu og spurningunni um það hvort foreldrunum finnst að Íslensk ættleiðing eigi að bera ábyrgð á því að styðja við fjölskyldur eftir heimkomu svöruðu sumir foreldrar neitandi. Algeng hugmynd hjá foreldrum í rannsókninni var að til þyrfti að vera óháður aðili sem megi leita til eftir sértækri faglegri ráðgjöf, aðili sem hafi svipað hlutverk og til dæmis ráðgjafastöðin Sjónarhóll sem hefur sérhæfingu í ráðgjöf og leiðbeiningu fjölskyldna. Ein móðir sá fyrir sér að á Sjónarhóli gæti starfað kjörforeldraráðgjafi í líkingu við fjölskylduráðgjafann fyrir fötluð börn. Tengsl Sjónarhóls við Æfingastöðina gætu einnig nýst kjörforeldrum. Þarna væri hægt að kortleggja og greina og svo yrði fjölskyldum vísað áfram og hjálpað að fara í réttar áttir. Foreldrar segja frá þörf fyrir sérhæfðri uppeldisráðgjöf og leiðsögn og bendir einn faðir á mikilvægi foreldranámskeiða fyrir kjörforeldra líkt og boðið er upp á víða fyrir aðra foreldrahópa.

Reynsla foreldranna í rannsókninni sýnir óumdeilanlega fram á mikilvægi óformlegs og formlegs stuðnings fyrir íslenskar kjörfjölskyldur. Skortur á viðeigandi stuðningsúrræðum leiddi til vanlíðunar í fjölskyldum

rannsóknarinnar og hafði neikvæð áhrif á vellíðan fjölskylduheildarinnar. Samkvæmt lögum og reglugerðum og leiðbeiningum alþjóðlegra samninga ber íslenskum yfirvöldum að tryggja styrkingu þjónustuúrræða fyrir kjörfjölskyldur. Aðgengi að viðeigandi úrræðum virkar sem forvörn sem getur komið í veg fyrir alvarlegri vandamál í framtíðinni og leitt til sparnaðar fyrir samfélagið í heild. Aðalmarkmiðið með þjónustu eftir ættleiðingu á að vera að styðja og styrkja kjörfjölskyldur til að tryggja hagsmuni og velferð kjörbarnsins og er það í anda Haag-samningsins. Hér á landi þarf að skilgreina og endurmeta eftirfylgd og stuðning eftir ættleiðingu og finna leiðir til að auka þjónustu við kjörfjölskyldur. Ítarleg og fagleg þarfagreining þarf að liggja til grundvallar þróun og útfærslu þjónustunnar. Í þarfagreiningunni þarf að skoða þætti eins og hverjir það eru sem munu njóta góðs af þjónustunni, hvernig má nota þjónustuna til að styðja við kjörfjölskyldur, hvers konar þjónustu þurfa kjörfjölskyldur á að halda, hvaða þjónusta er fyrir hendi núna, hvernig er þjónustan útfærð og hvar fer hún fram, hvernig er greitt fyrir þjónustu og af hverju á að framkvæma mat á þjónustunni. Grundvallaráherslan í veitingu þjónustunnar þarf að byggja á mikilvægi snemmtækrar íhlutunar þegar kemur að aðlögun og uppeldi ættleiddra barna. Fjölskyldurnar þurfa að komast í skoðun og skimun fljótlega eftir heimkomu, ekki einungis í heilbrigðisskoðun hjá Barnaspítala Hringisins til að meðhöndla bráðavandmál heldur þurfa þær að komast undir hendur fleiri aðila svo sem sálfræðinga, félagsráðgjafa og fjölskylduráðgjafa. Snemmtæk íhlutun er mikilvæg forvörn til að koma í veg fyrir meiri vanda síðar hjá kjörfjölskyldum.

Að ættleiða barn er ein leið af mörgum til að mynda fjölskyldu og það er mikilvægt að allar fjölskyldugerðir í samfélaginu njóti sömu réttinda. Samfélagið stendur undir kostnaði fyrir þá sem eignast börn á hefðbundinn hátt, meðal annars með mæðravernd á meðgöngu, þjónustu við fæðingu, námskeiðahaldi fyrir verðandi foreldra og ungbarnavernd eftir fæðingu. Sambærileg þjónusta ætti einnig að vera til fyrir kjörfjölskyldur. Umræðan um gæði og umfang stuðnings að ættleiðingu lokinni hefur farið ört vaxandi í Evrópu, á Norðurlöndum og vestan hafs á undanförunum árum og hefur sú umræða leitt til uppbyggingar víða í þágu kjörfjölskyldna. Hér á landi hefur hingað til ekki verið um neina skipulagða faglega þjónustu að ræða fyrir kjörfjölskyldur af hálfu opinberra aðila. Í skýrslunni *Ættleiðingar á Íslandi – í þágu hagsmuna barns-* (Hrefna Friðriksdóttir, 2011), koma fram tillögur að úrbótum til að mæta þörfum kjörfjölskyldna fyrir aukinni samfélagslegri þjónustu líkt og hafa verið lýstar í þessari ritgerð. Það er vonandi að þær verði að veruleika í nýjum ættleiðingarlögum sem væntanleg eru á Íslandi.

6.7 Tillögur að úrbótum

Aukin fræðsla um málefni kjörfjölskyldna og opnari umræða er forsenda breytinga. Það þarf að eiga sér stað vitundarvakning meðal þeirra sem starfa með kjörfjölskyldum og einnig meðal kjörforeldra um eðli þessara fjölskyldna og um það hversu vandasamt og ábyrgðarfullt starf verðandi kjörforeldrar taka að sér við það að ættleiða barn erlendis frá. Í kaflanum *Post-adoption services* í Gæðahandbók Haag-samningsins kemur fram að líta beri á þætti eins og undirbúningsfræðslu og þjónustu eftir ættleiðingu sem samfellu, ekki aðskilda þætti. Enn fremur er bent á að hægt sé að réttlæta nauðsynlega þjónustu og stuðning gegnum allt ættleiðingarferlið í ljósi þess að það má líta á kjörforeldra sem lykilaðila í barnavernd (HCCH, 2008). Lýsingar foreldranna í þessari rannsókn á þeim miklu áskorunum sem ættleiðing barns getur haft í för með sér benda til þess að þörf sé á aukinni viðurkenningu á því að að nýjir kjörforeldrar líkt og kjörbörnin sjálf þurfa að ganga í gegnum geysimikla og krefjandi aðlögun við að verða fjölskylda. Sérkenni kjörfjölskyldna kalla á skilning á þeim umframkröfum sem hvíla á kjörforeldrum og sem kalla jafnframt á sérhæfðar styðjandi uppeldisaðferðir sem leggja meðal annars áherslu á að skapa öryggi, efla tengsl og að byggja upp sterka sjálfsmynd barnsins. Sérstök uppeldisnámskeið gætu nýst þessum foreldrum og styrkt sjálfstraust og foreldrafærni. Markmiðið með úrbótum fyrir kjörfjölskyldur á Íslandi ætti fyrst og fremst að vera að styrkja kjörforeldra í krefjandi uppeldishlutverki og það fagfólk sem gegnum störf sín þjónustar kjörfjölskyldur. Með styrkingu stoðkerfisins í kringum kjörfjölskyldurnar er mögulegt að tryggja að hagsmunir barnanna séu ávallt hafðir í fyrirrúmi og að börnunum séu ávallt búnað þær aðstæður sem þau eiga rétt á og þurfa sérstaklega á að halda eftir erfiða byrjun í lífinu. Á Íslandi þarf að auka þekkingu um ættleiðingar bæði meðal foreldranna sjálfra sem og meðal fagaðila og móta jafnframt heildræn stuðningsúrræði fyrir þær kjörfjölskyldur sem það þurfa, til dæmis með því að koma á skipulagðri eftirfylgd í heilbrigðisþjónustu og félagsþjónustu fyrsta árið eftir heimkomu og áfram í uppvexti barnsins. Einnig þarf að gera þjónustu og þekkingu aðgengilega á miðlægum hlutlausum stað.

Í *Reglugerð um ættleiðingarfélag* nr. 453/2009 er kveðið á um að löggilt ættleiðingarfélag beri ábyrgð á því að væntanlegir kjörforeldrar sækja námskeið til undirbúnings ættleiðingar á erlendu barni og í 20. grein stendur að löggilt ættleiðingarfélag skuli halda námskeið um ættleiðingar erlendra barna fyrir þá sem óska eftir því að ættleiða barn frá öðru landi. Löggilt ættleiðingarfélag hefur einnig hlutverki að gegna eftir ættleiðingu,

en í reglugerðinni er kveðið á um að félagið beri ábyrgð á því að sinna ráðgjafarþjónustu um ættleiðingar og veiti auk þess félagsmönnum sínum þjónustu eftir að ættleiðing hefur átt sér stað. Ekki er tiltekið nánar um eðli og umfang þessarar þjónustu í reglugerðinni. Slíkt fyrirkomulag var algengt meðal hinna Norðurlandanna hér áður, en í dag eru það fagaðilar utan ættleiðingarfélaga sem sinna bæði fræðslu og stuðningsþjónustu til kjörfjölskyldna. Spurningin er hvernig best er að útfæra þjónustu sem styrkir og styður við bakið á íslenskum kjörfjölskyldum. Margs konar starfsemi Íslenskrar ættleiðingar hefur gegnum árin stutt vel við bakið á kjörfjölskyldum enda öflugt foreldrastarf verið einn aðalstyrkur félagsins. Margt gott hefur verið gert á liðnum árum en benda má þó á að það er ákveðnum takmörkunum háð hverju hægt sé að áorka hjá litlu félagi eins og Íslenskri ættleiðingu þar sem starfsemin byggir að mestu leyti á framlagi sjálfboðaliða úr röðum félagsmanna sem koma og fara. Einnig má segja að félag eins og Íslensk ættleiðing hafi ekki yfir nægilegum styrk að ráða til að tryggja varanleika starfs sem byggt hefur verið upp, meðal annars vegna endurnýjunar starfsfólks. Endurnýjun starfsfólks hefur í för með sér að mikilvæg þekking og reynsla glatist með því fólki sem hættir störfum fyrir félagið og ekki er hægt að tryggja að sambærileg þekking og reynsla komi í staðinn. Einnig hefur verið bent á að starfsemi Íslenskrar ættleiðingar miðast við að þjóna þeim félagsmönnum sem greiða félagsgjöld til félagsins. Þær kjörfjölskyldur sem kjósa af einhverjum ástæðum að standa utan félagsins hafa því ekki aðgang að þeim úrræðum sem þróuð eru innan þess né þeim fagaðilum sem eru ráðnir þangað til að veita félagsmönnum þjónustu. Fara fjölskyldur þannig á mis við ýmiss konar fræðslu og stuðning. Mikilvægt er að stjórnvöld finni leiðir til að tryggja stöðugleika og jafnt aðgengi allra kjörfjölskyldna landsins að fræðslu, stuðningi og ráðgjöf og tryggi fagleg vinnubrögð í hvívetna.

Hjá sumum foreldrum í rannsókninni kom fram að þeir töldu mikilvægt að hafa aðgang að hlutlausum fagaðilum utan ÍÆ með sérþekkingu um kjörfjölskyldur sem mögulegt væri að leita til. Til að koma til móts við þarfir af þessum toga mætti hugsa sér ýmsa möguleika, til dæmis að setja á laggirnar sérstakt teymi fagaðila með sérþekkingu í málum sem snúa að kjörfjölskyldum sem hefði eingöngu það hlutverk að taka á móti þessum börnum og fylgja þeim eftir markvisst fyrsta árið. Í slíku sérfræðingateymi ættu að vera barna- og unglíngageðlæknir, geðhjúkrunarfræðingur, taugasálfræðingur, sjúkraþjálfari, þroskaþjálfari, félagsráðgjafi, talmeinafræðingur og kjörforeldri. Nálgun þjónustunnar þyrfti að vera heildræn og fjölskyldumiðuð. Hjúkrunarfræðingur/ráðgjafi kæmi heim og foreldrar gætu haft aðgang að viðtölum við fagfólk teymisins. Annar möguleiki væri að stofnanir sem nú þegar sérhæfa sig í fjölskyldustuðningi og ráðgjöf, til dæmis Sjónarhóll, Miðstöð foreldra og barna eða aðrir þjónustuaðilar, yrðu virkjaðir í þágu kjörfjölskyldna. Að lokum má nefna

úrræði sem nágrannalönd okkar hafa nú þegar komið í framkvæmd en það er stofnun stuðningsmiðstöðvar eða þekkingarseturs fyrir kjörfjölskyldur og fagaðila þar sem hægt er að nálgast fræðslu, stuðning og ráðgjöf. Stuðningsmiðstöð á Íslandi eða þekkingarsetur gæti safnað saman þekkingu um ættleiðingar og miðlað henni, greint vanda fjölskyldna, veitt ráðgjöf og stuðning og beint þeim inn á réttar brautir í kerfinu. Hér á landi er nú þegar til staðar viss sérhæfing hjá nokkrum fagaðilum og þarf sérþekking þeirra að verða sýnilegri og aðgengið að þeim auðveldað, viljinn er fyrir hendi en farveginn og vettvanginn vantar. Miðstöðvar sem þessar í nágrannalöndum okkar hafa sannað gildi sitt fyrir samfélögin þar. Eftirfarandi mynd sýnir þau svið sem höfundur þessarar ritgerðar telur ákjósanlegt að efla í þágu íslenskra kjörfjölskyldna. Gerð myndarinnar er tilraun til að draga saman og fá yfirsýn yfir þá þætti sem höfundur telur að leggja beri áherslu á við styrkingu íslenskra kjörfjölskyldna og uppbyggingu þjónustu og stuðnings bæði í aðdraganda og eftir ættleiðingu.



Mynd 3 Úrræði til styrktar íslenskum kjörfjölskyldum.

© Snjólaug Elín Sigurðardóttir 2012

7 Lokaorð

Af framansögðu má sjá að þó að kjörfjölskyldur eigi ýmislegt sameiginlegt með öðrum fjölskyldum í samfélaginu, þá er reynsla þeirra um margt gjörólík reynslu annarra fjölskyldna. Margar kjörfjölskyldur eru sterkar fjölskyldur. Kjörforeldrar eru oft úrræðagóðir uppalandur en þeir geta jafnframt verið undir töluverðu álagi bæði fyrir og eftir ættleiðingu. Kjörbörn hafa upplifað margs konar erfiðleika fyrir ættleiðingu í upprunalandinu, en þau hafa þó í mörgum tilfellum getuna til að ná sér á strik fái þau notið viðeigandi stuðnings og skilnings eftir komu inn í nýja fjölskyldu. Forsendurnar fyrir því að vel takist til við myndun þessara fjölskyldna eru því góðar. Góður árangur byggir hins vegar á því að foreldrar hafi hlotið viðeigandi og raunhæfa fræðslu um sérstöðu ættleiddra barna og kjörforeldra frá viðurkenndum fræðsluaðilum, hafi aðgang að uppeldisnámskeiðum fyrir kjörforeldra, að kjörfjölskyldur hafi gott stuðnings- og félagslegt net í kringum sig, að kjörfjölskyldur hafi greiðan aðgang að faglegri ráðgjöf og stuðningi í ættleiðingarferlinu, eftirfylgd og stuðningi að ættleiðingu lokinni og að fagaðilar sem þjónusta kjörfjölskyldur hafi sérþekkingu um ættleiðingar og helst einnig persónulega reynslu af ættleiðingu. Sérstaða fjölskyldnanna kallar á skilning og stuðning allra þeirra sem mæta þeim í samfélaginu svo aðlögun eftir ættleiðingu gangi sem best og foreldrum takist vel upp í sérhæfðu uppeldishlutverki við að búa barninu þau nærandi skilyrði sem það þarfnast og hefur rétt á að njóta líkt og önnur íslensk börn.

Þessari rannsókn er ætlað að vera framlag til aukinnar þekkingar og skilnings á veruleika íslenskra kjörfjölskyldna og er það von mín að hún geti opnað augu samfélagsins fyrir þessum samfélagshópi. Hagnýtt gildi rannsóknarinnar felst í því að varpa ljósi á þætti sem skipta máli varðandi undirbúning væntanlegra kjörforeldra, fræðslu og stuðning gegnum ættleiðingarferlið og að benda á það sem betur má gera í skipulagi og framkvæmd þjónustu við kjörfjölskyldur á Íslandi þannig að þær geti notið sömu réttinda á borð við aðrar fjölskyldur landsins. Þessi rannsókn er mikilvæg vegna þess að hún gerir reynslu kjörfjölskyldna sýnilegri en áður og hún er mikilvægt innlegg í umræðuna, þar sem röddum foreldra er komið til skila. Með hliðsjón af niðurstöðum hennar og á grundvelli annarra rannsókna er einnig ljóst að þörf er á enn frekari rannsóknum á högum

íslenskra kjörfjölskyldna. Fjöldmörg dæmi mætti nefna um spurningar og hugmyndir um frekari rannsóknaverkefni sem hafa vaknað við úrvinnslu þessarar rannsóknar, til dæmis nánari vitneskja um reynslu og eigin viðhorf barnanna sjálfra og á það einnig við um reynslu nú uppkominn einstaklinga af því að alast upp og búa á Íslandi síðustu áratugina.

Heimildaskrá

- American Psychiatric Association. (2012). *Diagnostic and Statistical Manual of Mental Disorders (DSM-5)*. G 00 Reactive Attachment Disorder. Proposed DSM-V Criteria for Reactive Attachment Disorder of Infancy or Early Childhood. Proposed Revision for 2013. Sótt 13. ágúst 2011 af <http://www.dsm5.org/ProposedRevision/Pages/proposedrevision.aspx?rid=120>
- Atkinson, A. og Gonet, P. (2007). Strengthening adoption practice, listening to adoptive families. *Child Welfare*, 86(2), 87-104.
- Ásgerður Magnúsdóttir og Þuríður Katrín Vilmundardóttir. (2008). „Það væri gott að vera ekki alltaf sérfræðingurinn“. *Eigindleg rannsókn á þjónustu við ættleidd börn af erlendum uppruna í ung- og smábarnavernd. Upplifun foreldra*. Óbirt B.Sc.-ritgerð: Háskólinn á Akureyri, Heilbrigðisdeild.
- Barnhälsovårdsenheterna i Skåne/Halland. (2007). *HANDBOK FÖR BVC SJUKSKÖTERSKA vid mottagande av ADOPTIVBARN*. Hallands läns landsting og Region Skåne.
- Berger, J. (2011). *A Guide to Therapeutic Parenting*. Iowa City: Creating Connections Counseling.
- Björg Sigríður Hermannsdóttir og Linda Björk Oddsdóttir. (2006). *Hvernig farnast ættleiddum börnum erlendis frá á Íslandi?*. Óbirt BA-ritgerð: Háskóli Íslands, Félagsvísindadeild.
- Bogdan, R. C. og Biklen, S. K. (1998). *Qualitative Research for Education. An Introduction to Theory and Methods* (3. útgáfa). Needham Heights: Allyn and Bacon.
- Bowlby, J. (1982). *Attachment and Loss. Vol. 1: Attachment* (2. útgáfa). New York: Basic Books.
- Brodzinsky, D. (2008, febrúar). *Evan B. Donaldson Adoption Institute: Adoptive Parent Preparation Project Phase 1: Meeting the Mental Health and Developmental Needs of Adopted Children. Policy & Practice Perspective*. Sótt 5. maí 2009 af http://adoptioninstitute.org/publications/2008_02_Parent_Preparation.pdf

- Brodzinsky, D. M. og Huffman, L. (1988). Transition to adoptive parenthood [rafræn útgáfa]. Í R. J. Palkovitz og M. B. Sussman (ritstjórar), *Transitions to parenthood*. New York: The Haworth Press. Sótt 16. maí 2011 af http://books.google.com/books?hl=is&lr=&id=IDbInUZEVuwC&oi=fnd&pg=PA267&dq=related:XnSYVyC-Y1MJ:scholar.google.com/&ots=nWmAHs2oi7&sig=no95ICzS3AoMUbxlRKSDRYqrH_s#v=onepage&q&f=false
- Child Welfare Information Gateway. (2006). *The Basics of Adoption Practice*. Í ritröðinni *Bulletins for Professionals*. Washington: U.S. Department of Health and Human Services. Sótt 26. ágúst 2011 af http://www.childwelfare.gov/pubs/f_basicsbulletin/index.cfm
- Claesson, M., Hofverberg, C., Hübinette, A., Hübinette, T. og Jarnlo, M. (2002, 11. apríl). Var tionde gör sjálmordsförsök. *Dagens Nyheter Debatt*. Sótt 22. maí 2006 af www.tobiashubINETTE.se/psykisk_halsa_3.pdf
- Cogen, P. (2008). *Parenting Your Internationally Adopted Child. From Your First Hours Together Through the Teen Years*. Boston: The Harvard Common Press.
- Creswell, J. W. (2003). *Research design: Qualitative, quantitative, and mixed methods approaches*. Thousand Oaks: Sage Publications, Inc.
- Dagbjörg Sigurðardóttir og Málfríður Lorange. (2006). *Langvinnir erfiðleikar ættleiddra barna*. Fyrirlestur fluttur á Læknadögum 20. janúar 2006. Reykjavík.
- Dalen, M. (1999). *The status of knowledge of foreign adoptions. A summary of the results of key foreign-adoption research projects based in Scandinavia*. Osló: University of Oslo.
- Dóms- og kirkjumálaráðuneytið. (2007, október). *Ættleiðingar milli landa. Vefrit dóms- og kirkjumálaráðuneytisins*. Sótt 2. júní 2011 af www.innanrikisraduneyti.is/vefrit/nr/6318
- Elsa Sigríður Jónsdóttir og Hanna Ragnarsdóttir. (2010a). „Þungamiðjan færðist til“. Reynsla 20 íslenskra fjölskyldna af því að ættleiða börn frá útlöndum. Í Hanna Ragnarsdóttir og Elsa Sigríður Jónsdóttir (ritstjórar), *Fjölmening og skólastarf* (bls. 339-371). Reykjavík: Rannsóknarstofa í fjölmeningarfræðum og Háskólaútgáfan.
- Elsa Sigríður Jónsdóttir og Hanna Ragnarsdóttir. (2010b). *Ættleiðing erlendra barna á Íslandi. Aðlögun og samskipti í fjölskyldum og leikskólum*. Í Gunnar Þór Jóhannesson og Helga Björnsdóttir (ritstjórar), *Þjóðarspekillinn 2010. Rannsóknir í félagsvísindum XI*. Reykjavík:

- Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands. Sótt 18. september 2011 af <http://hdl.handle.net/1946/6763>
- Familiestyrelsen. (2010). Evaluering af forsogsprojekt med tidlig rådgivning efter adoptionen. (POST ADOPTION SERVICE) Familiestyrelsen, Slutevaluering. Oktober 2010. Sótt 5. desember 2010 af http://www.familiestyrelsen.dk/uploads/media/Evalueringsrapport_PAS_01.pdf
- Familiestyrelsen. (2012). *Rådgivning efter adoption*. Sótt 13. maí 2012 af <http://www.familiestyrelsen.dk/boern/adoption/raadgivningefteradoption/>
- Federici, R. S. (e.d.). *Raising the Post-Institutionalized Child. Risks, Challenges and Innovative Treatment*. Sótt 26. apríl 2006 af http://www.drfederici.com/raising_child.htm
- Foli, K. J. (2010). Depression in adoptive parents: A model of understanding through grounded theory [rafræn útgáfa]. *Western Journal of Nursing Research*, 32(3), 379-400.
- FSKC. (11/2009). *Rekommendationer om tryg gandet av adoptionskompetens och stödet till adoptivfamiljer*. Helsingfors: Höfundur.
- FSKC Rapporter. (8/2009). *Slutrapport för projektet Riksomfattande utveckling och spridning av god praktik inom området för adoption (Vahke)*. Helsingfors: Höfundur.
- Gray, D. D. (2002). *Attaching in Adoption. Practical Tools for Today's Parents*. Indianapolis: Perspectives Press, Inc.
- Gray, D. D. (2007). *Nurturing Adoptions: Creating Resilience After Neglect and Trauma*. Indianapolis: Perspectives Press, Inc.
- Groza, V. (2004, október). *A Study of Indian Adoptions in India and Norway*. Fyrirlestur fluttur á ráðstefnu Nordic Adoption Council NAC 24. október 2004. Reykjavík.
- Haag-samningur um vernd barna og samvinnu varðandi ættleiðingu milli landa*. (1993). Sótt 22. maí 2006 af <http://althingi.is/altext/123/s/0939.html>
- Hagstofa Íslands. (2008, 2). *Ættleiðingar 1990-2007. Hagtíðindi, mannfjöldi*. Reykjavík: Höfundur.
- Hagstofa Íslands. (2012). *Frumættleiðingar frá útlöndum 1990- 2011*. Sótt 11. september 2012 af <http://hagstofan.is/Hagtolur/Mannfjoldi/Fjolskyldan>

- Hamilton, L., Cheng, S. og Powell, B. (2007). Adoptive parents, adoptive Parents: Evaluating the importance of biological ties for parental investment. *American Sociological Review*, 72 (febrúar), 95-116.
